








DISTICA
– markviss dreifing –
Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. mars 2007 — 82. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Afmælistónleikar í Langholtskirkju



Garðar Cortes stýrir Óperukór Reykjavíkur í flutningi á Carmina Burana.

MENNING 50

### Á rökstólum

Vilborg Dagbjartsdóttir og Gerður Kristný Guðjónsdóttir taka samtímann í gegn.

HELGAREFNI 32



### Óskabörn Íslands

Fréttablaðið þreifaði á þjóðarpúlsinum og komst að því hverjir eru eftirlætis Íslendingar Íslendinga.

HELGAREFNI 38

### Skoðar aðra möguleika



Landsliðsmaðurinn Bjarni Fritzson er spenntur fyrir því að prófa að spila í nýju landi eftir tveggja ára veru í Frakklandi þar sem hann hefur slegið í gegn.

ÍÞRÓTTIR 60

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTUTÍÐ -** Í dag verður allhvöss og sumstaðar hvöss suðaustan átt á landinu vestanverðu annars yfirleitt strekkingur. Rigning sunnan og vestan til en þurrt að kalla á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 4-10 stig hlýjast norðan til síðdegis.

VEDUR 4



**SUNDLAUGARGESTIR Í SJÖTUGSAFMÆLI** Í gær voru liðin sjötíu ár frá því að Sundhöll Reykjavíkur var opnuð fyrir almenningi. Bygging Guðjóns Samúelssonar hefur hýst ófáar kynslóðir skólabarna í sundkennslu á þeim árum, og þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við í Sundhöllinni í gær voru þessar stúlkur úr fyrsta bekk í Háteigsskóla einmitt að taka sín fyrstu sundtök. Um 140.000 gestir sóttu Sundhöllina heim á síðasta ári. **Sjá síðu 28.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 85 þúsund í stjórnmálaflokkum

**Tæplega fjörutíu prósent kjósenda eru skráð í stjórnmálaflokka samkvæmt upplýsingum úr skrám þeirra. Karlar eru í meirihluta í öllum flokkum. Hæstu hlutföll í öðrum ríkjum er um tuttugu prósent.**

**STJÓRNMÁL** Áttatíu og fimm þúsund manns eru skráðir í stjórnmálaflokka samkvæmt upplýsingum úr flokksskrám stjórnmálaflokkanna. Ítarlegar upplýsingar úr flokksskrám stjórnmálaflokkanna eru opinberaðar í fyrsta skipti í fjölmiðli, í Fréttablaðinu í dag.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir tölurnar gefa til kynna að fleiri séu skráðir í stjórnmálaflokka hér á landi en víðast hvar annars staðar. „Samkvæmt þeim tölum sem flokkarnir gefa upp eru um fjörutíu prósent kjósenda skráð í stjórnmálaflokka. Hæstu hlutföll af þessu tagi í öðrum lýðræðisríkjum eru um tuttugu prósent en í flestum ríkjum eru þau langt innan við tíu prósent.“

Tveir af hverjum þremur flokksmönnum í Framsóknarflokknum koma af landsbyggðinni en því er öfugt farið í Samfylkingunni þar sem tveir af hverjum þremur flokksmönnum koma af höfuðborgarsvæðinu.

Lægstur er meðalaldur Vinstri grænna en hann er 43 ár.

Karlar eru meirihluti flokksmanna í öllum flokkum en samkvæmt uppgefnum upplýsingum er Sjálfstæðisflokkurinn með jafnasta hlutfallið, eða 51 prósent karla og 49 prósent konur. „Það vekur athygli að í Sjálfstæðisflokknum, sem hefur mun meiri stuðning meðal karla en kvenna, eru konur sagðar nærri helmingur meðlima. Það eina sem ég get sagt um það er að það virðist mjög einkennilegt og nánast ótrúlegt. Í könnun sem ég gerði árið 2000 voru nærri tveir þriðju þeirra sem sögðust vera meðlimir í Sjálfstæðisflokknum karlar,“ segir Gunnar Helgi.



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

> Það vekur athygli að í Sjálfstæðisflokknum, sem hefur mun meiri stuðning meðal karla en kvenna, eru konur sagðar nærri helmingur meðlima.
>
> **GUNNAR HELGI KRISTINSSON**
> PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI

Frjálslyndi flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn gáfu ekki upp jafnítarlegar upplýsingar og aðrir flokkar. Frjálslyndi flokkurinn gaf ekki upp kynjahlutfall í flokknum heldur einungis fjölda flokksmanna í hverju kjördæmi. Sjálfstæðisflokkurinn veitti einungis upplýsingar um heildarfjölda og kynjahlutfall. Aðrir flokkar veittu upplýsingar um fjölda eftir kjördæmum, meðalaldur og kynjahlutfall.

**- mh/þsj** **sjá síðu 34**

Hestamenn mótmæla harðlega fyrirhuguðum fisflugvelli á Hólmsheiði:

# Hross og knapar í lífsháska

**SKIPULAGSMÁL** Hestamenn í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur hafa sent borgarráði hörð mótmæli vegna fyrirhugaðs fisflugvallar á Hólmsheiði.

Segir Árni Ingason, formaður Fjáreigendafélagsins, í bréfi til formanns borgarráðs að hátt í 600 manns muni stunda hestamennsku á Hólmsheiðarsvæðinu þegar hesthúsahverfið þar verði að fullu risið. Þess utan nýti fjölmargir aðrir hestamenn svæðið til útreiða. Vísar hann síðan í samkomulag sem hestamenn gerðu við þáverandi borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, árið 1970, um afnot þeirra af Hólmsheiði. „Ljóst er að fisflugvöllur í næsta nágrenni mun valda verulegu ónæði og hugsanlega geta valdið hestamönnum miska eða lífsháska,“ segir Árni. Hann segir hestamennsku fjölskylduíþrótt sem fólk stundi á misvel tömdum hestum.

„Nú þegar hafa of margir hestamenn slasast alvarlega við iðkun íþróttar sinnar og hlýtur að teljast alvarlegt þegar fyrir liggur tillaga sem verulega getur aukið hættuna fyrir þá á þessu svæði.“

Borgarráð vísaði mótmælabréfi hestamannanna til umsagnar skipulagsráðs.

**- gar**


Ennþá til miðar í stæði









SPURNING DAGSINS



*Eva Ásrún, eru framsóknarmenn falskir?*

„Nei, þeir eru allir með englaraddir.“

Eva Ásrún Albertsdóttir söngkona hefur verið ráðinn kosningastjóri Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.

Meðal vinninga í kosningahappdrætti Vinstri grænna:

# Grillveisla hjá Ögmundi

**FJÁRÖFLUN** Samverustundir með forystufólki Vinstri grænna eru uppistaða vinninga í kosningahappdrætti flokksins.

34 vinningar eru í boði og má nefna helgardvöl fyrir fjölskyldu í gestahúsi á Gunnarsstöðum í Þistilfirði, æskustöðvum Steingríms J. Sigfússonar flokksformanns. Frjáls afnot af hestum, báti og fjallajeppa fylgja. Er vinningurinn í boði Steingríms og ábúenda og er virði hans metið 75 þúsund krónur.

Grillveisla með öllu tilheyrandi í garðinum hjá Ögmundi Jónassyni er einnig í boði en í vinningaskrá er Ögmundur sagður margrómaður meistari grillsins. Eru herlegheitin verðmetin á 50 þúsund krónur.

Þá má nefna kvöldstund við taflborðið með Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, heimsókn til Ingibjargar Hjartardóttur og Ragnars Stefánssonar í Svarfaðardal og kvöldverð hjá þeim að svarfdælskum hætti og hljóðversupptöku undir stjórn Heiðu í Unun og Elvars Sævarssonar.

Tíu þúsund miðar eru gefnir út og er miðaverð 1.000 krónur. Heildarverðmæti vinninga er rúmar tvær milljónir króna. Dregið verður 1. júní - bþs



**Í HÁR SAMAN** Íslandsmót iðnnema fór fram í Kringlunni í gær. Á myndinni má sjá einbeitta hárgreiðslunema greiða sem best þeir geta. Auk hárgreiðslu var keppt í ljósmyndun, pípulagningum og rafvirkjun svo eitthvað sé nefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**JOSE MANUEL BARROSO** Forseti framkvæmdastjórnarinnar talar í öldungadeild Ítalíuþings. Sitjandi eru Hans-Gerd Pöttering, forseti Evrópuþingsins, og ítalski forsætisráðherrann Romano Prodi. NORDICPHOTOS/AFP

Fimmtugsafmæli ESB:

## Lýst eftir sýn til næstu 50 ára

**RÓM, AP** Evrópusambandið þarf á skýrri sýn að halda til að fylla borgara sína hugmóði til næstu 50 ára. Þetta sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar sambandsins, á hátíðarsamkomu í Róm í gær í tilefni af fimmtugsafmæli Rómarsáttmálans, stofnsáttmála ESB.

Barroso var meðal fyrirmenna sem boðin voru til samkomunnar í öldungadeild Ítalíuþings. Barroso sagði skýra framtíðarsýn nauðsynlega til að sannfæra borgara sambandsins um að Evrópusambandið sé besta svarið við áskorunum 21. aldar á borð við hnattvæðingu, sjálfbæra þróun og samkeppnishæfni. - aa

SÖFNUNARREIKNINGUR

### Safnað fyrir fjölskyldu Lísu

Vinir og aðstandendur Lísu Skaftadóttur, sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi á miðvikudag, hafa stofnað söfnunarreikning fyrir fjölskyldu hennar. Reikningurinn er í Sparisjóði Suðurlands og er númer hans 1169-05-401000 á kennitölunni 111161-3649. Lísa lét eftir sig eiginmann og fimm börn, fjögurra ára, átta ára, tvíbura, sem eiga að fermast 5. apríl, og 25 ára.

# Berstrípaðir vegna tyggjóklessu á gólfi

**Fimm unglingar voru handteknir um helgina. Þeir yngri fengu ekki að hringja heim. Foreldrum sagt að sonur þeirra hafi verið með „töluvert magn“ fíkniefna. Allt byggt á tyggjóklessu. „Stórfelld mistök,“ segir Geir Jón yfirlögregluþjónn.**

**LÖGGÆSLA** Fólksbíll með fimm unglingum var stöðvaður af lögreglunni aðfaranótt sunnudagsins. Drengirnir, einn átján ára gamall og fjórir sextán ára, höfðu keyrt inn á aðrein strætisvagna við Hlemmtorg, sem er óleyfilegt.

Lögreglumennirnir sem stöðvuðu bílinn urðu varir við „grunsamlegar hreyfingar“ í baksæti bílsins og báðu um að fá að leita í bílnum. Bílstjóri veitti leyfi til þess. Hann og einn farþeganna voru handjárnaðir meðan leit stóð yfir.

Tyggjóklessa í álpappír undir sæti farþega vakti grun lögreglumanna um að ekki væri allt með felldu. Drengirnir voru því handteknir og færðir í fangageymslur.

Drengirnir fengu ekki leyfi til að hringja í foreldra sína, fyrr en klukkan tvö um nóttina að sá elsti fékk að hringja og lýsti hvernig fyrir honum var komið.

Móðurinni Guðrúnu Þórarinsdóttur var þá tjáð af lögreglumanni að ekki væri hægt að leysa drengina úr haldi, sökum þess að þeir hefðu verið teknir með „töluvert magn“ fíkniefna, en enginn þeirra vildi játa á sig sök.

Drengirnir voru berstrípaðir um nóttina og á þeim leitað. Þeir segjast hafa gist kaldar fangageymslur á nærbuxum einum fata. Á sunnudaginn voru piltarnir síðan leystir úr haldi, án nokkurra skýringa.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn staðfestir þessa frásögn, fyrir utan að honum er ekki kunnugt um að drengirnir hafi ekki fengið föt sín um nóttina.




**LÖGREGLAN LEIÐIR MANN Í BURTU Í JÁRNUM** Yfirlögregluþjónn rekur mistökin til misskilnings milli þeirra sem handtóku og þeirra sem tóku við málinu. „Það var mikið að gera, en það er engin afsökun,“ segir hann. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Geir hélt fund með nokkrum foreldranna á mánudaginn og baðst þar afsökunar á framferði lögreglumannanna. Geir segir þá hafa sýnt af sér fljótfærni og ónákvæmni. Lögreglumönnum beri að hringja í foreldra allra handtekinna undir átján ára aldri. Vinnubrögð lögreglunnar hafi að auki ekki verið í samræmi við ætlaðan glæp. „Þó að þetta hefðu verið fíkniefni, þá er það að mínu mati ekki ástæða til að handtaka fimm einstaklinga, það er alveg ljóst,“ segir hann.



GEIR JÓN ÞÓRISSON

Aðspurður hvort lögreglumennirnir verði áminntir, segir Geir Jón að það hafi verið talað við þá og farið yfir atburðarásina. Verði málið hins vegar kært, fari það í annan farveg.

Guðrún segist ekki ætla að kæra lögregluna, en hún segi frá uppákomunni til að koma í veg fyrir að hún endurtaki sig. „Þetta er ömurleg framkoma við börnin okkar. Þeir sýndu engan mótþróa og voru settir í handjárn. Þeim var skellt á húddið á bílnum og einn er með mar á bakinu eftir það. Þetta er eins og múgæsingur lögreglumannanna og þeir tröðkuðu á réttindum strákanna. Hvernig eiga strákarnir að geta treyst lögreglunni eftir þetta?“ spyr Guðrún.

klemens@frettabladid.is

Takmörkun á auglýsingum:

## Samkomulag líklega í dag

**STJÓRNMÁL** Búist er við að samkomulag náist um að takmarka kostnað við auglýsingar í kosningabaráttu stjórnmálaflokkanna í dag. Framkvæmdastjórar flokkanna funduðu um málið í fyrradag og höfðu samband sín á milli í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru lagðar fram tillögur í fyrradag sem miða að því að takmarka auglýsingar í dagblöðum og ljósvakamiðlum. Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir viðræðum lítið hafa miðað en er vongóður um að samkomulag náist í dag. - sþs

Bæjarstjórinn í Grindavík:

## Fagnar viljayfirlýsingu ríkisins

**SVEITASTJÓRNARMÁL „Ég fagna þessu en hvet jafnframt til meira samstarfs milli ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega í umræðum um tekjuskiptingu,“ segir Ólafur Örn Ólafsson, bæjarstjóri í Grindavík, um viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands sveitarfélaga sem undirrituð var á fimmtudag.**

**Fram kom í Fréttablaðinu í gær að ríkisstjórnin ætlar að tvöfalda framlög í jöfnunarsjóð sveitarfélaga úr 700 milljónum í 1.400 milljónir á þessu ári og næsta.**

**Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir viljayfirlýsinguna vera áfanga á langri leið. - mh / - sþs**

LÖGREGLUMÁL

### Þóttist vera viðgerðarmaður

Maður á fertugsaldri var handtekinn í Hlíðarhverfi í gær. Hann hafði stolið tveimur tölvum frá stofnun undir því yfirskini að hann væri að fara með þær í viðgerð. Maðurinn var handtekinn í annarri ferð sinni inni í húsið til að sækja tölvur.

BÍLL DAGSINS
OPEL ASTRA 1.2
Nýskr. 06.03 - Beinskiptur - Ekinn 83 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Tugir Mósambíka létust þegar vopnabúr sprakk vegna mikils hita og raka:

# Áfellast stjórnvöld vegna sprenginga

**MÓSAMBÍK** Skrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Mósambík léku á reiðiskjálfi klukkutímum saman þegar gamalt vopnabúr hersins sprakk í loft upp í einu úthverfa höfuðborgarinnar Mapútó á fimmtudag að sögn Jóhanns Pálssonar, umdæmisstjóra stofnunarinnar. Meira en 80 manns létust í sprengingunum og yfir 300 særðust.

Talið er að vopnageymslan hafi sprungið vegna mikils hita og raka undanfarna daga. Í janúar sprakk lítil vopnageymsla á svipuðum slóðum og var í kjölfarið mikið rætt um að fjarlægja yrði vopnageymslur úr borginni að sögn Jóhanns.

„Fólk er mjög reitt stjórnvöldum að hafa ekki gert eitthvað í þessu fyrr. Þetta eru 30 til 40 ára gömul vopn sem stjórnvöld segjast ekki hafa haft peninga til að farga.“

Þrátt fyrir að vopnageymslan sé í fimmtán kílómetra fjarlægð frá skrifstofu stofnunarinnar var kraftur sprenginganna svo mikill að hurð að fundarsal þeyttist til. Einnig brotnuðu rúður víða í nágrenninu. Starfsmenn stofnunarinnar sluppu að mestu við eignatjón en einn bílstjóranna missti þó þakið af húsinu sínu.



**SKEMMDIR** Mikið tjón varð á spítala sem er í fimm kílómetra fjarlægð frá vopnabúrinu sem sprakk. MYND/JÓHANN PÁLSSON

Sprengingarnar koma ekki til með að hafa áhrif á verkefni stofnunarinnar fyrir utan skemmdir sem urðu á munaðarleysingjahæli sem hún styrkir, að sögn Jóhanns. - sdg




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 – 18.30 | 10.00 – 21.00 | 10.00 – 19.00 | 10.00 – 18.00 | 13.00 – 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Opið 10-18 í dag**

Kringlan

## GENGIÐ 23.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,31 | 66,63 |
| Sterlingspund | 130,3 | 130,94 |
| Evra | 88,78 | 88,53 |
| Dönsk króna | 11,849 | 11,919 |
| Norsk króna | 10,866 | 10,93 |
| Sænsk króna | 9,483 | 9,539 |
| Japanskt jen | 0,5635 | 0,5667 |
| SDR | 100,2 | 100,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,4073

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samið um greiðslur í þróunarsjóð vegna stækkunar EES-svæðisins:

# Framlag Íslands 140 milljónir

**EVRÓPUMÁL** Samningar hafa náðst um greiðslur EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein í þróunarsjóð Evrópusambandsins í tengslum við aðild nýju Evrópusambandsríkjanna Rúmeníu og Búlgaríu að samingnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nýi samningurinn verður undirritaður í næstu viku, að því er Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra staðfesti í samtali við Fréttablaðið.

„Við teljum þetta vera góðan samning fyrir okkur,“ segir Valgerður. Samkvæmt honum munu greiðslur Íslands í þróunarsjóði vegna stækkunar EES aukast um



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Segir samninginn góðan fyrir Íslendinga.

sem nemur 140 milljónum króna á ári. Á móti munu tollar verða felldir niður af hluta útflutnings Íslendinga á humri og karfa til Evrópusambandsins, en þær tollaívilnanir munu nema sem svarar um helmingi viðbótarframlagsins í þróunarsjóðinn.

Valgerður tekur fram að mikilvægt sé að samningarnir um þessar tollaívilnanir byggðust ekki á reynslu viðskipta Íslendinga við löndin tvö sem um ræðir, enda hafa þau verið mjög lítil. Þetta kunni að verða fordæmisgefandi fyrir síðari tíma samninga.

Norðmenn mun sem fyrr bera stærstan hluta þróunarsjóðsgreiðslnanna. Viðbótarframlag þeirra vegna Rúmeníu og Búlgaríu mun nema sem svarar yfir fimm milljörðum króna. **- aa**

Fjögurra mánaða fangelsi:

# Sló og sparkaði í lögregluþjóna

**DÓMSMÁL** Maður var í gær dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjá mánuði, fyrir að sparka í og kýla tvo lögregluþjóna. Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjavíkur. Í september 2005 stöðvuðu lögregluþjónarnir manninn inn þar sem hann ók undir áhrifum örvandi lyfja. Hann tók illa í afskipti lögreglunnar og veittist að lögreglumönnunum. Annan lögregluþjóninn kýldi hann í andlitið þannig að áverkar hlutust af og sparkaði í handlegg hins.

Auk fangavistar var maðurinn látinn greiða málsvarnarlaun verjanda síns og sakarkostnað, samtals um 300.000 krónur. **- sþs**



**Á BLAÐAMANNAFUNDI** John og Elizabeth Edwards. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eiginkonan með krabbamein:

# Edwards stefnir samt á framboð

**WASHINGTON, AP** Bandaríski þingmaðurinn John Edwards segist stefna áfram ótrauður á forsetaframboð árið 2008 þrátt fyrir að eiginkona hans Elizabeth hafi á ný greinst með krabbamein í brjósti. Hún greindist áður með krabbamein fyrir fjórum árum, en náði sér.

Þau hjónin efndu til blaðamannafundar í gær þar sem þau sögðust bjartsýn á að lækning takist aftur. Líklegt er þó að veikindi hennar muni hafa áhrif á kosningabaráttuna, en Edwards hefur þótt með þeim sigurstranglegustu í baráttu demókrata um að verða forsetaframbjóðandi flokksins. **- gb**

## LEIÐRÉTTINGAR



**GUÐRÚN DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR**

Í greininni Við erum öll eins inn við beinið, eftir Guðrúnu Dögg Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem birtist í blaðinu í gær, urðu þau mistök að Guðrún var rangnefnd auk þess sem röng mynd fylgdi greininni.

Í frétt um ráðstefnu Þyrpingar um breyttar áherslur í þjónustu við eldri borgara sem birtist í Fréttablaðinu í gær er viðmælandinn Lovísa Ólafsdóttir rangnefnd Lilja Ólafsdóttir.

# Íranar handtóku breska hermenn

**Írönsk sérsveit handtók breska sjóliða með vopnavaldi í gærmorgun þegar þeir voru við eftirlit í írönsku skipi. Bresk stjórnvöld krefjast tafarlausrar lausnar mannanna. Spenna eykst á Persaflóa vegna deilu Írans og Sameinuðu þjóðanna.**

**LONDON, AP** Fimmtán breskir sjóliðar voru handteknir af írönskum hermönnum með vopnavaldi þegar þeir voru um borð í írönsku kaupskipi við eftirlit í gærmorgun. Atvikið átti sér stað í nágrenni umdeildrar siglingaleiðar um fljótið Shatt al-Arab sem skilur að Írak og Íran. Bresk stjórnvöld krefjast þess að mönnunum verði sleppt tafarlaust.

Konunglegi breski sjóherinn starfar ásamt flota Bandaríkjanna við strendur Íraks. Í yfirlýsingu frá bandaríska flotanum sagði að um hefðbundið eftirlit hefði verið að ræða. Bresku sjóliðarnir voru á tveimur skipum og fóru um borð í kaupskipið vegna gruns um smygl á bílum. Skoðun var lokið og búið að gefa skipstjóra leyfi til að halda áfram þegar írönsk herskip umkringdu skip Bretanna og fylgdu þeim síðan inn í íranska landhelgi.

Yfirmaður fimmtu flotadeildar bandaríska sjóhersins, Kevin Aandahl, sagði að írönsku herskipin tilheyrðu Byltingarvarðasérsveit íranska flotans sem er róttæk herdeild og ekki formlegur hluti íranska hersins. Engum skotum var hleypt af við handtökuna að sögn Aandahls og engin meiðsl urðu á fólki.

Sérsveitin sendi frá sér útvarpsávarp síðar um daginn þar sem handtakan var útskýrð með því að bresku sjóliðarnir hefðu verið inni í íranskri lögsögu.

Gerist þetta á sama tíma og spenna eykst á Persaflóa vegna mótþróa Írana við fyrirskipanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að hætta auðgun úrans og ásakana Bandaríkjamanna um að Íran sjái herskáum sjíum í Írak fyrir vopnum. Bandarískir embættismenn hafa áður lýst áhyggjum yfir því að jafnvel smávægilegt atvik gæti leitt til þess að ástandið færi úr böndunum og að til vopnaðra átaka kæmi.



**VIÐ EFTIRLIT** Breskir sjóliðar ásamt írökskum hermönnum við eftirlit á fljótinu Shatt al-Arab. NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt sáttmála frá 1975 tilheyrir Shatt al-Arab Írak og eru bandarísk og bresk herskip oft þar að störfum. Íran véfengir hins vegar lögsögu Íraks yfir þessu svæði að sögn Aandahls.

Í júní árið 2004 voru sex breskir sjóliðar og tveir hásetar handteknir af Írönum þegar skip þeirra voru stödd í Shatt al-Arab. Voru þeir látnir koma fram í sjónvarpi með bundið fyrir augu þar sem þeir viðurkenndu að hafa ólöglega farið inn í íranska lögsögu. Þremur dögum síðar var þeim sleppt heilum á húfi.

**sdg@frettabladid.is**

### Breskir sjóliðar handteknir

**Fimmtán sjóliðar Konunglega breska sjóhersins voru handteknir með vopnavaldi af írönskum hermönnum í gærmorgun.**




Picture: MoD © GRAPHIC NEWS



**FÍKNIEFNI** Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á fíkniefni og steralyf við húsleitina í gær. Myndin er úr myndasafni.

Fíkniefnamál á Suðurnesjum:

# Níu handteknir við húsleit

**LÖGREGLUMÁL Níu voru handteknir á Suðurnesjum á fimmtudagskvöld þegar lögregla gerði húsleit á þremur heimilum. Lögregla, sérsveit og fíkniefnadeild tollstjórans fóru inn á eitt heimili í Vogunum og tvö í Reykjanesbæ. Lagt var hald á talsvert magn ætlaðra fíkniefna og steralyfja.**

**Mönnunum var sleppt að loknum yfirheyrslum og ekki liggur fyrir hvort þeir verða ákærðir.**

**Fyrir tveimur vikum síðan voru tólf manns handteknir þegar lögreglan á Suðurnesjum fór inn á heimili og skemmtistaði. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa lögreglu borist fjölmargar ábendingar eftir þær aðgerðir og einhverjar af þeim upplýsingum gáfu tilefni til aðgerðanna í gær.**

**Að sögn fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum er hér ekki um sérstakt átak að ræða heldur er það viðvarandi verkefni lögreglunnar að stemma stigu við dreifingu og sölu fíkniefna. - þo**

## ÁRÉTTING

Vegna pistils sem birtist á dagskrársíðu laugardaginn 17. mars síðastliðinn skal eftirfarandi tekið fram: Fyrirsögn pistilsins átti að vísa á gamansaman hátt í umræðu undanfarinna vikna. Til að taka af öll tvímæli skal áréttað að þáttur Ásgeirs Kolbeinssonar, Sirkus RVK og efnistök hans, eiga ekkert skylt við klám. Ekki var ætlunin að valda misskilningi og harmar ritstjórn Fréttablaðsins ef sú var raunin.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÆSTA LÆGÐ**
Enn ein lægðin stefnir nú upp að landinu vestanverðu með vind og vætu í farteskinu. Það verður ansi hvasst vestan til á landinu og stormur á miðhálendinu. Eftir því sem líður á daginn hvessir einnig á landinu austanverðu og má búast við allhvössum vindi þar nú síðdegis. Það er ekki hægt að treysta á algjöran þurrk á landinu norðan- og austanverðu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Suðaustan 10-15 m/s en lægir í kvöld. Rigning og súld. Hiti 3-6 stig mildast síðdegis.

um hádegi »

» á morgun

» mánudagur



8-13 m/s víðast hvar.

5-10 m/s

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C | hálfskýjað | London | 10°C léttskýjað | Alicante | 21°C heiðskírt |
| Billund | 9°C | skúrir | París | 9°C skúrir | Mallorca | 14°C léttskýjað |
| Osló | 7°C | alskýjað | Frankfurt | 8°C skúrir | Basel | 4°C rigning |
| Stokkhólmur | 4°C | alskýjað | Friedrichshafen | 2°C snjóél | Eindoven | 9°C rigning |
| Gautaborg | 8°C | hálfskýjað | Berlín | 9°C alskýjað | Las Palmas | 19°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Aðeins í dag!
Páskaliljur í potti
10kr
Tveir pottar á mann
Takmarkað magn
Potthlíf fylgir ekki
Prímúlur og keramikpottur 199
Sýpris í útikerin 799
Helgarsprengja
Allar páskavörur!
30% afsl.
Laugardag og sunnudag
emmessís
Ís á 10 kr
Gildir í Skútuvogi
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið 490.kr
Soldis
Silkitré & silkiblóm
Sumarblómin komin!
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú góða stjórn á skapi þínu?*

| | |
|---|---|
| Já | 77% |
| Nei | 23% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu með klink í veskinu þínu?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Kaþólskur erkibiskup hvetur stjórnarandstæðinga í Simbabve til dáða:

# Andstaðan við Mugabe eflist

**SIMBABVE, AP** Pius Ncube, kaþólskur erkibiskup í Simbabve, hvetur landsmenn sína til fjöldamótmæla gegn stjórn Roberts Mugabe. Hann segist sjálfur vera reiðubúinn til að vera í fararbroddi friðsamlegra mótmæla til að koma Mugabe frá völdum.

„Stærsta vandamálið í Simbabve eru heiglarnir, þar á meðal ég sjálfur. Við verðum að standa upp úr hægindastólunum og gangast undir þjáningar með fólkinu,“ sagði Ncube á fimmtudaginn. „Ég er tilbúinn til að standa í framlínunni. Við verðum að vera tilbúin til að standa upp, jafnvel frammi fyrir geltandi byssuhlaupum.“



**PIUS NCUBE** Vill safna saman 20 þúsund manns í friðsamleg mótmæli gegn stjórn Roberts Mugabe. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ncube hefur lengi verið harður gagnrýnandi Mugabes, sem er orðinn 83 ára og hefur stjórnað Simbabve í meira en aldarfjórðung. Fyrir sjö árum skipaði Mugabe svo fyrir að landsvæði hvítra bænda yrðu tekin af þeim og afhent þeldökkum íbúum landsins. Síðan þá hefur efnahagur landsins hrunið og stjórnvöld beitt æ harkalegri aðferðum við að berja niður alla gagnrýni.

Stjórnarandstæðingar hafa hins vegar verið að sækja í sig veðrið á síðustu dögum og vikum og virðast einbeittari en nokkru sinni.

Í gær varaði stjórn Simbabves erlenda blaðamenn í landinu við því að „skálda upp fréttir“. Einnig ættu þeir að „halda sig fjarri öryggissveitum landsins“. - gb

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

# Gæsluvarðhald í nauðgunarmáli

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um nauðgun á Hótel Sögu laugardaginn 17. mars síðastliðinn. Hann mun sitja í varðhaldi til 28. mars.**

**Í upphaflegum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur stendur að lögreglustjóri telji brýna nauðsyn að meintur nauðgari sé dæmdur í gæsluvarðhald svo lögreglu gefist tími til að vinna að rannsókn málsins. Gangi maðurinn laus megi búast við að hann komi undan munum sem geta haft þýðingu við rannsókn málsins, auk þess sem hann geti haft áhrif á hugsanleg vitni. - sþs**

120 1886 2006

LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000 EYDDU Í SPARNAÐ

Sparaðu í sjóðum

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Sparaðu allt frá 5.000 kr. á mánuði
- Veldu greiðslumáta – hagkvæmt er að greiða með kreditkorti, þá bætast ferðapunktar við
- Veldu milli þriggja sjóða eftir fjárfestingatíma og áhættustigi

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.

GOTT FÓLK

Landsbankinn

# Vildi sýna pósthólf Tryggva

**Hörð átök urðu í réttarsal í gær þegar sækjandi í Baugsmálinu hugðist leggja fram gögn. Verjandi mótmælti framlagningunni og sækjandinn sakaði verjandann óbeint um að leka gögnum til fjölmiðla.**

**BAUGSMÁL** Spennan milli sækjanda og verjenda í Baugsmálinu kom berlega í ljós þegar stutt dómþing var haldið í málinu í gær. Upphaflega stóð til að leggja fram tölvugögn, en eftir hörð mótmæli Gests Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, ákvað dómari að ekkert yrði lagt fram.

Gögnin sem sækjandi ætlaði að leggja fram voru harður diskur með öllum tölvupóstum Tryggva Jónssonar, eins sakborninga í málinu, auk allra gagna sem fundust í tölvu Jóns Geralds Sullenbergers, annars sakbornings.

„Þetta er algerlega fordæmalaust, ég fullyrði það,“ sagði Gestur. Hann mótmælti því að einhver gögn yrðu lögð fram í málinu svo seint, en munnlegur málflutningur hefst á mánudaginn. „Ég lýsi miklum vonbrigðum með þetta [...] þetta er algerlega út í hött,“ sagði Gestur.



**EKKERT LAGT FRAM** Dómari ákvað að engin þeirra gagna sem Sigurður Tómas Magnússon kom með í réttarsal í gær yrðu lögð fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, vildi leggja tölvugögnin fram og sýna dómnum með aðstoð myndvarpa hvernig hægt væri að skoða gögnin. Vegna þess sem fram hefði komið um tölvugögn væri til að mynda gott fyrir dóminn að skoða tölvupóstskrá Tryggva, til að sjá hvernig pósturinn þar væri flokkaður í ótal undirmöppur og því erfitt að fara í gegnum póstana.

Sigurður Tómas kom einnig með önnur gögn í farteskinu, meðal annars rithandarsýnishorn sem Tryggvi Jónsson var látinn fylla út við yfirheyrslu hjá lögreglu. Hann hugðist einnig leggja fram samkvæmt ósk verjenda öll tölvupóstsamskipti lögreglumanna og endurskoðanda Deloitte, sem vann að bókhaldsrannsókninni með lögreglu, auk tölvupóstsamskipta lögreglumanna við Jón Gerald.

Gestur sagði ekkert gagn í því að leggja gögnin fram nú, óskað hefði verið eftir því að þessi gögn yrðu lögð fram í síðasta lagi síðastliðinn mánudag. Óskiljanlegt væri að ekki hefði verið hægt að senda gögnin rafrænt fyrr.

BAUGSMÁLIÐ

„Það er ekki góð reynsla af því að afhenda þér tölvugögn, Gestur Jónsson,“ sagði Sigurður Tómas, og sagði slík gögn eiga það til að rata í fjölmiðla skömmu eftir afhendingu. Gesti virtist misboðið en hann svaraði þessum ásökunum ekki.

Sigurður Tómas sagði raunar ekki gott fyrir lögreglu að leggja þessi gögn fram þar sem í þeim endurspegluðust ákveðnar rannsóknaraðferðir lögreglu, en þar sem verjendur hefðu beðið um gögnin hefðu þau verið fundin til með mikilli fyrirhöfn.

Arngrímur Ísberg dómsformaður reyndi að miðla málum, en sagðist sjálfur ekki sjá tilganginn í að leggja fram tölvugögnin. Hann lagði það til að þau yrðu lögð fram sem hliðsjónargögn, þannig að sækjandi og verjendur gætu ekki vísað í þau í málflutningnum. Sækjandinn samþykkti það fyrir sitt leyti en Gestur mótmælti. Úr varð að ekkert var lagt fram og dómþingi slitið.

brjann@frettabladid.is

## ORÐRÉTT

*„Þetta er algerlega án fordæma, ég fullyrði það.“*



Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, vitnaði til 30 ára reynslu sinnar af því að flytja opinber mál þegar hann sagði það fordæmalaust að leggja fram tölvugögn sem verjendur hefðu ekki möguleika á að fara yfir fyrir stuttu fyrir munnlegan málflutning.

*„Það er ekki góð reynsla af því að afhenda þér tölvugögn, Gestur Jónsson.“*



Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, gaf það sterklega í skyn að Gestur hefði lekið tölvugögnum í fjölmiðla.

*„Það kom hingað maður síðasta föstudag og sýndi tölvupósta og trixaði þá fram og aftur.“*



Arngrímur Ísberg dómsformaður lýsti því þegar sérfræðingur verjenda tveggja ákærðu kom fyrir dóminn á föstudaginn fyrir viku og sýndi hvernig hægt er að falsa tölvupósta.

*„Ég lýsi miklum vonbrigðum með þetta [...] þetta er algerlega út í hött.“*



Gestur Jónsson var allt annað en sáttur við vinnubrögð ákæruvaldsins og vildi ekki taka í mál að gögn yrðu lögð fram í gær, ekki einu sinni sem hliðsjónargögn sem ekki mætti vitna til í málflutningi.

## BAUGSMÁLIÐ Á MÁNUDAG

Munnlegur málflutningur hefst á mánudag, eftir nokkurra daga hlé sem málflytjendur hafa fengið til undirbúnings. Reiknað er með því að sækjandi flytji mál sitt fyrstu tvo dagana, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hafi einn dag, og verjandi Tryggva Jónssonar þann dag. Verjandi Jóns Geralds Sullenbergers, sem ákærður er í einum ákærulið, mun aðeins hafa óskað eftir litlu broti úr degi til að flytja sitt mál.

Samfylkingin gengur til sigurs

Jafnaðarmenn fara í „labb og rabb“ ferðir um borgina fram að kosningum. Frambjóðendur Samfylkingarinnar ásamt Guðnýju Aradóttur, stafgönguþjálfara, leiða hópinn. Allir velkomnir.

Laugardag 24. mars

Laugardalur.
Mæting við Laugardalslaug kl 13:00.
Gengið um dalinn í 1 klst. og sagðar sögur af svæðinu.

Göngugarpar eru:
Jóhanna Sigurðardóttir og Björk Vilhelmsdóttir

xS

Samfylkingin

straumsvik.is

Kynntu þér röksemdir fyrir stærra og betra álveri og sjáðu myndband um stækkun álversins í Straumsvík.

ALCAN BETRA ÁLVER

TERIS
–Tákn um þekkingu



# Nýtt tákn – Margföld reynsla

***Tölvumiðstöð sparisjóðanna hefur tekið upp nafnið Teris.***

Hjá Teris veita ríflega 100 starfsmenn alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni til fjármálafyrirtækja.

Þjónusta okkar byggist á umfangsmikilli sérfræðiþekkingu og áralangri reynslu af rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja, ráðgjöf, samþættingu og smíði heildstæðra lausna.

TERIS
Hlíðasmára 19
201 Kópavogur
Sími 563 3300
www.teris.is

### VEISTU SVARIÐ?




1. *Hvað var aflaverðmæti togarans Venusar í síðustu veiðiferð?*
2. *Með hvaða þýska handknattleiksliði leikur Guðjón Valur Sigurðsson?*
3. *Hvað heitir forstjóri Mjólkursamsölunnar?*

SVÖR VIÐ SPURNINGUM Á BLS. ??

Alcan á Íslandi svaraði fyrirspurn Persónuverndar vegna kosningagagnagrunns:

# Persónuvernd ætlar á staðinn

**PERSÓNUVERND** „Okkur hefur borist svar og í framhaldinu höfum við ákveðið að fara á staðinn og skoða hvernig kerfið virkar,“ segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, um svarbréf Alcan á Íslandi varðandi gagnagrunninn kosningavelin.net/alcan. Ekki liggur fyrir hvenær Persónuvernd mun fara á vettvang til að kynna sér hvernig þau gögn sem safnað er saman á vefnum eru geymd.

Frá því að Persónuvernd sendi fyrirspurn til Alcan vegna gagnagrunnsins hefur uppsetningu hans verið breytt lítillega. Spurningin „hvað hefur mest áhrif á afstöðu þína til stækkunar álversins“ hefur verið fjarlægt úr upplýsingadálk síðunnar, en við henni var hægt að haka við fimm mismunandi svarmöguleika.



**ÁLVERIÐ** Gagnagrunninum hefur verið breytt frá því að Persónuvernd sendi fyrirspurn sína. Nú eru þrjár spurningar í upplýsingadálknum í stað fjögurra.

Gagnagrunnurinn er læstur með notenda- og lykilorði sem starfsmönnum Alcan stendur til boða að fá afhend. Þeir hafa síðan verið hvattir til að safna saman upplýsingum um vini og vandamenn á sérstaka úthringilista sem viðmót gagnagrunnsins býður þeim uppá að útbúa.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, sagði við Fréttablaðið í síðustu viku að lögmenn fyrirtækisins hefðu skoðað lagalega hliðina á málinu áður en vefurinn var búinn til. Álit þeirra hafi verið að hann bryti ekki í bága við lög auk þess sem upplýsingarnar sem safnað væri saman væru ekki persónugreinanlegar. **- þsj**

Fimmtán prósent án vinnu:

# Minna atvinnuleysi í Póllandi

**PÓLLAND, AP** Atvinnuleysi í Póllandi dróst saman í febrúar og mældist 14,9 prósent miðað við 15,1 prósent í janúar samkvæmt tilkynningu pólsku hagstofunnar í gær. Á sama tíma í fyrra var atvinnuleysi 18 prósent. Minna atvinnuleysis er rakið til mikils hagvaxtar í Póllandi eftir inngönguna í ESB árið 2004. Sumir segja skýringuna hins vegar liggja í því að Pólverjar hverfi til betur launaðra starfa í öðrum Evrópuríkjum. Af 27 ríkjum ESB er Pólland með mest atvinnuleysi. Frá tíma kommúnisma í landinu náði atvinnuleysi hámarki í febrúar árið 2003 þegar það mældist 20,7 prósent. **- sdg**

Þjónustugjöld banka skoðuð:

# Samanburður við Norðurlönd

**NEYTENDUR** Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mun vinna samanburðarúttekt á þjónustugjöldum banka og sparisjóða á Norðurlöndum fyrir Alþýðusamband Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja.



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON**

„Þetta er gríðarlega mikilvægt mál fyrir almenning í landinu,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Hann segir að verkefnið muni skiptast í áfanga. Fyrst verði lagt mat á þjónustugjöld bankanna. Þá verði kannaður kostnaður vegna lántöku, uppgreiðslugjald og vaxtamunur. **- bj**

Starfshópur metur tilboð Faxaflóahafna um að fjármagna og leggja Sundabraut:

# Framhaldið ákveðið sem fyrst

**SAMGÖNGUMÁL** Stofnaður verður starfshópur um lagningu Sundabrautar með fulltrúum Faxaflóahafna og fjármála- og samgönguráðuneytis. Hann á að meta tilboð Faxaflóahafna um að fjármagna og leggja Sundabraut alla leið. Fjármálaráðherra vill velja brautarstæðið með það að sjónarmiði að stytta leiðina upp í Kollafjörð sem allra mest. Hann segir þjóðina vel hafa efni á þessari rúmlega 20 milljarða framkvæmd. Þetta var niðurstaða undirbúningsfundar í stjórnarráðinu í gær.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að innan starfshópsins verði metið hvort aðkoma Faxaflóahafna sé raunhæfur kostur með þeim forsendum sem fyrirtækið hefur sett fram. „Við þurfum að skoða lagaleg atriði, meðal annars útboðsskyldu. Það er þó ljóst að fyrirtækið hefur mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði.“ Geir segir að ákvarðanir um gjaldtöku og önnur tæknileg atriði bíði seinni tíma og að of snemmt sé að tala um sérstaka aðgerðaáætlun. „Ég ítreka þó að allt sem getur flýtt þessari framkvæmd er af hinu góða.“

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að nefndin muni vinna hratt. Aðspurður um hvað hafi breyst síðan sömu hugmyndir komu fram fyrir rúmlega ári segir Sturla að þá hafi ekki verið um að ræða tilboð um þátttöku í verkefninu. „Það er nýtt núna. Nú er runnin upp ný tíð að því leyti að forsvarsmenn fyrirtækisins bjóða samstarf um framkvæmdina.“ **- shá**



**FUNDUR Í STJÓRNARRÁÐINU** Bolli Bollason ráðuneytisstjóri, Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Geir H. Haarde forsætisráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, og Gísli Gíslason hafnarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný könnun á fylgi flokkanna:

# Enn eykst fylgi Vinstri grænna

**STJÓRNMÁL Vinstrihreyfingin – grænt framboð bætir enn við fylgi sitt og mælist með 27,6 prósenta fylgi í nýrri símakönnun á fylgi flokkanna sem Capacent Gallup vann fyrir RÚV og Morgunblaðið dagana 14. til 20. mars.**

**Vinstri græn bæta við sig 1,9 prósentustigum frá síðustu könnun en bæði Sjálfstæðisflokkur og Samfylking tapa fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 36,2 prósent, 4 prósentustigum lægra en í síðustu könnun, og Samfylking með 19,7 prósenta fylgi, sem er lækkun um 0,9 prósentustig.**

**Framsóknarflokkur bætir við sig 1,7 prósentustigum og mælist með 8,6 prósenta fylgi.**

**Frjálslyndi flokkurinn bætir við sig 1,8 prósentustigum og naut stuðnings 6,6 prósenta aðspurðra.** **- bj**


Margar hendur vinna létt verk

Samstarfsaðilar óskast!

Við leitum eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir sem ætla að vinna að verkefnum á sviði umhverfis- eða ferðamála í sumar.







Við bjóðum fram krafta vinnuhópa ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára sem starfa hjá okkur á sumrin. Hóparnir sinna viðhaldi og snyrtingu í nágrenni mannvirkja okkar en um árabil hafa þeir sinnt umhverfismálum og bætt aðstöðu til útivistar og ferðamennsku víða um land. Við viljum eiga samstarf um verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun og öðrum umhverfisbótum ásamt t.d. stígagerð og stikun gönguleiða.

- **Við bjóðum fram** vinnuframlag unglinganna og flokkstjórn yfir þeim.
- **Við óskum eftir** að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni, samkvæmt nánari lýsingu á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

**Nánari upplýsingar veita**: Þorsteinn Hilmarsson upplýsingafulltrúi og Ragnheiður Ólafsdóttir umhverfisstjóri í síma **515 9000** – **thorsteinn@lv.is** og **ragnheidur@lv.is**.

**Umsóknum skal skila í síðasta lagi 18. apríl með vefumsókn á lv.is eða bréflega til Landsvirkjunar, merkt** *Margar hendur vinna létt verk*, **Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.**

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 70563



# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Dagana 23.-25. mars afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. mars 2007.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Martti Ahtisaari notar í fyrsta sinn orðið „sjálfstæði“ um framtíð Kosovo:

# Mælir með stofnun nýs ríkis í nýrri skýrslu

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Martti Ahtisaari, fyrrverandi Finnlandsforseti, segir í skýrslu sinni til Sameinuðu þjóðanna að „eina raunhæfa leiðin fyrir Kosovo sé sjálfstæði sem til að byrja með yrði undir alþjóðlegu eftirliti“.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ahtisaari, sem stýrði viðræðum milli serbneskra og albanskra íbúa héraðsins, segir opinberlega að stofna eigi sjálfstætt ríki í Kosovo.

Kosovo hefur verið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins frá árinu 1999. Framtíð héraðsins er engan veginn ljós, því albanski meirihlutinn vill fullt sjálfstæði en serbneski minnihlutinn vill að Kosovo tilheyri áfram Serbíu, sem áður var hluti Júgóslavíu. Ahtisaari lagði fram tillögur um framtíðarstöðu Kosovo í byrjun febrúar og svo aftur endurskoðaðar snemma í mars. Þar er hvergi minnst berum orðum á sjálfstæði, en lagt til að Kosovo fái eigin stjórnarskrá, þjóðfána og her, en serbneski minnihlutinn fái veruleg sjálfstjórnarréttindi.

Í byrjun apríl er reiknað með að Ahtisaari kynni áætlun sína í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Fátt bendir til annars en að Rússar muni beita neitunarvaldi sínu gegn hugmyndum Ahtisaaris í öryggisráðinu. **-gb**



**SJÁLFSTÆÐISSINNAR** Sjálfstæðissinnaðir Kosovo-Albanar í ryskingum við liðsmenn alþjóðlegrar lögreglu í Pristina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÚRGANGSLIST** „Sorpfólkið“ eru skúlptúrar sem þýski listamaðurinn H.A. Schult hefur stillt upp á Piazza del Popolo-torginu í Róm. Eru skúlptúrarnir eingöngu unnir úr heimilisúrgangi og lími. NORDICPHOTOS/AFP

Þriggja bíla árekstur í hálku:

## Vitlaust veður á Holtavörðuheiði

**LÖGREGLUMÁL** Þriggja bíla árekstur varð á Holtavörðuheiði um klukkan sex í gærkvöldi. Engan sakaði en bílarnir þrír lentu allir utan vegar. Fulltrúi lögreglunnar í Borgarnesi segir hálku líklegast hafa verið orsök slyssins, en mikill skafrenningur og rok var á heiðinni í gærkvöldi.

Lögreglan lét loka Holtavörðuheiði um stundarsakir á meðan björgunarsveitir komu ökumönnum til hjálpar sem misst höfðu bíla sína af veginum, en þeir voru að minnsta kosti tíu. Heiðin var opnuð stuttu seinna en fólk beðið að fara hana ekki að nauðsynjalausu. **-sþs**

**ÁLFTANES**

### Teiknar stjórnsýsluhús

Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að semja við Manfreð Vilhjálmsson arkitekt um hönnun nýs stjórnsýsluhúss en arkitektinn býr þar.

Formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar segir brýnt að finna langtímaúrræði fyrir heimilislausar konur:

# Konukot hefur sannað gildi sitt

**VELFERÐARMÁL** Á bilinu fjörtíu til sextíu einstaklingar eru heimilislausir í Reykjavík. Stærsti hluti heimilislausra eru karlmenn og um sextíu prósent þeirra eru öryrkjar. Þá hefur konum, sem eiga hvergi höfði sínu að að halla, fjölgað og gistiskýlið Konukot hefur sannað gildi sitt svo vel að nú telja menn þörf á að koma upp sérstöku heimili fyrir heimilislausar konur. Þetta er meðal þess sem fram kom á málþingi sem haldið var um málefni heimilislausra í gær.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, sagði í ræðu sinni á málþinginu að mikilvægt væri að gera betur í málefnum heimilislausra. „Nú þegar hefur verið skrifað undir samning ríkis og borgar um nýtt heimili fyrir heimilislausa karlmenn. Verið er að leita að húsnæði en vonast er til þess að heimilið verði opnað síðar á þessu ári. Þegar því er lokið tel ég brýnt að finna langtímaúrræði fyrir utangarðskonur,“ sagði Jórunn meðal annars í ræðu sinni.

Hún benti á að Konukot væri mikilvægur staður því þar væri unnt að safna saman upplýsingum um heimilislausar konur og aðstæður þeirra. Margar konur sem leita í Konukot eiga fast heimili en geta einhverra hluta vegna ekki verið heima hjá sér, til dæmis vegna heimilisaðstæðna. Opinberar tölur um konur án heimilisfangs segja því aðeins hálfa söguna. Í dag eru starfrækt nokkur gistiskýli og heimili fyrir heimilislausa í Reykjavík. Samt sem áður eiga fjölmargir hvergi höfði sínu að að halla. Algengt er að utangarðsmenn leiti til lögreglunnar og fái að leggja sig í fangaklefum yfir nóttina. Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður sagði á málþinginu að árið 2006 hefðu sjötíu heimilislausir einstaklingar gist hjá lögreglunni.

„Þessir menn hafa sér ekkert til sakar unnið annað en að vera heimilislausir vímuefnaneytendur. Það vantar einhvers konar neyðarvistun því lögreglan þarf að geta vísað mönnum eitthvert sem leita til hennar,“ sagði Berglind og benti á að oft væri erfitt að senda heimilislausa menn út í kuldann á ný. „Þessir menn eru oft fárveikir og þurfa að komast undir hendur heilbrigðisstarfsmanna.“

Það voru Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Hjálparstarf kirkjunnar, Samhjálp og Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands sem stóðu fyrir málþinginu. **-þo**



**JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR** Stór hluti utangarðsmanna er á örorkubótum. Margir þurfa á heilbrigðisaðstoð að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samfylkingin

Fagnaðarfundur!

Landsfundur Samfylkingarinnar 13. - 14. apríl

Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn í Egilshöll í Reykjavík dagana 13. - 14. apríl nk. Heiðursgestir fundarins verða Mona Sahlin nýkjörinn formaður sænska Jafnaðarflokksins og Helle Thorning Schmidt formaður danska Jafnaðarflokksins.

Tökum dagana frá. Það verður kátt í Egilshöll 13. - 14. apríl.
Allir velkomnir.

www.xs.is

xS




PEPSI MAX
FARÐU OG SJÁÐU BARCELONA SPILA
OG TAKTU VIN ÞINN MEÐ!
Kauptu kippu af 2l Pepsi eða Pepsi Max í Bónus og þú gætir unnið ferð fyrir tvo á leik í spænska boltanum. Upplifðu stemmninguna á heimaleik Barcelona á Nou Camp!
Vinningar verða afhentir í BT einungis gegn afhendingu þátttökumiðans.
BT
BÓNUS
ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.514 **-0,10%** **Fjöldi viðskipta:** 486 **Velta:** 7.735 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | +1,36% | **365** | -1,68% |
| **Össur** | +0,80% | **Teymi** | -1,56% |
| **Actavis** | +0,41% | **Exista** | -1,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,51 -1,68% ... Actavis 72,70 +0,41% ... Alfesca 4,87 -0,61% ... Atlantic Petroleum 627,00 +0,32% ... Atorka 6,66 -0,30% ... Bakkavör 67,00 +1,36% ... Eimskipafélagið 34,10 -0,58% ... FL Group 30,10 -1,31% ... Glitnir 26,70 +0,00% ... Kaupþing 1.036 -0,48% ... Landsbankinn 32,00 -0,31% ... Marel 75,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,20 +0,00% ... Össur 126,00 +0,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Peningaskápurinn ...

**Óvissuferð til Barcelona**

Væntanlega hafa glaðst í gær starfsmennirnir 550 hjá Eimskipi og dótturfélögum þegar í ljós kom að óvissuferð sem lagt var upp í um morguninn endaði í borginni Barcelona á Spáni. Mikil spenna hafði ríkt fyrir ferðina, sem er þriðja óvissuferðin sem Eimskip býður sínu fólki upp á. Í fyrra var ferðinni heitið til Montreal í Kanada og árið 2005 var haldið til Búdapest í Ungverjalandi. Flogið var á Boeing 747-300 vél Air Atlanta Icelandic sem er dótturfélag Eimskips.

Um næstu helgi er óvissudagur haldinn fyrir starfsfólk 365 sem enn ríkir leynd yfir, en má væntanlega slá föstu að ekki verði farið til útlanda, svona miðað við tap síðasta árs.



**Kostnaður og gjöld krufin**

Alþýðusamband Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja hafa fengið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að gera samanburðarúttekt á þjónustugjöldum banka og sparisjóða á Norðurlöndum. Mikill gróði bankanna í fyrra hefur getið af sér margvíslegar bollaleggingar um meint okur sem nú verður væntanlega hægt að hrekja eða sanna með afgerandi hætti. Samtök fjármálafyrirtækja eru væntanlega örugg um að hér verði ekki upplýst um okur fyrst þau láta leggja í þessa rannsókn.

Í fyrsta áfanga rannsóknarinnar verður lagt mat á helstu þjónustuliði, svokölluð þjónustugjöld, en í síðari áfanga verður kannaður kostnaður vegna lántöku, uppgreiðslugjald og vaxtamunur.

# AAA-einkunn alveg úr korti

Mikilvægt er að fjárfestar bregðist ekki of hart við væntanlegri leiðréttingu matsfyrirtækisins Moody's á lánshæfiseinkunn bankanna, segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild HR.

Ólafur segir augljóst mál að Moody's hafi gert mistök undir lok síðasta mánaðar þegar tekin voru upp ný viðmið í mati á lánshæfi bankastofnana. „Bankarnir eru hins vegar þeir sömu eftir sem áður," segir hann og kveður viðbúið að Moody's leiðrétti mat sitt hvað úr hverju og lækki aftur lánshæfiseinkunnir bankanna. „Þó svo að bankarnir séu góðir þá var þessi AAA-einkunn alveg út úr korti fyrir þá." **- óká**

# Actavis enn í baráttunni um Merck

Actavis er enn með í samkeppninni um yfirtöku á samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck. Orðrómur er uppi um að fyrirtækið hafi dregið sig úr samkeppninni ásamt bandaríska fyrirtækinu Mylan. Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri- og ytri samskipta Actavis, vísar því á bug.



**PILLUBRÉF FRÁ ACTAVIS**

Vefmiðlar viðskiptatímaritanna Forbes og Economic Times sögðu báðir frá því í gær að fækkað hefði í samkeppninni um Merck. Actavis og Mylan hefðu dregið sig í hlé auk þess sem indverska félagið Ranbaxy hefði hætt við kaupin í byrjun vikunnar.

Halldór segir viðræður Actavis og Merck enn í gangi. „Það hafa verið vangaveltur um þetta í erlendum miðlum. En það er ekki rétt. Við eigum enn í viðræðum við þá og höfum áhuga á félaginu fyrir rétt verð," segir hann.

Auk Actavis eru nokkur félög í kauphugleiðingum. Þar á meðal er ísraelska félagið Teva, indverska lyfjafyrirtækið Torrent Pharma auk nokkurra fjárfestingasjóða.

Verðmiðinn á samheitalyfjahluta Merck liggur í um fimm milljörðum evra, jafnvirði rúmra 440 milljarða íslenskra króna. **- jab**

# Horfa út fyrir sparisjóðina

Tölvumiðstöð sparisjóðanna hefur fengið nýtt nafn og heitir nú Teris. Ákvörðun um þetta var tekin á aðalfundi félagsins í gær. Nafnabreytingin er sögð vera í takt við aukna áherslu félagsins á þjónustu við fyrirtæki utan sparisjóðanna.

Teris er upplýsingatæknifyrirtæki sem þjónustar fjármálafyrirtæki og starfar sem upplýsingasvið þeirra. Hjá félaginu starfa um 100 manns og er Teris meðal stærstu upplýsingatæknifyrirtækja landsins. Þjónustu félagsins er skipt í lausnir fyrir viðskiptabanka annars vegar og fjárfestingabanka hins vegar. „Undir viðskiptabankalausnum má finna kortalausnir, inn- og útlánalausnir og almennar þjónustulausnir. Fjárfestingabankalausnir ná yfir markaðsviðskipti og eignastýringu, fjár- og áhættustýringu og einkabankaþjónustu," segir í tilkynningu Teris.

Sæmundur Sæmundsson, forstjóri Teris, segir félagið hafa þróast hratt síðustu árin og í raun vera búið að sprengja utan af sér þann ramma sem settur var í upphafi. „Teris er öflugt upplýsingatæknifyrirtæki sem er framarlega á sviði fjármálalausna og við ætlum okkur enn stærri hluti á þeim markaði í framtíðinni. Með nýju nafni og nýju skipulagi erum við enn betur í stakk búin til að verða eitt öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins," er eftir honum haft.

Þjónusta Teris er á sviði grunnlausna í viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi, viðskipta á vefnum, í rekstri gagnavöruhúsa, kortalausna, áhættustýringar og ráðgjafar. Teris er jafnframt sagt fylgja viðskiptavinum sínum í útrás þeirra.

Teris – Tákn um þekkingu

**NÝTT NAFN OG MERKI** Tölvumiðstöð sparisjóðanna heitir núna Teris.

„Nafnið Teris er afbrigði af forngríska karlmannsnafninu Eleutherios sem merkti frjáls og óháður," segir í tilkynningu félagsins og er bent á að í forngrísku sé til sagnorðið „tereo" sem þýði að vernda eða vaka yfir. **- óká**





GOTT FÓLK

...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

**Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:**

- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

PERLA INVESTMENTS

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

# Atorka bætir við sig



MAGNÚS JÓNSSON,

Atorka Group hefur eignast tæplega þrjátíu prósenta hlut í Clyde Process Solutions (CPS) sem er skráð á AIM-markaðinn í Lundúnum. Kaupin eru gerð í tengslum við hlutafjáraukningu CPS og nemur virði þeirra um 1.170 milljónum króna (níu milljónum punda). CPS kaupir í kjölfarið allt hlutafé í bandaríska fyrirtækinu MAC Equipment.

Atorka greiðir fyrir hlutinn með handbæru fé og verður stærsti hluthafinn.

CPS, sem velti sjö milljörðum króna á síðasta ári, framleiðir háþróaðar lausnir til flutninga og meðhöndlunar á hráefni í framleiðsluferlum, ásamt tengdum mengunarvarnarbúnaði. Félagið er með starfsemi í öllum heimsálfum. Þessar lausnir bæta nýtingu hráefna og draga verulega úr mengun. Stórfyrirtæki á borð við General Electric, Exon Mobil, Wrigley's og Nestlé eru í hópi viðskiptavina CPS.

Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem Atorka leggur fram nýtt hlutafé í breskt iðnaðarfyrirtæki. Þannig jók félagið hlut sinn í fjörutíu prósent í InterBulk Investments með því að kaupa nýtt hlutafé fyrir 2,6 milljarða króna. - eþa

## BRESK SMÁSALA EYKST

Smásöluverslun jókst um 1,4 prósent í Bretlandi í febrúar. Hækkunin nemur 4,9 prósentum á ársgrundvelli, samkvæmt upplýsingum bresku hagstofunnar. Þetta er nokkru meira en greinendur gerðu ráð fyrir. Þá er þetta talsverður viðsnúningur frá lokum síðasta árs en í nóvember og desember dróst smásöluverslun saman á milli mánaða.

Verslanaeigendur gripu til ýmissa ráða til að blása í glæður smásöluverslunar, meðal annars með verðlækkunum beggja vegna áramótanna. Er nú svo komið að smásöluverð er að meðaltali 0,3 prósentustigum lægra í Bretlandi en á sama tíma fyrir ári.

Að sögn bresku hagstofunnar hefur smásöluverslun ekki aukist jafn hratt síðan í nóvember árið 2004. Greinendur eru ekki á einu máli hvernig túlka megi niðurstöðurnar og segja að þær geti aukið líkurnar á því að Englandsbanki hækki stýrivexti áður en sumarið gengur í garð. - jab





- opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

PIPAR • SÍA

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

Viðskiptasendinefnd ferðaþjónustufyrirtækja til
Norður-Englands

Útflutningsráð ásamt samstarfsaðilum stendur fyrir viðskiptasendinefnd ferðaþjónustufyrirtækja til Norður-Englands 24.-27. apríl nk.

**Áhersluatriði**
- **Skipulagning viðskiptafunda**
- **Fræðsla**
- **Íslandskynning**

Nánari upplýsingar um viðskiptasendinefndina má finna á vef Útflutningsráðs **www.utflutningsrad.is**

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband sem fyrst við Guðjón Svansson, **gudjon@utflutningsrad.is**, Hermann Ottósson, **hermann@utflutningsrad.is** eða Ingu Hlín Pálsdóttur, **inga@utflutningsrad.is** til að skrá þátttöku og fá nánari upplýsingar um viðskiptasendinefndina.

**Skráningarfrestur er til 27. mars.**

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

RÝMINGARSALA
HOLTAGARÐAR

30-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

TROÐFULL BÚÐ AF VÖRUM - FYLLUM Á DAGLEGA

OPNUM KLUKKAN 10:00 LAUGARDAG
KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!

VERSLUNIN LOKAR
ALLT Á AÐ SELJAST

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ATH. AÐ TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í RÚMFATALAGERNUM HOLTAGÖRÐUM



# QASHQAI E

**Qashqai** er glænýr tímamótabíll frá Nissan. Þessi borgarjeppi sem beðið hefur verið með þvílíkri eftirvæntingu á Íslandi á eftir að koma verulega á óvart, enda helsti tískubíllinn í evrópskum borgum. **Qashqai** sameinar eiginleika töff borgarbíls og harðsnúins fjallajeppa.

**Qashqai** – *allt á einu bretti.*



NISSAN
R KOMINN!
FRUMSÝNING Í DAG KL. 12-16
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00
Umboðsmenn um land allt
Akranesi 431 1376
Akureyri 464 7940
Höfn í Hornafirði 478 1990
Njarðvík 421 8808
Reyðarfirði 474 1453

# Fæðuofnæmi er vaxandi vandamál

**Ofnæmi og ofnæmissjúkdómar fara vaxandi í hinum vestræna heimi. Í Evrópu einni er talið að á bilinu 11-26 milljónir manna þjáist af einhvers konar fæðuofnæmi. Samt telja mun fleiri sig vera með ofnæmi en hafa það í raun og veru. Íslenskir vísindamenn taka nú þátt í alþjóðlegri rannsókn á fæðuofnæmi, EUROPREVALL, þeirri viðamestu sem gerð hefur verið í heiminum.**

Það eru vísindamennirnir og læknarnir Þórarinn Gíslason, Davíð Gíslason, Sigurveig Þ. Sigurðardóttir og Michael Clausen sem koma að rannsókninni af hálfu Íslands. Að sögn Michaels er það mikil viðurkenning og mikils virði fyrir Ísland að vera með í þessari rannsókn. „Allir fremstu vísindamenn Evrópu á sviði ofnæmisrannsókna koma að þessu, auk annarra sem málið varðar eins og sjúklingasamtaka og matvælaframleiðenda. En það er fyrst og fremst öflugt rannsóknastarf Þórarins Gíslasonar sem varð til þess að Ísland er eitt Norðurlandanna þátttakandi í rannsókninni.“



MICHAEL CLAUSEN LÆKNIR Rannsókn á orsökum fæðuofnæmis hefst meðan barnið er enn í móðurkviði, segir Michael. Móðirin svarar spurningum um hvað hún borðar á meðgöngu, um hreinlæti og gæludýraeign. Þegar barnið fæðist er svo tekið blóðsýni úr naflastreng. Barninu er svo fylgt eftir með spurningalistum til tveggja og hálfs árs aldurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## SÉRFRÆÐINGUR Í OFNÆMISLÆKNINGUM BARNA OG UNGLINGA

Michael Clausen er fæddur í Reykjavík árið 1958. Hann stundaði nám við Menntaskólann í Reykjavík og síðan Háskóla Íslands og brautskráðist frá læknadeild HÍ árið 1987. Hann lauk sérfræðinámi í barnalækningum í Svíþjóð árið 1993 og sérfræðinámi í ofnæmislækningum barna og unglinga 1997.

Í Svíþjóð starfaði hann á barnadeildum við Kärnsjukhuset í Skövde og Östra Sjukhuset í Gautaborg.

Michael vann á barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri en síðan 1999 hefur hann starfað sem barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum barna við Barnadeild Landspítalans og á göngudeild í ofnæmissjúkdómum. Michael er stundakennari við Læknadeild Háskóla Íslands og situr í stjórn Læknafélags Reykjavíkur. Kona hans er Heiða Sigríður Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur.

### Munur á ofnæmi og óþoli

Fæðuofnæmi og fæðuóþol eru í sjálfu sér löngu þekkt fyrirbæri í sögu mannkyns. Á þessu tvennu er þó grundvallarmunur að sögn Michaels. „Við tölum um fæðuofnæmi þegar hægt er að greina virkjun í ónæmiskerfinu hjá þeim sem verður illt af einhverri fæðu en fæðuóþol þegar virkjun í ónæmiskerfinu er ekki til staðar. Í þeim tilfellum er oft um lífræn virk efni að ræða í fæðunni sem valda einkennum eða til dæmis efnahvataskortur eins og í mjólkursykuróþoli.“

Talið er að meðalmaður neyti 50-100 tonna af fæðu um ævina og það segir sig sjálft að í öllu þessu magni leynast alls kyns eiturefni sem geta valdið sjúkdómum. „Fram til þessa hefur verið áætlað að um 1-2 prósent af fullorðnu fólki þjáist af fæðuofnæmi eða fæðuóþoli. Vaxandi tíðni greindra tilfella á undanförnum árum bendir hins vegar til þess að nú láti nærri að þessi tala sé 2-4 prósent og 4-8 prósent hjá börnum,“ segir Michael.

### Rannsókn hefst í móðurkviði

Markmið EUROPREVALL-rannsóknarinnar að sögn hans er að reyna að komast að því hvað valdi þessari fjölgun tilfella; skilja af hverju fólk fær fæðuofnæmi, bæta greiningu og reyna að finna leiðir til að draga úr þessu. „Hlutverk okkar í þessu er að skoða faraldsfræði ofnæmissjúkdóma á Íslandi auk þátta sem gætu tengst myndun á fæðuofnæmi. Það gerum við með sérstakri ungbarnarannsókn, könnun á fæðuofnæmi hjá börnum og fullorðnum á Íslandi og könnun á eðli fæðuofnæmis á Íslandi.“

Ungbarnarannsóknin hefst meðan börnin eru enn í móðurkviði og foreldrar sem þátt taka svara spurningum um hvað móðirin borðar á meðgönguninni, um hreinlæti á heimilinu, hvort þar eru gæludýr og svo framvegis. „Síðan þegar barnið fæðist er tekið blóðsýni úr naflastreng og það geymt. Barninu er síðan fylgt eftir með spurningalistum til tveggja og hálfs árs aldurs og eins láta foreldrar vita ef barnið fær einkenni um ofnæmi og það er þá tekið í próf til að fá

> Algengast hjá börnum er ofnæmi fyrir mjólk og eggjum en það eldist yfirleitt af þeim. Eftir situr hins vegar ofnæmi fyrir sjávarfangi og jarðhnetum, sem fólk virðist síður losna við.

það staðfest.“

Nú þegar taka rúmlega 600 íslensk börn þátt í þessari rannsókn og segir Michael foreldra sýna þessu mikinn áhuga. Allir verðandi foreldrar geta tekið þátt.

### Sex þúsund þátttakendur

Annar hluti rannsóknarinnar felst í því að valinn var þrjú þúsund manna hópur á aldrinum 20-54 ára á höfuðborgarsvæðinu með slembiúrtaki og honum sendir spurningalistar um fæðuofnæmi. „Þeir sem gefa jákvæð svör fá boð um frekari rannsóknir með ítarlegum spurningalista og blóðprófi, auk þess sem gerð eru fæðuáreitipróf þegar það á við til að staðfesta ofnæmið. Með þessum hætti er hægt að fá fram algengi fæðuofnæmis hjá börnum og fullorðnum á Íslandi og einnig hverjir eru helstu fæðuofnæmisvaldar hér á landi,“ segir Michael.

Hann bætir því við að þrátt fyrir að fólk sé almennt áhugasamt um rannsóknina sé svörun á þessum hluta hennar ekki alveg nógu góð.

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

„Eina skýringin sem ég hef er að fólk virðist vera orðið óvant því að fara á pósthús til að senda bréf, en þetta er eina leiðin sem við höfum eins og er og við verðum bara að hvetja alla til að drífa sig með svörin á pósthúsið.“

Michael segir að næsta skref í þessum hluta rannsóknarinnar verði að senda út svipaða spurningalista til þrjú þúsund skólabarna á aldrinum 7-10 ára. „Þetta verða mjög einfaldar spurningar sem á ekki að taka nema 2-5 mínútur fyrir foreldrana að svara. Þeir sem síðan virðast líklegir til að hafa fæðuofnæmi verða boðaðir í frekari rannsóknir.“

### Skert lífsgæði

Síðasti hlutinn af íslensku rannsókninni felst í rannsókn á þeim sem vitað er að eru með fæðuofnæmi. „Þeim er boðið upp á ýtarlega rannsókn þar sem teknar verða prufur og gerð áreitipróf. Með því er verið að kanna hvernig ýmsir þættir í blóði þessara einstaklinga eru mismunandi. Síðan er gert áreitipróf þar sem viðkomandi fær grunaða fæðu í smávaxandi skömmtum til að sanna eða afsanna ofnæmið.“

Michael tekur fram að í sumum tilfellum eldist ofnæmið af fólki, jafnvel hjá fullorðnum, og því mikilvægt að staðfesta ofnæmið með óyggjandi hætti. „Í þessum hluta rannsóknarinnar getum við ekki kvartað undan áhugaleysi, því mun fleiri vilja taka þátt en við komumst yfir að sinna,“ segir hann.

Skýringuna á því telur hann meðal annars þá að fólk sem glími við fæðuofnæmi upplifir það sem skerðingu á lífsgæðum og er tilbúið að leggja sitt af mörkum til að finna lausn á þessum vanda. „Það spila auðvitað inn í þetta alls kyns félagslegir þættir, til dæmis hvaða þýðingu þetta hefur fjárhagslega fyrir einstaklinga og samfélagið. Þessa þætti munum við skoða í samvinnu við Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.“

### Nauðsynlegt að örva ónæmiskerfið

Að sögn Michaels geta mjög margar fæðutegundir valdið ofnæmi eða óþoli en sumar hafa meiri tilhneigingu til þess en aðrar. Meðal fæðutegunda sem oft valda ofnæmi eru jarðhnetur, fiskur, skelfiskur, egg, mjólkurprótein, hveiti og sojabaunir. „Algengast hjá börnum er ofnæmi fyrir mjólk og eggjum en það eldist yfirleitt af þeim. Eftir situr hins vegar ofnæmi fyrir sjávarfangi og jarðhnetum, sem fólk virðist síður losna við.“

Hann segir engar einfaldar lausnir til á þessum vanda en nefnir þó að vitað sé að ónæmiskerfi líkamans þurfi ákveðna ögrun/örvun til að virka rétt og afar mikilvægt sé að það gerist þegar í frumbernsku. „Breytt fæðuval getur haft mikið að segja í þessum efnum. Við Íslendingar höfum til dæmis minkað fiskneyslu mjög á undanförnum árum og það er af hinu slæma því í fiski mikið af omega-3 fitusýrum sem eru afar jákvæðar fyrir ónæmiskerfið,“ segir Michael Clausen, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum barna.

ssal@frettabladid.is




# Flottar fermingagjafir

TIPA 2006

## SAMSUNG DIGIMAX i6



12.000 AFSLÁTTUR

6 milljón pixla
3 x optískur aðdráttur
Mp 3 spilari
Hristivörn
2,5" skjár
Tekur video
Mikið af séreiginleikum
Frábær hönnun

TILBOÐ Kr. 26.900,- Kr. 2.665,- 12 mán Kr. 38.900,-

## Kodak EasyShare C530 og ljósmyndaprentari







5.080 AFSLÁTTUR

5 milljón pixla
Kodak myndgæði
16MB innra minni
5X stafrænn aðdráttur
Einföld og bægileg í notkun
Snögg að taka myndir
Innbyggt flass
1.5" LCD skjár
Ljósnæmni ISO 100-400
Auðvelt að færa myndir yfir á tölvu

**Kodak ljósmyndaprentari**
Margverðlaunuð Kodak myndgæði. Myndir sem endast áratugum saman. Pappír skemmist ekki af fingraförum, þolir vatn og er hægt að þerra hann án skemmda. Kodak XTRALIFE húðaður pappír. Prentun með eða án tölvu. Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra myndir á tölvu.

TILBOÐ Kr. 19.900,- Kr. 24.980,-

## RICOH CAPLIO R4 sú sneggsta



10.000 AFSLÁTTUR

6,0 milljón pixla
7x optískur aðdráttur
2,5" skjár
Mjög hröð, aðeins 0,007 sec að smella af
Frábær í nærmyndatökur, 1 cm macro

TILBOÐ Kr. 29.900,- Kr. 2.946,- 12 mán Kr. 39.900,-

## Kodak EasyShare Z612



6,1 milljón pixla
Schneider Kreuznach linsa tryggir gæðin
12 x optískur aðdráttur (35 - 420 mm)
Hristivörn
2,5" skjár
Mikið af stillimöguleikum og tökustillingum
Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki fylgir

Kr. 3.882,- 12 mán Kr. 39.900,-

## SAMSUNG GX1L

Takmarkað magn



6.1 Megapixlar
18-55mm Schneider linsa
Pentamirror spegill
2.5" LCD skjár
2.8 rammar á sek
5 punkta fokus
Ljósnæmni ISO 200 - 3200
Innbyggt flass
Sjálftakari
Notar SD kort
Myndir: Jpeg, Raw
Val á myndáferð
USB tengi
470 gr.

15.000 AFSLÁTTUR

TILBOÐ Kr. 64.980,- Kr. 3.434,- 12 mán Kr. 79.980,-

## SAMSUNG DIGIMAX L70



5.000 AFSLÁTTUR

7.2 milljón pixla
2.5" Hágæða LCD skjár
37.5-112.5mm linsa
Ljósop f/2.7 - f/5.2
Ljósnæmni ISO 100-800
ASR hristivörn - Algorythmi
15 cm nærmyndataka (Macro)
Hljóðupptaka (Diktafónn)
MPEG 4 vídeóupptaka
Notar SD kort
Hleðsla með USB snúru
11 Forstillingar

TILBOÐ Kr. 24.900,- Kr. 2.463,- 12 mán Kr. 29.900,-

## EPSON Stylus DX4000

Prentari og skanni



5.000 AFSLÁTTUR

Prentgæði
5760x1440 punkta upplausn
Litahylki :4
Svartur texti 23 bls á min
Lita texti 12 bls á min

TILBOÐ Kr. 11.790,- Kr. 16.790,-

## Kodak EasyShare Series 3

Tilboð á ljósmyndaprentara við kaup á myndavél



**Ljósmyndaprentari**
Margverðlaunuð Kodak myndgæði.
Myndir sem endast áratugum saman.
Pappír skemmist ekki af fingraförum.
Pappír þolir vatn og hægt að þerra bleytu án skemmda.
Kodak XTRALIFE húðaður pappír.
Prentun með eða án tölvu.
Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra að myndir á tölvu.

6.000 AFSLÁTTUR

TILBOÐ Kr. 8.980,- Kr. 14.980,-

100 ára HANS PETERSEN 1907–2007

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR MasterCard

Vefverslun Hans Petersen er á www.hanspetersen.is/verslun

12 mán 24 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nei í gær. Já í dag.

## Stóra bókhalds-hjáleiðin

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fyrirtækið Faxaflóahafnir hefur sent frá sér tilboð um að sjá um einhverja stærstu framkvæmd við umferðarbrautarmannvirki sem um getur og kennd er við Sundin blá. Það sem meira er: Hafnafyrirtækið býðst til að afla þess fjár sem til þarf. Það er ekki mælt í sparibaukum. Áætlaður kostnaður er hálfur þriðji tugur milljarða króna.

Ríkisstjórnin tekur þessum boðskap fagnandi. Það gerir stjórnarandstaðan einnig. Bankarnir vilja aukheldur vera með. Almennt ætti það að vera tilefni gleðistundar þegar slíkur pólitískur samhljómur berst kjósendum til eyrna. Að öllu jöfnu ætti sú andans eining að vera vísbending um eða jafnvel sönnun fyrir að þar með væri málum vel ráðið, mælt á viðurkennda kvarða skynsemi og fyrirhyggju.

Hvað sem líður ályktunum af þessu tagi er ástæða til að skyggnast aðeins undir sykurhúð málsins. Það fyrsta sem vekur athygli er þetta: Alþingi samþykkti vegaáætlun þegar klukkan var gengin tíu mínútur í miðnætti síðasta laugardag. Þar var ákveðið að verja átta milljörðum króna til Sundabrautar á árunum 2008 til 2010, eða sem nemur innan við þriðjungi af heildarkostnaði framkvæmdarinnar.

Þetta þýðir að fyrir viku var það mat fjárveitingavaldsins að framkvæmdin öll rúmaðist ekki innan þeirra marka sem ríkisumsvifin verða að lúta á næstu árum. Jafnframt sá Alþingi sér ekki fært að samþykkja vegaáætlun til lengri tíma. Svo gerist það á einni nóttu án útskýringa að nei í gær merkir já í dag.

Bankarnir hafa verið helstu gagnrýnendur á fjármálastefnu ríkissjóðs. Þeir hafa ítrekað fært fram rök fyrir því að opinberir aðilar færðust of mikið í fang miðað við efni. Með því ynni ríkisvaldið gegn viðleitni Seðlabankans til að viðhalda stöðugleika. Ámæli bankanna hefur ekki síst beinst að framkvæmdum í samgöngumálum. Það sem þeir töldu vítavert fyrir viku er þeim nú keppikefli.

Hvað hefur breyst á þessum fáum dögum? Fékk þjóðarbúið happdrættisvinning? Eða reiknuðu menn vitlaust? Hvorugt. Það eina sem hefur gerst er að séðir menn komu auga á stóru hjáleiðina utan við bókhald ríkissjóðs. Með því að fela framkvæmd sem þessa í hendur opinberu fyrirtæki á vegum sveitarfélaga eða eftir atvikum einkaaðila skrifast lántakan ekki á ríkissjóð þó að skattborgurunum sé ætlað að borga brúsann þegar upp verður staðið.

Að þessari uppgötvun gerðri telur sameinað fjárveitingavaldið, ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan, að það sem í síðustu viku var þensluskapandi ríkisframkvæmd sé það einfaldlega ekki lengur. Bankastjórunum sem fyrir viku var vandlætingarorða vant vegna þensluverkefna ríkisins sjá nú möguleika á vaxtamunartekjum. Þá hverfur þenslueðli verkefnisins eins og dögg fyrir sólu.

Sundabrautin er vafalaust arðsöm framkvæmd og til augljósra hagsbóta fallin þó að brýnt ákall um úrlausn megi að einhverju leyti rekja til almennrar umferðartaugaveiklunar. En mergur málsins er sá að bókhaldshjáleiðin breytir engu um efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar. Umræðan um hana dregur hins vegar úr trausti, hvort heldur litið er til fjárveitingavaldsins eða bankanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fagnað 2007

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fagnaði ákaft í vikunni áhuga Faxaflóahafna á því að fjármagna Sundabraut. „Þetta er þannig vaxið að ef samningar geta tekist sé ég ekkert því til fyrirstöðu að hrinda framkvæmdum af stað eins fljótt og kostur er,“ var meðal annars haft eftir ráðherra í forsíðufrétt Fréttablaðsins á fimmtudag. Daginn eftir, á föstudegi, mátti reyndar lesa um viðbrögð Árna Þórs Sigurðssonar, borgarfulltrúa og fyrrverandi formanns stjórnar Faxaflóahafna, sem bendir á að tilboð hafnanna sé ekki nýtt af nálinni, um sé að ræða ítrekun á tilboði sem stjórn fyrirtækisins hafi kynnt stjórnvöldum í fyrra.



### Fagnað 2006

Jú, og mikið rétt, fyrir fjórtán mánuðum rúmum, hinn 12. janúar 2006, mátti lesa frétt á vef Ríkisútvarpsins, RÚV, sem hófst á þessum orðum: „Samgönguráðherra tekur fagnandi yfirlýsingum Faxaflóahafna um að fyrirtækið vilji koma að fjármögnun Sundabrautar og nýrra Hvalfjarðarganga. Hann segir líklegt að aðkoma fyrirtækisins geti flýtt framkvæmdum. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lýsir yfir ánægju sinni með áhuga stjórnar Faxaflóahafna á umræddum samgöngumannvirkjum …“ Hljómar nokkuð líkt, ef ekki beinlínis eins og fréttir vikunnar af Faxaflóahöfnum og Sundabraut. Nú er bara að bíða og sjá hvort verkið hefjist á næstunni eða hvort samhljóða fréttir megi lesa að ári liðnu.



### Stefnt á toppinn?

Íslandshreyfing Margrétar Sverrisdóttur, Ómars Ragnarssonar og fleiri, kynnti framboð sitt á föstudag sem kunnugt er. Þar gengu Jakob Frímann Magnússon og Ósk Vilhjálmsdóttir einnig fram fyrir skjöldu sem leiðandi í framboðinu. Haft er eftir Jakobi Stuðmanni í Morgunblaðinu að þau muni ekki endilega skipa efstu sæti á listum framboðsins. En vissulega má leiða að því líkur að hann hafi til þess metnað, enda hefur hann boðið sig fram nokkrum sinnum í prófkjörum og þá stefnt hátt.

sigridur@frettabladid.is

# Athafnastjórnmál

Stjórnmál eru eitt af þeim sviðum mannlífsins þar sem nýyrðasmíð býr við góð skilyrði. Stjórnmálamenn eru nefnilega sífellt að leita að nýjum merkimiðum á stefnumál sem annars kynnu að virðast frekar þreytt.

Nýyrði ársins 2006 var án efa „athafnastjórnmál“ sem leiðtogar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Reykjavík bjuggu til yfir stefnu nýs meirihluta í borginni. Nú þegar nokkur reynsla er komin á störf meirihlutans þá er ljóst að hugtakið athafnastjórnmál er annað nafn á kyrrstöðu. Hinn nýi meirihluti í Reykjavík vill að Reykjavík verði áfram eins og bandarískar bílaborgir í stað þess að taka meira mið af því hvernig samgöngumálum er háttað í Evrópu. Helsta afrek þeirra þar eru ein gatnamót sem munu kosta íslenska skattborgara jafn mikið og allar samgöngubætur á Norðausturlandi gera á sama tíma. Munurinn er bara sá að á Norðausturlandi býr fólk við ónýta vegi sem eru lokaðir oft á ári, en við Miklubrautina var ekki hægt að stunda hraðakstur örfáa klukkutíma á dag. Það ætti því að blasa við hvort er brýnna – nema að menn séu athafnastjórnmálamenn með ríka þörf fyrir framkvæmdir því að þar gildir að dýrara sé betra.

Athafnastjórnmálamennirnir hafa gert það að sérstakri dyggð að hugsa ekki – heldur framkvæma. Og þegar ekki þarf að velta hlutunum fyrir sér er aldrei litið á nýja valkosti; aldrei hugsað út fyrir rammann. Athafnastjórnmálamenn gera því aldrei neitt nýtt – en þeir eru duglegir við að framkvæma gamalkunn stefnumál. Þegar svifryksmengunin í Reykjavík rýkur svo upp úr öllu valdi eiga athafnamennirnir engin svör því að vandamálið er nýtt og býður ekki upp á lausnir gærdagsins.

Stuðningur íslenskra ráðamanna við innrásina í Írak var vissulega forkastanlegur og er nú fordæmdur af flestöllum – meira að segja fólkinu sem kaus sömu menn til valda í kjölfarið. En hvers vegna áttu mistökin sér stað? Var orsökin ekki sú að þeir Davíð og Halldór voru athafnamenn en ekki menn íhugunar? Þeir þurftu ekkert að velta því fyrir sér hvort innrásin væri röng eða hverjar afleiðingar hennar yrðu. Þeir vissu sem var að Íslendingar væru í liði með Bandaríkjunum og að sannir athafnamenn væru fljótráðir í stuðningi við foringjann. Mánuðum saman orguðu athafnamennirnir svo framan í stríðsandstæðinga „hvað viljið þið gera?“ – líkt og þeir gerðu áður út af Júgóslavíu og Afganistan. Þannig eru stjórnmál athafnanna – hugsun og vangaveltur um ólíka valkosti eru það sem fer mest í taugarnar á athafnamönnunum.



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Stjórnmál

*Staðreyndir kalla nefnilega á umræðu og jafnvel gagnrýni og allt slíkt tefur fyrir athafnastjórnmálum.*

Orðræða um utanríkismál nú á kosningavetri ber með sér að athafnastjórnmálamenn stjórna flestum flokkum. Þetta voru menn sem voru vissir í sinni sök með her í Keflavík og Bandaríkjaforseta sem alvitran forráðamann. Nú þegar herinn er farinn og Bandaríkjaforseti með allt á hælunum þá einkennast viðbrögð þessara flokka af þögn. Við búum í veröld nýrra vandamála sem kalla á nýjar lausnir – sem athafnastjórnmálamenn gærdagsins ráða ekki einu sinni við að hugsa um. Það var þessi hugsun sem olli því að brottför hersins frá Keflavík kom þeim í opna skjöldu og það er hún sem kemur núna í veg fyrir að þessir flokkar geti rætt um utanríkismál. Varla er hægt að finna skýrara dæmi um það hvernig athafnastjórnmálin snúast í raun um kyrrstöðu.

Og svo má lengi ræða um Kárahnjúkavirkjun. Það þurfti ekkert að bíða eftir rammaáætlun í umhverfismálum áður en ráðist var í þetta stórvirki – rammaáætluninni þar sem virkjunin var í neðsta sæti sem góður valkostur. Sannir athafnastjórnmálamenn bíða ekki eftir rammaáætlunum því að þær snúast um upplýsta ákvarðanatöku og allgóðan skammt af íhygli. Ekki að framkvæma fyrst og hugsa svo. Kjósendur fengu svo aldrei möguleika á að taka upplýsta afstöðu til stærstu ríkisframkvæmdar Íslandssögunnar því að grundvallarstaðreyndir, t.d. um orkuverð, voru aldrei lagðar á borðið. Staðreyndir kalla nefnilega á umræðu og jafnvel gagnrýni og allt slíkt tefur fyrir athafnastjórnmálum.

Athafnastjórnmálamennirnir hafa fengið að ráðskast með málefni Íslendinga lengi. En nú ættum við kannski að velta því fyrir hvort stundum hefði ekki verið betra að hugsa áður en ráðist var í að framkvæma hlutina. Hvort ekki eigi að endurvekja gamalt slagorð um „umræðustjórnmál“ og gefa því eitthvert annað innihald en pólitískan vindhanasnúning. Við getum valið okkur framtíð en við gerum það einungis með því að hugsa málin fyrst og ræða hlutina áður en stefnan er mótuð – í stað þess að æða blindandi inn í öngstræti athafnastjórnmálanna.

# Allir tapa á ójöfnuði

UMRÆÐAN

Ójöfnuður á Íslandi



MARGRÉT S. BJÖRNSDÓTTIR

Ötulasti talsmaður ójafnaðar í samfélagi okkar, Hannes Gissurarson, heldur áfram uppteknum hætti í Fréttablaðinu í gær og ver aukinn ójöfnuð í samfélaginu með þeirri röksemd einni að tekjur allra hafi aukist. Um tekjuaukninguna er ekki deilt heldur hitt að skatta- og bótakerfi ríkisstjórnarinnar hefur aukið ójöfnuð. Kemur þar tvennt til; skattleysismörk fylgja ekki launa- eða verðlagsþróun og barnabætur, sem skipta láglaunafólk mestu, voru skertar um rúma 10 milljarða 1995-2005, þó aðeins hafi verið gefið í nú rétt fyrir kosningar.

Ójöfnuður snýst ekki bara um réttlæti, heldur hlýst mikill samfélagslegur og persónulegur kostnaður af ójöfnuði. Í öllum rannsóknum á ójöfnuði er gengið út frá að hann sé afstæður. Fólk ber sig saman við fólk í samfélagi sínu, ekki öðrum. Þannig bera fátæk börn á Íslandi sig saman við skólafélagana, en ekki börn í Afríku eða börn fyrir 12 árum. Þetta kom glöggt fram í nýrri rannsókn á bágri líðan fátækra barna á Íslandi.

Rannsóknir sýna að ójöfnuður hefur ótal neikvæð samfélagsleg áhrif: Bág fjárhagsstaða foreldra hefur áhrif á heilsufar og skólagöngu barna þeirra. Ójöfnuður dregur úr félagslegum hreyfanleika og mannauður nýtist verr. Samfélög jöfnuðar eru m.a. af þeim ástæðum hagfelldari en þau sem einkennast af ójöfnuði. Ójöfnuður eykur afbrot og refsigleði samkvæmt erlendum rannsóknum. Þær hafa ekki verið gerðar hér, en ný rannsókn á íslenskum börnum sýnir að þau sem fátækari eru telja sig síður bundin af reglum samfélagsins og hafa neikvæðari afstöðu til þess. Ójöfnuður dregur úr lífshamingju fólks því það ber sig saman við meðborgara sína.

Það er því alveg sama hversu oft Hannes og skoðanabræður hans hamra á hagvexti liðinna ára, þeir komast ekki undan því að ójöfnuður hefur aukist fyrir tilverknað stjórnvalda. Hann hefur mikil samfélagsleg áhrif til lengri tíma. Sjálf er ég þess fullviss að þetta er ekki í samræmi við vilja þorra Íslendinga.

*Höfundur er frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík.*



TOPPSKÓR
Á
BOTNVERÐI
Rugldagar
Rugverð á
Rugldögum
í Toppskónum
TROÐFULL BÚÐ
AF
SKÓM
OPIÐ
Á
SUNNUDÖGUM
2 fyrir 1 á kvenstígvélum - greitt fyrir dýrara parið*
NÝTT
VERÐ:
995 kr.-
ÓTRÚLEG VERÐ
Ekta leður
VERÐ:
2.995 kr.-
ÓTRÚLEG VERÐ
VERÐ:
1.995 kr.-
ÓTRÚLEG VERÐ
VERÐ:
3.995 kr.-
Ekta leður
ecco
VERÐ:
3.995 kr.-
199 kr.-
VERÐ:
1.995 kr.-
VERÐ:
995 kr.-
ecco
VERÐ:
3.995 kr.-
Ekta leður
VERÐ:
1.995 kr.-
VERÐ:
2.995 kr.-
ÓTRÚLEG VERÐ
VERÐ:
1.995 kr.-
VERÐ:
1.995 kr.-
ÓTRÚLEG VERÐ
Ekta leður
VERÐ:
995 kr.-
VERÐ:
1.995 kr.-
VERÐ:
2.495 kr.-
VERÐ:
2.495 kr.-
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPNUNARTÍMAR
MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 10 - 16
SUN. 12 - 16
PETER KAISER
ecco
ara
LLOYD
ZINDA
*2 fyrir 1 gildir ekki á tilboðum


Sjáðu allt það besta frá Audi
R8 S8 S3 R
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8713
Audi
Stórviðburður fyrir allt bílaáhugafólk
Í tilefni af opnun nýrra og glæsilegra salarkynna fyrir Audi efnum við til stórkostlegrar bílasýningar og frumsýnum alls sex gerðir Audi bíla sem ekki hafa sést hér á landi áður.
Komdu og skoðaðu ofursportbílinn R8, stóra glæsivagninn S8 og glænýjan TT. Einnig verða sýndir RS4, S3 og Q7 S-line sem er ný sportútfærsla af þessum vinsæla lúxusjeppa.
Ekki missa af glæsilegustu lúxus- og sportbílum Audi.




HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000, www.hekla.is, hekla@hekla.is

Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00



195,-

IKEA Restaurant & Café
Þú átt allt gott skilið!
©Inter IKEA Systems B.V. 2007



Spilaðu ef þú þorir
9. HVER VINNUR!




Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

SENDU SMS BTC CCF Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU STALKER, COMMAND AND CONQUER, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA



RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Frí heimsending
VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800


MAÐUR VIKUNNAR

# Krónprins Framsóknar

**BJÖRN INGI HRAFNSSON**



**ÆVIÁGRIP**

Björn Ingi Hrafnsson fæddist í Hveragerði hinn 5. ágúst 1973. Foreldrar hans eru Hrafn Björnsson rekstrarstjóri og Björk Gunnarsdóttir fulltrúi. Fjölskyldan fluttist til Flateyrar þegar hann var fimm ára, þaðan lá leiðin til Akraness árið 1986 og síðar til Reykjavíkur. Hann er næstyngstur í systkinahópnum. Elst er hálfsystirin Halla Kristín og svo eru þau Gunnar Bjarki, Margrét og Jakob.

Björn Ingi lauk grunnskólaprófi frá Álftamýrarskóla, fór í Menntaskólann við Hamrahlíð og útskrifaðist þaðan árið 1993 af félagsfræðibraut. Þremur árum eftir stúdentspróf hóf Björn Ingi nám í sagnfræði við Háskóla Íslands þar sem hann kynntist eiginkonu sinni, Hólmfríði Rós Eyjólfsdóttur hjúkrunarfræðingi. Þau eiga tvo unga syni, Hrafn Ágúst og Eyjólf Andra.

Það er alveg hrikalega gaman að gefa honum að borða. Hann er svona „gourmet“-gæi, segir tengdamamma Björns Inga Hrafnssonar, Þórdís Sigurgeirsdóttir, með smá söknuði í röddinni. Hún sér hann ekki eins oft og áður enda krefjast íslensk stjórnmál mikils af þeim sem helga sig þeim af jafnmikilli einurð og Björn Ingi hefur gert. Þórdís segir tengdasoninn fyrirferðarmikinn lífsnautnamann sem alltaf sér spaugilegu hliðarnar við alla skapaða hluti. Glasið hans er alltaf hálffullt og þeir sem hann umgangast fá að njóta smitandi áhuga hans á stóru og smáu. Allt virðist vekja áhuga hans, hann er bókaormur, fróður og lætur fólk vita af því hvað hann veit og hugsar. Heilsteyptur náungi og duglegri en andskotinn. Þetta kemur fyrst upp í huga þeirra sem þekkja mann vikunnar náið.

Ekkert verkefni er of stórt í hans augum sammælast vinir og fjölskylda hans um. Nefnt er til sögunnar að vera orðinn varaþingmaður á svipuðum aldri og jafnaldrar hans voru nýhættir að stífla bæjarlækinn og lykilmaður í borgarmálunum litlu seinna. Í fréttum vikunnar hefur Björn Ingi verið áberandi vegna tilboðs fyrirtækis sem hann veitir forstöðu um að fjármagna og leiða til lykta stærstu einstöku framkvæmd í samgöngumálum þjóðarinnar frá upphafi vega. Hugmyndin var kannski ekki hans en hann hefur drifið málið áfram af sama krafti og önnur verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur.

Hann er fjölskyldumaður. Kvöldin eru honum heilög því þá eiga synir hans tveir athygli hans alla, það er lesið í góðri bók og spjallað. Heima við ræður hann ekki eins miklu og í vinnunni. Konan hans leggur línurnar þótt stjórnsemi hans fái notið sín í einstökum málaflokkum. Bogadyrnar í húsinu þeirra er honum hjartans mál að fái að halda sér, þrátt fyrir hugmyndir um breytingar. Hann er þó yfirleitt tilbúinn til að semja. Heima og að heiman.

Samstarfsmaður og vinur til margra ára lýsir honum sem mögnuðum náunga. Hann sé hreinskiptinn og allir viti hvar þeir hafi hann. Allir viti að hann segir það sem honum býr í brjósti þó að það falli ekki í kramið hjá viðmælandanum. Hann er skapmaður en kann að fara með það. Hann er trúr sínum skoðunum og ver þær með oddi og egg.

Félagi Björns Inga úr Framsóknarflokknum rifjar upp baráttuna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Það sé með ólíkindum að Björn Ingi hafi farið brosandi í gegnum þann hildarleik allan. Flokkurinn hafi rétt hangið í fjórum prósentum í skoðanakönnunum og fæstir, kannski enginn nema hann sjálfur, höfðu trú á því að hann næði kjöri. „Þar kristallast sú staðreynd að hann hefur gríðarlegan metnað sem hefur einkennt allt sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Hann hefur nýtt sín tækifæri óaðfinnanlega vel til að læra og víða að sér þekkingu.“

Þegar Björn Ingi var að tryggja sér olnbogarými innan Framsóknarflokksins voru átök innan flokksins. Harðvítug vilja sumir meina, til dæmis í prófkjörum. Þeir sem til þekkja segja að á þeim tíma hafi hann eignast harða mótstöðumenn og andstæðinga innan flokksins. Það hafi oft verið vegna þess að þeir sem við Björn Inga glímdu sættu sig ekki við hreinskilni hans og hversu óhræddur hann var við að tjá skoðanir sínar á opinberum vettvangi. Hann hafi líka karisma sem fari í taugarnar á þessum samflokksmönnum hans. Þessi hópur hafi haft það á orði að metnaður hans sé blindur. Þeir sem standa honum næst blása á slíkar fullyrðingar og benda á að stjórnmál séu ekki vettvangur fyrir þá sem ekki eru trúir sjálfum sér og standi fast á sínu, þó að það styggi einhverja.

Björn Ingi ólst upp á landsbyggðinni, fæddur í Hveragerði og fluttist til Flateyrar með foreldrum sínum ungur. Síðan hafði hann viðkomu á Akranesi áður en hann kom til Reykjavíkur. Frjálsræðið sem fylgir því að alast upp í litlu sjávarþorpi fylgir honum ennþá, skrifar hann. Undir þetta taka allir sem hann þekkja best. Hann er sveitakarl í sér, dýravinur og hefur gaman af því að ferðast og sofa í tjaldi. Honum er sama þótt hann vakni blautur á hægri hliðinni og dofinn á þeirri vinstri. Einn vinur komst svo að orði að honum sé sama þótt hann sé grútskítugur en hann komi alltaf hreinn til dyranna.

# Misskilningur leiðréttur!

**UMRÆÐAN**

Samskipti forstjóra



KRISTINN BJÖRNSSON

Ég hef orðið var við að orð, sem féllu af minni hálfu í Kastljósi Ríkissjónvarpsins sl. þriðjudag hafa valdið titringi manna á meðal. Einkum mun þar vera um að ræða setningar, þar sem ég lýsi yfir því, að samskipti á milli forstjóra olíufélaganna hafi verið minni á rannsóknartímabilinu 1993 – 2001 en eru á millum bankastjóra bankanna og á milli rekstraraðila helstu matvöruverslana í dag. Þarna átti ég við, að samskipti forstjóra olíufélaganna á téðu tímabili hafi ekki verið óeðlilegri þá en samskipti á milli forráðamanna stórra fyrirtækja í sömu atvinnugrein eru í dag. Ég hef alltaf átt erfitt með að skilja þá túlkun Samkeppnisyfirvalda, að öll samskipti og jafnvel samtöl á milli manna hjá olíufélögunum á nefndu tímabili hafi verið óeðlileg eða ólögleg.

Í hita leiksins í viðtali mínu við viðmælanda minn í Kastljósi sjónvarpsins gáði ég ekki að mér að botna almennilega þá hugsun mína, að ekkert væri óeðlilegt við sjálfsögð samskipti á milli forráðamanna fyrirtækja í sömu starfsgreinum. Þess vegna hefur sá misskilningur vaknað, að ég sé að gera því skóna, að eitthvað sé athugavert við samskipti viðskiptabanka sín á milli eða hjá matvöruverslunum. Ég vil leiðrétta þann misskilning. Ég tel þvert á móti að svo sé ekki og kem því hér með á framfæri. Rétt eins og það var ekkert óeðlilegt að mínu mati, að forstjórar Skeljungs og Esso ræddu sín á milli á nefndu tímabili um sameiginlegar eignir eins og olíustöðina í Örfirisey eða forstjórar allra félaganna um sameiginlegar fasteignir á Keflavíkurflugvelli, svo einhver dæmi séu nefnd.

Finnur Árnason, forstjóri Haga hf, skrifar grein í Mbl. og Fbl. í dag [fimmtudag] og talar í hæðnistóni um mig og mína persónu. Mín vegna má hann það. Ég óska honum og fyrirtækjum undir hans stjórn alls góðs. Finnur er öflugur stjórnandi, kotroskinn og fumlaus. Mér þykir miður að hafa komið honum úr jafnvægi með orðum mínum. Misskilningur hans um einhverja smjörklípu af minni hálfu er hér með leiðréttur.

*Höfundur er kaupsýslumaður og fyrrverandi forstjóri Skeljungs.*

# Þessir bakarar nota hollara smjörlíki



Transfitusýrur hafa verið mikið í umræðunni að undanförnu þar sem bent hefur verið á að neysla á vörum sem innihalda transfitusýrur geti haft skaðleg áhrif á heilsuna.

Smjörlíkið sem Íslensk Ameríska flytur inn kemur frá danska fyrirtækinu VM Margarin en það er framleitt samkvæmt dönskum stöðlum og inniheldur því innan við 2 grömm af transfitusýrum í hverjum 100 grömmum.

**Láttu hjartað ráða næst þegar þér langar í bakkelsi…**

Eftirfarandi fyrirtæki nota VM Margarin í sína framleiðslu:

Aðalbakaríið
Bakarinn á hjólinu
Bakaríið Blönduósi
Bakaríið við brúna
Bakstur og veisla
Bernöftsbakarí
Björnsbakarí Skúlagötu
Brauð og Kökugerðin
Brauða og Kökugerðin
Brauðgerð Axels
Bæjarbakarí

Cafe Konditori Copenhagen
Fellabakarí
Fjarðarbakarí
Frón
Harðarbakarí
Holtabakarí
Hverabakarí
Kexsmiðjan
Kornið
Kökubankinn
Kökuhornið

Kökumeistarinn
Már Bakari og Synir
Mosfellsbakarí
Myllan
Nesbrauð
Nýja Bakaríið
Sandholt
Valgeirsbakarí
Veislan
Þórsbakarí

VM MARGARIN

ÍSAM
www.isam.is

# Hugsjónir og sauðskinnsskór

*Í **Dagbók Þráins Bertelssonar** er sagt frá leiðslukenndu ástandi og skipulagðri glæpastarfsemi. Einnig er minnst á heilagan Ágústínus, Ómar Ragnarsson, Jack Sparrow, Ólaf Hannibalsson, Jakob Frímann, Bubba Morthens, frábæran frönskukennara og matarvenjur ljóna.*

Kæra Dagbók



*Þráinn Bertelsson skrifar*



**Leiðslukennt ástand**

mars 17 LAUGARDAGUR

Synti 1500 metra, hef aldrei á ævi minni synt svo langt. Ekki af neinni sérstakri ástæðu, bara vegna þess að mér leið vel í lauginni og ég hafði ekkert annað að gera.

Fyrstu ferðirnar milli bakka eru tilbreytingarlausar og leiðinlegar en svo gleymir maður smám saman stund og stað og kemst í leiðslukennt ástand sem er ótruflað af hugsunum. Það kalla sumir hugleiðslu.

**Skipulögð glæpastarfsemi**

mars 19 MÁNUDAGUR

Ég er að reyna að breyta matarvenjum mínum úr því að borða sjaldan og mikið í einu í að borða oft og lítið í einu. Það tekur þrjár vikur að gera eitthvað að vana. Verst hvað þessar fyrstu þrjár vikur eru lengi að líða.

Bókin sem ég er að skrifa er smám saman að taka á sig mynd. Allar þær rannsóknir sem ég hef lagst í eru nú að skila sér. Reyndar er það synd hversu miklu af góðum og merkilegum upplýsingum maður verður að henda af því að þær eiga ekki heima í skáldsögu.

Svonefnd „skipulögð glæpastarfsemi", „organized crime", kemur við sögu í bókinni. Útbreiðsla hennar og velgengni verður skiljanlegri þegar maður gerir sér grein fyrir því að hér er um að ræða atvinnugrein sem veltir stjarnfræðilegum upphæðum; eiturlyfjasala ein og sér veltir meira en 4 billjónum (fjögur þúsund milljörðum) íslenskra króna á ári – en greinar eins og vopnasala, fjárkúgun, fjárhættuspil, þrælasala og vændi gefa mun meira af sér.

Ef einhver heldur að þrælasala og þrælahald heyri sögunni til rétt eins og sjórán er það mikill misskilningur. Á hverju ári eru meira en 10 milljónir manna, aðallega þó konur og börn, seldar mansali.

Til samanburðar má geta þess að samanlagður fjöldi þræla sem Evrópumenn seldu til Bandaríkjanna á meira en einni öld er talinn hafa verið milli 10 og 12 milljónir.

Í hinu yndislega Taílandi einu starfar meira en ein milljón kynlífsþræla við að svala fýsnum Vesturlandabúa – nær eingöngu konur og börn.

Sjórán eru ekki heldur úr sögunni, öðru nær. Árið 2003 voru framin 344 sjórán sem vitað er um, en nútímasjóræningjar víla ekki fyrir sér að hertaka flutningaskip, ræna farminum og heimta lausnargjald fyrir þá farþega eða áhafnarmeðlimi sem þeir ekki drepa.



Samanlögð útgjöld allra ríkja heims til löggreglumála og tollgæslu eru agnarsmá í samanburði við þá fjármuni sem glæpasamtök hafa yfir að ráða. Og ofan í kaupið hefur engu löggjafarþingi enn þann dag í dag tekist að skilgreina nákvæmlega hvað orðin „skipulögð glæpastarfsemi" merkja nákvæmlega, og lagasetning um illa skilgreinda hluti verður eðli málsins samkvæmt talsvert götótt.



SAMSETT MYND/KRISTINN

Í Evrópusambandinu einu eru starfandi meira en 4.000 skipulögð glæpasamtök með um það bil 50 þúsund meðlimi í mismunandi miklum tengslum við önnur glæpafélög í öllum heimsálfum.

Ég veit ekki hvort ég er sammála heilögum Ágústínusi sem sagði á sínum tíma: „Hvað eru ríki annað en stór glæpafélög, og hvað eru glæpafélög annað en lítil ríki?"

Hann var barn síns tíma, fæddur árið 354 dáinn 430. Við skulum vona að þjóðríkjum hafi farið fram með tilkomu lýðræðis, jafnvel þótt það sé naumt skammtað. En alla vega lít ég svo á að glæpastarfsemi sé krabbamein hvers þjóðfélags, og ég trúi því að ég sé að gera eitthvert gagn ef mér tekst að búa til bækur sem fólk les sér til skemmtunar – en fræðist í leiðinni um að veröldin er miklu hættulegri og grimmari staður en við kærum okkur um að horfast í augu við.



**Matarvenjur ljóna**

mars 20 ÞRIÐJUDAGUR

Krummi fór á grímuball í Kvennaskólanum klæddur sem sá ágæti sjóræningjaskipstjóri Jack Sparrow.

Ég er búinn að vera hálfslappur í dag. Sennilega vegna þessa breytta mataræðis. Ég er einfaldlega ekki vanur því að vera sí og æ að fá mér í gogginn. Mínar matarvenjur hingað til hafa verið svipaðar og hjá ljónum sem ekki nenna á veiðar nema af og til og taka þá hressilega til matar síns.



**La photo de la classe**

mars 21 MIÐVIKUDAGUR

Setti persónulegt met í bekkpressu í dag. Það virðist borga sig að gera eins og manni er ráðlagt og borða fimm sinnum á dag en ekki einu sinni eða tvisvar.

Í kvöld var síðasti tíminn á frönskunámskeiðinu. Þetta hefur verið ákaflega skemmtilegt. Kennarinn, Jacques Melot, er útsmoginn tungumálamaður og snilldarkennari. Ég væri svo sannarlega til í að læra meira hjá honum.

Síðasta verkefnið var að þýða úr frönsku smásöguna „La photo de la classe" sem þýðir „Bekkjarmyndin".

Ég var með myndavél í vasanum og gat smellt af bekkjarmynd – á henni eru að vísu aðeins Frosti, Finnbjörn, Jacques og Soffía, tveir nemendur voru fjarverandi.

Á námskeiðinu rumskuðu gamlar og rykfallnar málfræðireglur sem ég lærði fyrir löngu í menntaskóla og voru orðnar stirðar af notkunarleysi.

Á hverju kvöldi stauta ég mig fram úr einni síðu í franskri bók og fletti upp öllum þeim aragrúa orða sem ég skil ekki. Tilgangurinn er tvíþættur, annars vegar að ná tökum á þessu fallega tungumáli og hins vegar að reyna að halda heilanum í mér í sæmilegu formi, hann þarf á þjálfun að halda og nám er heilsurækt heilans.

Tilgangurinn er ekki endilega sá að vita meira í dag en í gær – takmarkið er að vita ekki minna.

**Nýr stjórnmálaflokkur**

mars 22 FIMMTUDAGUR

Það hlýtur að teljast til stórtíðinda að í dag var stofnaður nýr stjórnmálaflokkur, Íslandshreyfingin.

Þetta er fyrsti græningjaflokkur Íslands, það er að segja fyrsti stjórnmálaflokkurinn sem setur umhverfismál á oddinn. Aðrir flokkar hafa efnahagsmál fyrir sitt faðirvor en vilja gjarna bregða yfir sig grænni kápu við hátíðleg tækifæri og spýta sjálfkrafa út úr sér frösum um hvað náttúran sé dýrmæt ef einhvers staðar glittir í hljóðnema eða fréttamann.

Það sem skilur milli venjulegra stjórnmálaflokka er fyrst og fremst hvort samúð þeirra liggur hjá sauðkindinni, rúningsmanninum eða eiganda ullarverksmiðjunnar. Nú fær grasið sem sauðkindin kroppar loksins sinn málsvara á þingi.

Ég sá að Ólafur Hannibalsson, Jakob Frímann og Bubbi Morthens voru allir á fundinum hjá Íslandshreyfingunni eins og vitringarnir þrír við vistvæna vöggu Frelsarans.

Kannski verða þeir allir ásamt Margréti Sverrisdóttur og Ómari Ragnarssyni orðnir ráðherrar í maí. Það þætti mér mikil framför.

Það verður reyndar fróðlegt að fylgjast með því hvernig Ómari Ragnarssyni vegnar í pólitíkinni. Hann er hugsjónamaður og eldhugi en hugsjónir á okkar efnishyggju tímum hafa verið álíka mikið í tísku og sauðskinnsskór.

Reyndar hafa margir farið í pólitík vel nestaðir með hugsjónir í farangrinum en þær hafa því miður ekki reynst endingarbetri en sauðskinnsskórnir voru í gamla daga.

Ég dáist að Ómari margra hluta vegna og vona að það sem hann segir með hjartanu verði til þess að verstu stóriðjufíklarnir verði settir í afvötnun ef svo má að orði komast, þó ekki væri nema vegna okkar hinna, aðstandenda landsins sem afkomendur okkar munu erfa innpakkað í raflínur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Starf við verðkannanir
FYLGIST MEÐ OKKUR
VIÐ FYLGJUMST MEÐ VERÐINU!
Við óskum eftir sjálfstæðum, röggsömum og samviskusömum starfskrafti til verðkannana.
Þarf helst að hafa unnið í matvöruverslun og/eða hafa góða vöruþekkingu.
Starfstími í fullu starfi er 8-18 og helgarvinna er eftir samkomulagi en bæði getur verið um fullt starf og hlutastarf að ræða.
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við Svan starfsmannastjóra s: 691 9988 eða skrái sig inná bonus.is.
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## VIÐ FELLSMÚLA

## KASTARADAGAR





Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**OPIÐ ALLA DAGA**
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888


Úr Fiskborði Nóatúns
43% afsláttur
SALTFISKRÉTTUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA
798 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
26% afsláttur
STEINBÍTSFLÖK
MEÐ KRYDDMARINERINGU
899 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
19% afsláttur
RAUÐSPRETTA
AÐ DÖNSKUM HÆTTI
1.298 kr. kg
24% afsláttur
GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
41% afsláttur
GRÍSAHNAKKI
ÚRBEINAÐUR Í SNEIÐUM
889 kr. kg
29% afsláttur
GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
Hodgson Mill
pasta og spaghettí
25% afsláttur
Cheerios
CHEERIOS
MORGUNKORN
346 kr. pk.
Merrild
MERRILD
LÍFRÆNT KAFFI
399 kr. 400 g
Veisluostar
Camembert
Gullostur
GULL OSTUR
10% afsláttur


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Bestir í kjöti!
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 500 kr. kg
LAMBAKÓRÓNA
AÐ HÆTTI GRIKKJA
2.498 kr. kg
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
FERSKUR ANANAS
129 kr. stk.
JARÐARBER
259 kr. boxið
FERSKJUR
358 kr. kg
LIME
196 kr. kg
EGGALDIN
229 kr. kg
=
5 á dag
PEPSI MAX
2 l
99 kr. stk.
LAY'S KARTÖFLU-
FLÖGUR 200 g
189 kr. pk.
CHRISTGAU
KAFFIBAUNIR
299 kr. pk.
Verði ykkur að góðu!

**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON, FORSTJÓRI SKÝRR OG FYRRV. BORGARSTJÓRI, ER FIMMTUGUR Í DAG.**



*„Þau verk sem ég fæst við þá og þá stundina eiga hug minn allan og réttast að einblína á það sem maður er að gera í augnablikinu. Ég hef aldrei gengið með neitt í maganum um mína framtíð.“*

***Þórólfur lifir í núinu og lætur aðra um að ráða í framtíðina.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 24. MARS 1973**

## *Kjarvalsstaðir opnaðir í Reykjavík*

Á þessum degi árið 1973 voru Kjarvalsstaðir teknir í notkun. Safnið var reist í minningu eins mesta listamanns sem Ísland hefur alið, Jóhannesar S. Kjarvals. Því var valinn staður á Miklatúni í hjarta Reykjavíkur en smíði safnsins hófst árið 1966 við það að Jóhannes S. Kjarval tók sjálfur fyrstu skóflustunguna. Kjarval var því miður ekki enn á lífi þegar byggingu safnsins lauk. Hann lést 13. apríl 1972. Kjarvalsstaðir eru teiknaðir af Hannesi Davíðssyni arkitekt og skiptast í tvær meginálmur með tengibyggingu á milli. Í safninu er nú varðveitt listaverkaeign Reykjavíkurborgar sem í er meðal annars stórt safn verka listamannsins ástsæla sem safnið er nefnt eftir. Áhersla safnsins er á samtímalist með sýningum á verkum eftir íslenska sem útlenska listamenn. Þó eru málverk Kjarvals ávallt til sýnis í austursal safnsins.



**MERKISATBURÐIR**

**1603** James fjórði, konungur Skotlands, tekur við enska hásætinu eftir fráfall Elísabetar fyrstu.

**1945** Billboard-listinn yfir mest seldu plötur vikunnar birtist í fyrsta skipti. Þá vermdi King Cole Trio, með Nat King Cole í fararbroddi, efsta sætið.

**1959** Reglugerð er sett um öryggi í bifreiðum og er þar meðal annars kveðið á um notkun stefnuljósa.

**1974** Varðskipið Týr kemur til landsins frá Árósum þar sem það var smíðað.

**1989** Olíuflutningaskipið Exxon Valdez strandar við strendur Alaska og 41 milljón lítra af olíu fer í sjó.

**1999** Atlantshafsbandalagið hefur loftárásir á Kósóvó.

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Baldvinsson**

frá Hofsósi, Blesugróf 40, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Hofsóskirkju í dag, laugardaginn 24. mars, kl 14:00.

**Margrét Þorgrímsdóttir**
**Trausti Baldvins Gunnarsson Jóhanna Clausen**
**Guðrún Jóna Gunnarsdóttir Steinn Márus Guðmundsson**
**Gunnar Heiðar Gunnarsson Sólveig Ingunn Skúladóttir**
**Friðrikka Baldvinsdóttir Heimir Jóhannsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, sonar, föður okkar, fósturföður, tengdaföður, afa og tengdasonar,*

**Jóns Magnúsar Steingrímssonar**

pípulagningameistara, Skagaseli 2, Reykjavík.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar LSH fyrir frábæra umönnun og þeirra sem vöktu yfir honum dag og nótt síðustu ævidaga hans.

**Guðrún Hugborg Marinósdóttir**
**Margrét Hjartardóttir**
**börn, afabörn, tengdaforeldrar**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Innilega þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Þorkelssonar**

Kjarrhólma 22, Kópavogi.

**Kristrún Jóhanna Ásgeirsdóttir**
**Guðný Ásgerður Sigurðardóttir**
**Þorkell J. Sigurðsson Gróa Halldórsdóttir**
**Hrönn Sigurðardóttir Ægir Björgvinsson**
**Brynja Sigurðardóttir**
**Gunnar Sigurðsson Guðrún Margrét Einarsdóttir**
**Hörður Sigurðsson Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Sigurður Þór Sigurðsson Sigrún Magnúsdóttir**
**Hallfríður S. Sigurðardóttir Ómar Elíasson**
**Elías Sigurðsson Emilía Bergljót Ólafsdóttir**
**Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir Finnur Einarsson**
**Ásgeir Sigurðsson Svala Steina Ásbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Hinrik Einarsson**

frá Hömrum, Þverárhlíð,

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi miðvikudaginn 21. mars, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 27. mars kl. 14.00.

**Aðstandendur.**

---

KATRÍN LOVÍSA IRVIN: SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR 70 ÁRA

# Alin upp í Sundhöllinni

Í gær voru liðin sjötíu ár frá því Sundhöllin í Reykjavík var vígð og opnuð almenningi. Sundhöllin hafði þá verið í byggingu í níu ár. Guðjón Samúelsson arkitekt á heiðurinn af byggingunni, eins og svo mörgum öðrum í borginni. Hann teiknaði meðal annars Þjóðleikhúsið, aðalbyggingu Háskóla Íslands, Hallgrímskirkju og Hótel Borg.

Arkitektúrinn er hluti af aðdráttarafli Sundhallarinnar enn þann dag í dag, en á síðasta ári sóttu 140.000 manns laugina. „Hún er sérstakt mannvirki,“ sagði Katrín Lovísa Irvin, rekstrarstjóri Sundhallarinnar, þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. „Hingað koma margir nemar sem vilja fá að teikna. Þau voru hérna síðast í gær frá Listaháskólanum,“ sagði hún. Katrín sagði Sundhöllina jafnframt vera vinsæla fyrir ljósmyndatökur og auglýsingatökur. „Svo hafa verið haldnir tónleikar hérna, það er svo góður hljómburður í laugarsalnum,“ bætti hún við.

Katrín hefur starfað í Sundhöllinni hátt í þrjátíu ár, og gegnt starfi rekstrarstjóra í tvö ár. „Það má eiginlega segja að ég sé alin upp hérna. Ég hef verið hér alveg frá blautu barnsbeini: í skólasundi, og svo vann móðir mín hérna. Ég var hér öllum stundum,“ sagði Katrín, sem þykir því orðið verulega vænt um húsið. Hún er þó ekki ein um það, því Sundhöllin státar af tryggum fastakúnnahópi. „Það er morgunhópur, hádegishópur og svo hópur sem kemur seinni partinn,“ sagði Katrín. Hjá mörgum eldri borgurum er heimsókn í Sundhöllina ómissandi liður í deginum. „Það var einmitt einn gestur hérna hjá okkur í morgun, sem sagðist hafa komið fyrsta daginn sem Sundhöllin var opin og kemur enn reglulega,“ sagði hún. „Okkur þótti gaman að því.“

Í tilefni af afmælinu fengu sundlaugargestir frítt ofan í laugina, og bauðst jafnframt að gæða sér á afmælisköku og kaffi.



**KATRÍN LOVÍSA IRVIN** Rekstrarstjóri Sundhallarinnar segist vera alin upp í húsinu og er því orðið nokkuð hlýtt til þess.

**sunna@frettabladid.is**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Pálmi Ottesen**

Keilugranda 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 19. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, mánudaginn 26. mars, kl. 13:30.

**Guðrún Ragna Einarsdóttir Þorsteinn V. Snædal**
**Sveinbjörn Baldur Einarsson**
**Vilhjálmur Pálmi, Ásta Lilja, Aron Víðir, Steinar Smári**
**og aðrir ástvinir.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Guðmundsson**

verkfræðingur, Hrauntungu 37, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu aðfaranótt 16. mars, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn 26. mars kl. 13.

**Sólveig Kristinsdóttir**
**Guðmundur Konráð Einarsson**
**Helga Einarsdóttir**
**Kristín Andrea Einarsdóttir Jóhann Ingibergsson**
**Berghildur Ýr Einarsdóttir Haukur Einarsson**
**Ásdís Erla, Sigrún Björk, Einar Aron og Hilmir Nói.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Hólmfríðar Sigurðardóttur**

(Lillu Lúthers frá Fosshóli).

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Hlíð og Lyflækningadeildar F.S.A. fyrir góða umönnun.

**Svava Sigurðardóttir Hilmar Sæmundsson**
**Sif Sigurðardóttir Rúnar Jóhannesson**
**Sigurður Lúther Gestsson Valgerður Kr. Guðbjörnsdóttir**
**Guðbjörg Birgisdóttir Guðmundur G. Norðdahl**
**og ömmubörn.**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og frænka,*

**Kristín Baldursdóttir**

(Diddín), Melasíðu 4e, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri 11. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Guðmundur Svavarsson Líney Arnardóttir**
**Elvar Guðmundsson**
**Laufey Kristjánsdóttir**




Á undanförnum árum hefur fjöldi nýrra ríkja orðið til og ný landamæri verið dregin. Heimsatlas Máls og menningar sýnir þessa heimsmynd nú á nýrri öld. Við gerð hans var notast við nýjustu tækni í kortagerð. Kortin eru unnin eftir gervihnattamyndum með stafrænum aðferðum sem gerir áferð þeirra einstaklega lifandi og gefur lesandanum skarpa sýn á landslag og landshætti. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, skýringarmynda og sérkorta. Allur texti og kort auk nafnavísis eru á íslensku.

Edda
edda.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Holta-kjúklingur
Ferskir bitar
Sjáðu verðið!
Læri og leggir
40%
afsláttur
við kassann
Læri og leggir kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
Þú þarft ekki
Bajonskinka
40%
afsláttur
við kassann
Bezt bajonskinka KÍLÓVERÐ NÚ:
898 KR.
Merkt verð 1498KR.
Bezt
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR KÍLÓVERÐ NÚ:
749 KR.
Merkt verð 998KR.
BÓNUS
Hamborgarhryggur
25%
afsláttur
við kassann
Bónus býður betur!
Einiberja lambalæri
40%
afsláttur
við kassann
KS lambahryggur frosinn -kílóverð nú:
949 KR.
Merkt verð 999KR.
5%
afsláttur
við kassann
KS lambalæri frosið -kílóverð nú:
769 KR.
Merkt verð 1098KR.
KJARNAFÆÐI
Einiberjakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
...fyrir góðan dag!
KS
30%
afsláttur
við kassann



Ferskir vængir
kílóverð nú:
150 KR.
Merkt verð 300KR.
Kjúklingavængir
50% afsláttur
við kassann
Ferskar bringur
50% afsláttur
við kassann
að leita lengra!
FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:
1204 KR.
Merkt verð 2407KR.
Lambalundir
20% afsláttur
við kassann
Lamba fille
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
...fyrir góðan dag!
FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
...fyrir góðan dag!
Heimilisbrauð 770g
HEIMILISBRAUÐ
129 KR.
770g
HEIMILIS BRAUÐ
Nettóþyngd: 770g
BÓNUS GRAFLAXSÓSA
159 KR.
350 ml
Graflax sósa
EKKERT BRUÐL
Kippa af Coca-Cola og páskaegg!
Coca-Cola
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
BÓNUS
3
170g
Kauptu þér kippu af Coca-Cola
6 x2 lítra og þú færð
Bónus páskaegg 170g nr. 3
Í KAUPBÆTI!
25% afsláttur
við kassann
Lax
REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1125 KR.
Merkt verð 1501KR.
www.bonus.is
BÓNUS

# Af pólitík, flatskjám og Habitatbæ

## Á RÖKSTÓLUM

**Vilborg Dagbjartsdóttir ætlaði alltaf að eiga ruggustól þegar hún yrði gömul og keypti sér einn slíkan þegar elliárin nálguðust. Gerður Kristný Guðjónsdóttir er nú þegar búin að fjárfesta í slíkum grip og er því vel búin undir ellina. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti rithöfundana tvo á kaffihúsinu litla kennt við ungann ljóta.**



**GERÐUR KRISTNÝ OG VILBORG** Kannast báðar við það þegar hlutunum er fokkað upp. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það eru akkúrat 40 ár sem skilja Vilborgu og Gerði að. Sú eldri er fædd árið 1930 og ólst upp í þorpi sem er ekki lengur til, Vestdalseyri, en sú yngri tilheyrir ártalinu 1970 og hennar hverfi, Háaleitishverfið, er enn vel við lýði. Vestdalseyri var stærsti byggðarkjarni Seyðisfjarðar og hluti kaupstaðarins en fór í eyði, því þegar kom að því að leggja vatnslagnir og rafmagn var byggðarkjörnunum sem lágu úti með firðinum ekki veitt sú þjónusta heldur aðeins byggðinni fyrir fjarðarbotni.

Vilborg segir grasið vera grænna en annars staðar á Vestdalseyrinni en Gerður finnur ekki fyrir neinni nostalgíu þegar hún ekur fram hjá Háaleitishverfinu. Stolt hverfisins er Fram og það er frekar að fólkið úr hverfinu og gömlu bekkjarfélagarnir eigi hlut í hjarta Gerðar en sjálft hverfið: „Háaleitið er nú kannski ekkert sérstaklega karaktermikið en okkur fannst við þó hafa upp á meira að bjóða en Hvassaleitið! Þar var ekkert íþróttafélag, bara kirkja en kannski voru þetta jöfn skipti í augum sumra. Fyrir mörgum er fótbolti hálfgerð trúarbrögð.“

### Svara ekki þessari spurningu

*Þar sem Vilborg hóf umræðurnar á nýlendustefnu höfuðborgarinnar gegn landsbyggðinni er tækifærið gripið og virkjunum skellt á borðið. Draumalandið hans Andra Snæs virðist hafa heltekið þjóðina undanfarið ár og þær hafa lesið bókina en eru þær sammála boðskapnum?*

**Vilborg:** Ég á ekki bókina en ég fór í gegnum hana í bókabúð og hann hefur skrifað þarna ágætsbók, hann Andri, og það að ná til fólksins hefur heppnast vel hjá honum. Er það ekki, Gerður, – þekkir ekki hvert mannsbarn þessa bókina hans?

**Gerður:** Jú, kannski Draumalandið sé Fíasól hinna fullorðnu.

**Vilborg:** Ég hef nú ekki tileinkað mér bókina þótt ég hafi flett í gegnum hana. Ég hef frekar verið að grúska í bók Halldórs Guðmundssonar um Halldór Laxness og Skáldalíf, þær eru mjög vandaðar. En það er nú svo margt sem kemur fram í Draumalandinu að ekki er hægt að vera sammála öllu þar. Andri er að bjarga náttúru landsins og vissulega er það þarft verk en þótt landið sé fallegt saknar maður mannfólksins þegar það er farið.

**Gerður:** Í ljósi þess að Stefán Máni og Bragi Ólafsson hafa aldrei verið spurðir að því í viðtali hvort þeir hafi lesið Alla Nalla og tunglið ætla ég ekki að svara því hvort ég hafi lesið Draumalandið.

**Vilborg:** Ég las Skáldalíf hans Halldórs aftur á móti vel í gegn og það tvisvar.

**Gerður:** Já, mitt nýjasta æði eru bækur Norðmannsins Lars Saabye Christensen sem fékk Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Hálfbróðurinn. Hún er frábær sem og bókin hans, Hermann, svo ekki sé talað um smásögurnar hans.

### Skinnlaus kjúklingur og borðhaldsstóll

*Þá er ráð að spyrja rithöfundana um álit þeirra á málfari þjóðarinnar og fjölmiðla. Er eitthvað sem stuðar þær þessa dagana?*

**Gerður:** Allt þetta tal um einstaklinga og aðila, samanber stuðningsaðila og söluaðila, finnst mér óþarfi. Ég skil ekki af hverju við erum hætt að vera Íslendingar, fólk, karlar og konur. Það er svo miklu hlýlegra að vera Íslendingur heldur en aðili. Svo verð ég að nefna nýja Habitat-bæklinginn sem er á afar undarlegri íslensku. Hann er þykkur og í lit og það hefur eflaust kostað mikið að prenta hann. Það hefur að minnsta kosti verið dýrara en að gefa út ljóðbók, Vilborg.

**Vilborg:** Já, allir þessir auglýsingabæklingar eru miklu dýrari í framleiðslu.

**Gerður:** Í Habitat er ýmislegt skrautlegt bull að finna. Til dæmis heitir „borðstofustóll“ þar „borðhaldsstóll“.

**Vilborg:** Hver og einn þarf að rækta málfar sitt því það kemur alls ekki af sjálfu sér og það sem Gerður segir er alveg hárrétt, sérstaklega í sambandi við þessa auglýsingapésa og vörur sem eru sérkennilega merktar. Það fer til dæmis í taugarnar á mér að þurfa að kaupa skinnlausan kjúkling. Hvað varð um orðið hamflettur?

**Gerður:** Ég man líka að þegar ég var krakki var ekki hægt að segja: Taktu þátt! Maður varð að taka þátt í einhverju, annars var sagt: Vertu með!

**Vilborg:** En í skólunum er unnið mikið og gott starf með tungumálið og sérstaklega á leikskólunum, en þar hefur umhverfið tekið miklum breytingum hvað þetta snertir, að kenna börnunum.

### Hættuleg vinnubrögð

*Í þeim töluðu orðum labbar maður sem virðist á fimmtugsaldri að Vilborgu, með bjórglas í hendi, og spyr hana hvort hún hafi kennt sér í Austurbæjarskóla og heiti Valborg. Fumlaust svarar Vilborg því til að hún heiti Vilborg en hafi kennt þar á sama tíma og Valborg. Við höldum áfram í málfarsumræðunni og að því sem snýr að fjölmiðlum. Blaðamenn hafa oft verið gagnrýndir fyrir hroðvirkni og slæmt málfar, hvað segja þær um það?*

**Vilborg:** Það er nú líka bara hraðinn.

**Gerður:** Já, það skín nú yfirleitt í gegn.

**Vilborg:** Þegar ljóðabókin mín, Fiskar hafa enga rödd, kom út tók Kolbrún Bergþórs viðtal við mig fyrir Blaðið. Á forsíðu kom tilvitnun í greinina og þar stóð: Fylgifiskar hafa enga rödd og mynd af mér ásamt nafninu Vilborg Davíðsdóttir. Kolla var svo hrædd þegar hún sá þetta að hún þorði ekki að hringja í mig en ég vann lengi á Þjóðviljanum og ég sá strax hvernig lá í þessu og var ekkert að velta þessu upp. Það eru vaktaskipti á blöðum, annað fólk sem sér um að ganga frá forsíðu og mikill hraði.

**Gerður:** Ég sagði frá því í viðtali hjá Birtu fyrir þremur árum að ég hefði fengið fyrstu verðlaun í ljóðasamkeppni fyrir ljóðið Fok. Þegar viðtalið birtist þá hét ljóðið allt í einu Fokk. Þeim hefur sennilega fundist líklegt að ég hafi verið reitt ungt skáld að skrifa ljóð sem hét Fokk.

**Vilborg:** Þetta heitir að fokka hlutunum upp!

**Gerður:** Svona dæmi eru náttúrlega bara fyndin en mér finnst verra þegar rangar upplýsingar um feril höfunda birtast í gagnrýni um bækur þeirra, enda ætti það að vera óþarft í ljósi þess að hægt er að kynna sér þá fyrirhafnarlaust á Netinu. Fyrir síðustu jól stóð til dæmis í Fréttablaðinu að Fugl og fiskur eftir Vilborgu væri fyrsta barnabókin hennar. Svipaðar villur hef ég séð um gagnrýni um bók eftir Auði Jónsdóttur og sjálfa mig. Mér finnst þetta virðingarleysi.

**Vilborg:** Þetta sýnir vinnubrögð sem eru svolítið hættuleg.

**Gerður:** Samt finnst mér jólabókaflóðið og allt havaríið sem því fylgir mjög skemmtilegt. Þetta er oft mikill sirkus. Um leið og ég vil fá vandaða dóma um bækur krefst ég þess líka að þeir skili sér hratt svo kröfurnar eru miklar.

### Ingibjörg Sólrún ofsótt

*Hvern viljið þið sjá sem næsta forsætisráðherra?*

**Vilborg:** Ég vil sjá vinstri stjórn.

**Gerður:** Hún er kommúnisti – ef þú vissir það ekki.

**Vilborg:** Já, já, ég var það og er enn. Eins og kallinn sagði: Ég var kommúnisti, er kommúnisti og verð kommúnisti, bara undir nýju nafni. Ég held að röðin sé komin að Ingibjörgu Sólrúnu. Ég held að

## ➜ VIÐMÆLENDUR Í HNOTSKURN

**Gerður Kristný**

Gerður Kristný útskrifaðist frá Háskóla Íslands með BA-próf í frönsku með almenna bókmenntafræði sem aukafag. Hún stundaði nám í hagnýtri fjölmiðlun veturinn 1992 til 1993 og hélt síðan til Danmerkur þar sem hún fór í starfsþjálfun hjá Danmarks Radio. Hún tók síðar við ritstjórastarfi Mannlífs sem Gerður gegndi í sex ár eða til ársins 2004 þegar hún sagði skilið við fjölmiðlaheiminn og einbeitti sér að fullu að skrifum.

Gerður hlaut sín fyrstu verðlaun í ljóðasamkeppni Litrófs í Sjónvarpinu 1993 og hefur síðan þá hlotið margvíslegar viðurkenningar, meðal annars Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness fyrir skáldsöguna Bátur með segli og allt. Ekki er þó á nein verka hennar hallað þegar Myndin af pabba, sem kom út fyrir tveimur árum, er sögð vera hennar áhrifamesta bók en þar skrifaði Gerður sögu Thelmu Ásdísardóttur sem lét engan ósnortinn.

**Vilborg Dagbjartsdóttir**

Vilborg lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1952 og lagði síðar stund á bókasafnsfræði við Háskóla Íslands. Vilborg var um árabil kennari og rithöfundur við Austurbæjarskóla en hefur nú lagt kennaraprikið á hilluna. Vilborg hefur verið einn af öflugustu þýðendum þjóðarinnar og lagt sitt á vogarskálarnar fyrir bættri stöðu barna. Vilborg var jafnframt einn af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar og sat lengi í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna.

Vilborg hefur verið öflug í hvers kyns félagsstarfi og sat meðal annars í Stéttarfélagi íslenskra barnakennara, Rithöfundafélagi Íslands og Rithöfundasambandi Íslands. Hún sat jafnframt í stjórn Kvikmyndaklúbbsins og Litla bíós á árunum 1968 til 1970. Fyrsta ljóðabók Vilborgar hét Laufið á trjánum og kom út árið 1960. Vilborg var ein fárra kvenna sem skrifuðu atómljóð en ljóð hennar hafa birst í erlendum safnritum og tímaritum á fjölda tungumála.

# klingi

Samfylkingin og Vinstri grænir eigi að geta komið sér saman og ég lít svo á að það hafi verið geysilega rangt þegar Vinstri grænir brutu sig út úr Samfylkinginunni. Það var mjög örlagaríkt að þeir skyldu gera það og nú finnst mér tækifæri fyrir vinstri menn til að fylkja liði og breyta hér okkar stjórnarfari og standa saman.
**Gerður:** Í ár á ég eflaust eftir að skila fagur-auðu að venju.
**Vilborg:** Gerirðu það?
**Gerður:** Já, vegna þess að þegar ég fer yfir sviðið kem ég bara auga á fólk sem sér ekki heimsku sinnar skil. Ingibjörg Sólrún er afbragðs stjórnmálamaður en henni fylgja ýmsir aðrir sem ég ber ekki traust til.
**Vilborg:** Ingibjörg Sólrún hefur verið ofsótt alveg gegndarlaust svo staða hennar er erfið. Ég ætlast ekki til þess að hún verði einhver einræðisherra heldur að vinstri stjórn komist á. Röðin er komin að henni. Hún hefur sýnt að hún er stjórnsöm kona og dugleg. Við klúðruðum því að fá vinstri stjórn síðast og ég var voða reið við Græningjana út af því.

**Með Eurovisontextana á hreinu**

*Með kosningunum fylgir líka Eurovison. Hvernig líst ykkur á Eirík Hauksson í keppninni og hvernig var stemningin hjá ykkur árið 1986 þegar hann tók þátt fyrir Íslands hönd í fyrsta skipti?*
**Gerður:** Eiríkur er vanur maður og ég hlakka örugglega jafnmikið til að sjá hann keppa núna og árið 1986. Mér finnst Eurovisionkeppnin ótrúlega skemmtileg og ekki síst norræni spjallþátturinn sem Eiríkur hefur einmitt tekið þátt í fyrir hönd Íslands. Í fyrra tók franskur blaðamaður frá Le Figaro við mig viðtal um fyrirbærið Sylvíu Nótt. Honum fannst stórskrítið að venjulegir Íslendingar, eins og ég sem aldrei hefur unnið við tónlist, skuli geta raulað eldgömul Eurovisionlög og það á tungumálum sem við kunnum ekki. Þá hugsaði ég nú bara með mér: Abeibíabodabe, abeibíabodabedabodaba, en hafði vit á að segja það ekki upphátt.
**Vilborg:** Eiríkur er mjög viðkunnanlegur maður og mér líst þrælvel á að senda hann út. Hann kemur vel fyrir og verður okkur til sóma. Ég fylgdist nú meira með Eurovision hér áður fyrr en áhuginn hefur eitthvað dvínað.

*Þið fylgdust kannski með afrakstri helgarinnar á þinginu. Nú virðist sem vændi sé orðið löglegt á Íslandi; bæði hægt að kaupa það löglega og selja sjálfan sig án þess að framið sé lögbrot. Hvað finnst ykkur um þá niðurstöðu?*
**Gerður:** Mér finnst ömurlegt að hér sé enn hægt að kaupa sér þjónustu vændiskvenna á löglegan hátt. Ég skrifaði einu sinni blaðagrein um stúlku sem varð fyrir kynferðisofbeldi sem barn, ánetjaðist eiturlyfjum, starfaði síðar sem vændiskona í Reykjavík og svipti sig loks lífi. Og ég man að aðstandendur hennar sögðu mér að meðal viðskiptavina hennar hefðu verið þingmenn. Kannski kemur það einhverjum þeirra sér vel að hér sé löglegt að notfæra sér eymd annarra á þennan hátt, að minnsta kosti ríkir greinilega skilningur á þingi til kennda þeirra sem það gera.
**Vilborg:** Ég veit að þetta er röng stefna og mér finnst að Svíar, sem hafa bannað kaup á vændinu, hafi valið réttu leiðina.

**Þekkir marga sem eiga flatskjái**

*Er lífsgæðakapphlaupið að ganga fram af þjóðinni? Er raunin sú að annar hver maður sé kominn með glæsikerru í innkeyrsluna og granít í hólf og gólf og veraldlega kapphlaupið tekur yfir andlega lífið?*
**Gerður:** Ég er svo mikið millistéttarkvendi að ég þekki ekkert þetta fólk. Ég hef bara komið inn á tvö heimili þar sem fólk átti flatskjá.
**Vilborg:** Flatskjái? Almáttugur, ég þekki marga sem eiga flatskjái, það er ekki það dýrasta. En ég verð ekki vör við þessar glæsikerrur, enda er ég hér í gamla bænum og fótgangandi.
**Gerður:** Sumir hafa það alltaf betra en aðrir en ríkidæmið þarf ekkert endilega að vera á kostnað andlega lífsins. Ríka fólkið er örugglega margt í ógurlega gefandi jóga- og pilatestímum í íþróttafötum frá Stellu McCartney yst sem innst. Fjölmiðlar hafa líka alltaf tilhneigingu til að fjalla um öfgarnar í samfélaginu. Það er alveg til fjöldinn allur af góðu fólki sem hugsar vel um sjálft sig og börnin sín í stað þess að leggja alla orkuna í að útbúa þyrlupall í kjallaranum.
**Vilborg:** Mér finnst dapurlegt hvernig auglýsingarnar eru að kæfa allt. Það er þreytandi að leita að einhverju efni til að lesa í blöðunum sem nú eru gefin út, þar er nú ekki um auðugan garð að gresja. Nánast allt efni er meira og minna auglýsingatengt og dulbúnar auglýsingar. Ég finn alls staðar fyrir neysluþjóðfélaginu.

*Gerður, hvernig sérðu lífið fyrir þér þegar þú ert komin á aldur Vilborgar og er ellin eins og þú sást hana fyrir þér, Vilborg?*
**Gerður:** Mér finnst sífellt skemmtilegra að vera til. Mér fannst flókið að vera barn eins og sést kannski í barnabókunum mínum. Þegar ég verð gömul verð ég eflaust orðin svo kát og létt í lund að maðurinn minn verður að leiða mig hvert sem ég fer svo ég takist ekki á loft.
**Vilborg:** Mig langaði að verða gömul og ég sá fyrir mér að eiga ruggustól og hafa grátt hár. Systur mínar dóu flestar ungar. Þrjár þegar ég var ellefu ára og þess vegna fannst mér einhvern veginn að það að fá að verða gamall skipti máli. Nú er ég orðin gömul, ég á ruggustól, keypti mér hann til að eiga þegar ég yrði gömul og ég sit oft í honum. Ég er ein og ég nýt þess að ég sé vel og heyri sæmilega. Ég hef enn gaman af ótalmörgu, bý í bókahrúgu, les, hlusta á tónlist og ég fer til dæmis á tónleika í kvöld.
**Gerður:** Ég á nú þegar ruggustól, þannig að ég er við öllu búin en í kvöld verð ég líklega ein heima með syni mínum og leik annaðhvort ljón eða byggingakrana til að skemmta honum. Í það fer kvöldið. Svo vona ég að þegar ég verð jafngömul og Vilborg verði ég jafnstolt af æviverkinu og hún getur verið. Ertu það ekki annars, Vilborg?
**Vilborg:** Ja, ég skammast mín ekkert. ■

> „Þá hugsaði ég nú bara með mér: Abeibíabodabe, abeibíabodabedabodaba, en hafði vit á að segja það ekki upphátt.




## KOSNINGAR 2007

**Íslensku stjórnmálaflokkarnir hafa í fyrsta sinn opnað flokksskrár sínar fyrir fjölmiðli. Þær tölur og upplýsingar sem fylgja hér á eftir eru allar fengnar frá flokkunum sjálfum. Blaðamennirnir *Magnús Halldórsson* og *Þórður Snær Júlíusson* fengu aðgengi að tölum um kjördæma-, aldurs- og kynjaskiptingu skráðra flokksmanna og veittu þrír flokkanna tæmandi upplýsingar. Hinir tveir flokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndi flokkurinn, gáfu takmarkaðar upplýsingar. Eftirfarandi grein er sú fyrsta af átta í sérstökum kosningagreinaflokki Fréttablaðsins. Greinarnar munu birtast með viku millibili fram að kjördegi hinn 12. maí.**



### Framsóknarflokkurinn

KONUR 37% – KARLAR 63%

Félagsmenn: 12.188
Meðalaldur: 44 ár

| Kjördæmi | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Norðvestur** | | | | |
| Fjöldi | 2.219 | Meðalaldur | ----- | |
| Karlar | 1.434 **65%** | Konur | 785 **35%** | |
| **Norðaustur** | | | | |
| Fjöldi | 1.858 | Meðalaldur | ----- | |
| Karlar | 1.206 **65%** | Konur | 652 **35%** | |
| **Reykjavík** | | | | |
| Fjöldi | 2.890 | Meðalaldur | ----- | |
| Karlar | 1.861 **64%** | Konur | 1.029 **36%** | |
| **Suðvestur** | | | | |
| Fjöldi | 1.645 | Meðalaldur | ----- | |
| Karlar | 979 **60%** | Konur | 666 **40%** | |
| **Suður** | | | | |
| Fjöldi | 3.576 | Meðalaldur | ----- | |
| Karlar | 2.140 **60%** | Konur | 1.436 **40%** | |

### Sjálfstæðisflokkurinn

KONUR 49% – KARLAR 51%

Félagsmenn: 49.600
Meðalaldur: ----

| Kjördæmi | | | |
|---|---|---|---|
| **Norðvestur** | | | |
| Fjöldi | ---- | Meðalaldur | ---- |
| **Norðaustur** | | | |
| Fjöldi | ---- | Meðalaldur | ---- |
| **Reykjavík** | | | |
| Fjöldi | ---- | Meðalaldur | ---- |
| **Suðvestur** | | | |
| Fjöldi | ---- | Meðalaldur | ---- |
| **Suður** | | | |
| Fjöldi | ---- | Meðalaldur | ---- |

*Forysta Sjálfsstæðisflokksins var ekki tilbúin til að opinbera aðrar upplýsingar úr flokksskrá en birtast hér að ofan.

### Frjálslyndi flokkurinn

Ekki uppgefið

Félagsmenn: 1.642
Meðalaldur: ----

| Kjördæmi | | | |
|---|---|---|---|
| **Norðvestur** | | | |
| Fjöldi | 217 | Meðalaldur | ---- |
| **Norðaustur** | | | |
| Fjöldi | 97 | Meðalaldur | ---- |
| **Reykjavík** | | | |
| Fjöldi | 762 | Meðalaldur | ---- |
| **Suðvestur** | | | |
| Fjöldi | 313 | Meðalaldur | ---- |
| **Suður** | | | |
| Fjöldi | 235 | Meðalaldur | ---- |

*Forysta Frálslynda flokksins var ekki tilbúin til að opinbera aðrar upplýsingar úr flokksskrá en birtast hér að ofan.

### Samfylkingin

KONUR 47% – KARLAR 53%

Félagsmenn: 19.793
Meðalaldur: 47 ár

| Kjördæmi | | | |
|---|---|---|---|
| **Norðvestur** | | | |
| Fjöldi | 1.299 | Meðalaldur | 50 ár |
| Karlar | 719 **55%** | Konur | 580 **45%** |
| **Norðaustur** | | | |
| Fjöldi | 2.410 | Meðalaldur | 47 ár |
| Karlar | 1.323 **55%** | Konur | 1.087 **45%** |
| **Reykjavík** | | | |
| Fjöldi | 7.961 | Meðalaldur | 45 ár |
| Karlar | 4.075 **51%** | Konur | 3.886 **49%** |
| **Suðvestur** | | | |
| Fjöldi | 5.163 | Meðalaldur | 46 ár |
| Karlar | 2.673 **52%** | Konur | 2.490 **48%** |
| **Suður** | | | |
| Fjöldi | 2.960 | Meðalaldur | 46 ár |
| Karlar | 1.611 **54%** | Konur | 1.349 **46%** |

### Vinstrihreyfingin-grænt framboð

KONUR 47% – KARLAR 53%

Félagsmenn: 2.822
Meðalaldur: 43 ár

| Kjördæmi | | | |
|---|---|---|---|
| **Norðvestur** | | | |
| Fjöldi | 291 | Meðalaldur | 46 ár |
| Karlar | 157 **54%** | Konur | 134 **46%** |
| **Norðaustur** | | | |
| Fjöldi | 490 | Meðalaldur | 45 ár |
| Karlar | 294 **60%** | Konur | 196 **40%** |
| **Reykjavík** | | | |
| Fjöldi | 1.389 | Meðalaldur | 41 ár |
| Karlar | 672 **48%** | Konur | 717 **52%** |
| **Suðvestur** | | | |
| Fjöldi | 414 | Meðalaldur | 44 ár |
| Karlar | 232 **56%** | Konur | 182 **44%** |
| **Suður** | | | |
| Fjöldi | 238 | Meðalaldur | 44 ár |
| Karlar | 149 **63%** | Konur | 89 **37%** |

# *85 þúsund skráðir í stjórnmálaflokka*

**Sjálfstæðisflokkurinn er langfjölmennasti flokkur landsins samkvæmt flokksskrá hans. Tveir af hverjum þremur flokksmönnum Framsóknarflokksins eru á landsbyggðinni en sama hlutfall Samfylkingarmanna er á suðvesturhorninu. Vinstri græn eru með lægsta meðalaldur flokksmanna.**

Samkvæmt þeim upplýsingum sem flokkarnir afhentu Fréttablaðinu úr flokksskrám sínum eru 85.445 einstaklingar á kosningaaldri skráðir í flokkana. Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í fyrra voru 216.191 manns á kjörskrá. Miðað við þær tölur þýðir það að um 40 prósent kosningarbærra manna séu flokksbundin.

Sjálfstæðisflokkurinn er langfjölmennasti flokkur landsins samkvæmt þessum tölum með um 49 þúsund meðlimi. Flokkurinn vildi ekki afhenda tæmandi upplýsingar um kjördæma-, aldurs- og kynjaskiptingu flokksmanna en sagði kynjahlutföllin milli þeirra vera 51 prósent karlmenn á móti 49 prósentum kvenna. Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og flokksskrifsstofan voru ekki tilbúin til að afhenda fleiri gögn en fram koma hér að ofan.

Hjá Samfylkingunni eru karlar meirihluti flokksmanna í öllum kjördæmum. Þá kjósa rúmlega 66 prósent skráðra flokksmanna hjá henni annaðhvort í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur eða Suðvesturkjördæmi. Það þýðir að tveir af hverjum þremur skráðum flokksmönnum er búsettur á suðvesturhorni landsins. Kynjaskiptingin er nokkuð jöfn milli kjördæma og í heildina eru 53 prósent flokksmanna karlmenn en 47 prósent þeirra konur. Meðalaldur þeirra er síðan 47 ár.

Hjá Framsóknarflokknum vekur það athygli að hann er eini flokkurinn, sem lét Fréttablaðinu í té tæmandi upplýsingar, sem er ekki með flesta skráða flokksmenn í Reykjavík. Það kjördæmi sem inniheldur flesta skráða framsóknarmenn er Suðurkjördæmi þar sem 3.576 manns eru skráðir í flokkinn. Það er um 30 prósent allra flokksmanna hans. Flokkurinn er þar að auki með fæsta skráða flokksmenn í Suðvesturkjördæmi, sem er athyglisvert í samanburði við hina flokkana þar sem Suðvesturkjördæmið er ætíð þeirra næstfjölmennasta. Ef miðað er við að Reykjavík og Suðvesturkjördæmi teljist til þéttbýlisins og hin þrjú kjördæmin til landsbyggðarinnar þá er staða Framsóknarflokksins einstök, því 63 prósent flokksmanna hans eru á landsbyggðinni.

Framsókn sker sig einnig úr hvað varðar kynjahlutföll enda eru um 63 prósent þeirra rúmlega tólf þúsund einstaklinga sem skráðir eru í flokkinn karlmenn. Það þýðir að rúmur þriðjungur flokksmanna er kvenkyns og gerir það að verkum að Framsóknarflokkurinn er með minnst kynjajafnræði allra flokkanna sem gáfu tæmandi upplýsingar.

Vinstri græn er flokkur unga fólksins samkvæmt flokksskrá sinni enda er meðalaldur þeirra sá lægsti sem fékkst uppgefinn, eða 43 ár. Helmingur skráðra flokksmanna er í Reykjavík og þar er meðalaldurinn einnig lægstur, eða 41 ár. Reykjavík er líka eini staðurinn þar sem konur eru fleiri en karlar hjá Vinstri grænum en í heildina eru sex prósentum fleiri karlmenn í flokknum en konur. Þar munar mest um tvö kjördæmi, Suður og Norðaustur, þar sem karlmenn eru yfir 60 prósent skráðra flokksmanna.

Fjálslyndi flokkurinn veitti einungis upplýsingar um heildarfjölda skráðra flokksmanna í hverju kjördæmi fyrir sig. Starfsmenn flokksins sáu sér ekki fært að afhenda tölur um kynjahlutföll eða meðalaldur flokksmanna. Heildarfjöldi skráðra í Frjálslynda flokkinn er 1.642 sem gerir það að verkum að flokkurinn er sá minnsti af þeim fimm sem eiga fulltrúa á Alþingi. Rétt tæpur helmingur þeirra er í Reykjavík og tveir þriðju hlutar á suðvesturhorninu.

Upplýsingar af því tagi sem hér er fjallað um liggja ekki fyrir hjá öðrum stjórnmálahreyfingum sem hyggja á framboð til alþingiskosninga í vor.

## GEFA SKÝRA VÍSBENDINGU UM SKIPULAGSSTYRK



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir upplýsingarnar úr flokksskrám stjórnmálaflokkanna gefa sterkar vísbendingar um skipulag þeirra og vinnu. „Samkvæmt þeim tölum sem flokkarnir gefa upp eru á milli 80 og 90 þúsund manns meðlimir í stjórnmálaflokkum á Íslandi. Kjósendur á kjörskrá voru 211 þúsund 2003. Þetta jafngildir því að um 40 prósent kjósenda séu meðlimir stjórnmálaflokka.“

Gunnar Helgi segir þessar tölur vekja upp spurningar. „Hæstu hlutföll af þessu tagi í öðrum lýðræðisríkjum eru um 20 prósent en í flestum eru þau langt innan við 10 prósent og fara víðast lækkandi.“

Gunnar Helgi segir merkilegt að skoða upplýsingarnar um flokksmenn í samanburði við kannanir sem gerðar hafa verið. „Þegar fólk er spurt í könnunum gefa miklu færri upp að þeir séu meðlimir flokkanna heldur en ætla mætti út frá þeim tölum sem flokkarnir gefa upp. Meðlimatölurnar sem Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin gefa upp eru til að mynda nálægt því 2,5 sinnum hærri en kannanir gefa til kynna. Hugsanlegt er að flokksmenn séu tregir til að gefa upp flokksaðild sína í könnunum, þótt það sé að vísu erfitt að svara því hvers vegna þeir séu engu að síður tilbúnir til að svara spurningum um ýmis önnur atriði, til dæmis hvað þeir hafi kosið.“

Gunnar Helgi telur upplýsingarnar úr flokksskránum gefa vísbendingar um hvernig flokkarnir starfi. „Líklegt má telja, út frá þessum upplýsingum, að skrár flokkanna séu ónákvæmar og endurspegli að í rauninni séu litlar kröfur gerðar til meðlima um starf eða fjárframlög. Margir skrá sig í flokkana til að taka þátt í prófkjörum eða hliðstæðum viðburðum. Þeir sem einu sinni komast á skrá eru líklegir til þess að haldast þar nema þeir hafi beinlínis fyrir því að skrá sig úr flokknum.“

Karlar eru í meirihluta í öllum flokkum. „Í Framsóknarflokknum eru karlar í töluverðum meirihluta sem virðist trúverðugt. Athygli vekur að þótt konur styðji Samfylkinguna og Vinstri græn í miklum mæli eru karlar samt í meirihluta meðal skráðra flokksmanna.“

Gunnar Helgi telur tölurnar sem Sjálfstæðisflokkurinn gefur upp ekki trúverðugar. „Enn meiri athygli vekur þó að í Sjálfstæðisflokknum, sem hefur mun meiri stuðning karla en kvenna, eru konur sagðar nærri helmingur meðlima. Það eina sem ég get sagt um það er að það virðist mjög einkennilegt og nánast ótrúlegt. Í könnun sem ég gerði árið 2000 voru nærri tveir þriðju þeirra sem sögðust vera meðlimir í Sjálfstæðisflokknum karlar.“

Gunnar Helgi segir heildarmyndina sem fram kemur í upplýsingunum draga fram hlutfallslegan skipulagsstyrk flokkanna. „Sjálfstæðisflokkurinn virðist vera sá flokkur sem hefur öflugasta skipulagið en þar á eftir kemur Samfylkingin. Framsóknarflokkurinn á enn talsvert flokksskipulag þrátt fyrir dvínandi fylgi í könnunum, og það gæti reynst honum drjúgt á síðustu metrunum í kosningabaráttunni.“

## PRÓFKJÖR UPPSPRETTA NÝRRA FÉLAGA



EINAR MAR ÞÓRÐARSON

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur segir fjölda skráðra kjósenda gefa skýra vísbendingu um að prófkjör séu meginuppspretta nýrra félaga í flokkunum. „Í gegnum tíðina hefur verið mjög mikil þátttaka í prófkjörum flokkanna. Ég tel nokkuð víst að einhver hluti þeirra sem taka þátt í prófkjörum ætli sér ekki að kjósa viðkomandi flokk. Þrátt fyrir að það þurfi að skrá sig í flokk til að geta tekið þátt í prófkjöri eru margir sem setja það ekki fyrir sig.“

Einar segir vissulega athyglisvert hversu margir kjósendur séu skráðir í Sjálfstæðisflokkinn. „Það vekur óneitanlega athygli að fimmtungur kjósenda skuli vera skráður í Sjálfstæðisflokkinn. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft nokkra sérstöðu að þessu leyti því kosningarannsóknir hafa sýnt að þegar að kjósendur eru spurðir hvort þeir eru félagar í stjórnmálaflokki hefur Sjálfstæðisflokkurinn algera yfirburði yfir aðra flokka og flokkshollusta er mun meiri hjá honum heldur en hjá öðrum flokkum.“

Einar Mar segist hafa þá trú að nokkur fjöldi kjósenda sé skráður í flokkana án þess að vita af því. „Ég tel þessar upplýsingar benda til þess að það sé nokkur fjöldi sem skráður er í stjórnmálaflokk án þess að vita af því. Sjálfstæðisflokkurinn heldur til að mynda prófkjör þar sem þúsundir taka þátt þrátt fyrir að meginreglan sé að þátttakendur séu skráðir í flokkinn.“

Um sex prósent kjósenda eru skráð í Framsóknarflokkinn. Einar Mar segir það athyglisvert líkt og fjöldi flokksskráðra í Suðurkjördæmi. „Það er ekki langt frá því sem flokkurinn er að mælast með í könnunum og það hlýtur því að vekja ugg meðal framsóknarmanna. Einnig vekur athygli hversu hátt hlutfall flokksmanna kemur úr Suðurkjördæmi einu en þar hlýtur nýlegt prófkjör, þar sem barist var um efsta sætið, að hafa talsvert skýringargildi.“

## ALLT HITT

[ BÍLAR TÍSKA HEIMILI FERÐIR ]

**Audi** sýningasalurinn verður opnaður hjá Heklu á Laugavegi 170 um helgina. Þar má meðal annars berja Audi R8 augum.



**Óvissuferð** starfsmanna Air Atlanta og Eimskipa fer fram þessa helgi. Þess vegna má gera ráð fyrir skertri þjónustu næstu daga, en starfsfólk biður viðskiptavini að sýna skilning og þolinmæði.

**Besta** er flutt af Suðurlandsbraut í Ármúla 23. Af því tilefni eru ýmis tilboð á vörum fyrirtækisins.

**Vorhátíð** KFUM og KFUK verður haldin í dag á Holtavegi 28. Trúðarnir Barbara og Úlfar og Jón Víðis töframaður skemmta. Samfara því hefst skráning í sumarbúðir næsta árs.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 24. mars, 83. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.15 | 13.34 | 19.54 |
| Akureyri | 6.59 | 13.19 | 19.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Jóhann Lárus Baldursson, aðalökumaður bílsins, Gunnar Þór Garðarsson, formaður tækjaflokks, Sara Ómarsdóttir og Þórhallur Birgisson hjá Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri.
MYND/HEIDA.IS

# Að hætti pólfara

***Björgunarsveitarbíllinn Ford Econline 350, árgerð 2004, er gífurlega öflugt verkfæri og kemur sveitarmönnum á Akureyri sífellt á óvart.***

„Fordinn kom til okkar frá Bandaríkjunum síðla árs 2005 og var í breytingum hjá pólfaranum Gunnari Egilssyni hjá Icecool fram í ársbyrjun 2006,“ segir Gunnar Þór Garðarsson, formaður tækjaflokks, hjá Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri.

Eftir breytinguna var bíllinn orðinn nákvæm eftirmynd bílsins sem flutti Gunnar Egilsson og félaga á Suðurpólinn, að frátalinni þriðju hásingunni.

„Bíllinn er búinn nýjustu tölvutækni og fjarskiptabúnaði. Getur keyrt um á 46 tommu dekkjum, er með framdrif, millikassa og loftpúða ásamt Xenon ljósum sem eru margfalt öflugri en venjuleg ljós,“ segir Gunnar Þór.

Fordinn rúmar fjórtán manns og er notaður við fólksflutninga í ófærð, við æfingar og útköll. Gunnar segir bílinn virkilega hafa leynt á sér eftir breytingar og komið sveitarmönnum skemmtilega á óvart.

„Hann var miklu öflugari en okkur grunaði. Síðasta sumar fórum við eftir endilöngum Vatnajökli vegna fjarskiptamála og þá þurftum að éta ofan í okkur allar fyrri spár um bílinn.“

*rh@frettabladid.is*


Veitufyrirtæki greiða
**þriðju hæstu meðallaun**
á Íslandi
- ef horft er til átján atvinnugreinaflokka Hagstofunnar
SAMORKA
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA





**Helgartilboð**
**T-Bone steik á pönnuna eða í ofninn á aðeins 2990.- kr.kg**
GALLERÍ KJÖT
**Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 gallerikjot.is**

**Bensínbrúsi** í skottið er alltaf góður. Skynsamasta fólk getur orðið bensínlaust á háannatíma. Eða fengið símtal frá góðum vini í stökustu vandræðum.

Alternatorar - Startarar
Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.
Yfir 40 ára reynsla og þekking
Á lager-Hraðpantanir.
Viðgerðir.
Valeo truma
Umboðið
Einnig:
Truma Gasmiðstöðvar
BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400

FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Höfum til afhendingar strax

Nýr 2007
Mercedes Benz 2660 EURO 5
Einn með öllu. 600 hestafla Dráttarbíll. Sjálfskiptur, Retarder Megaspace hús með sléttu gólfi, sturtukerfi með tveimur lögnum

Nýr 2007
MAN 26.480 6x4 BLS EURO 4
Nýja 2007 MAN Dráttarbíla.Nýji D26 mótorinn. XLX Kojuhús,Retarder, Spoilerar, Ísskápur, Handfrjálst símkerfi með síma, Aðgerðarstýri, Geislaspilari, Olíumiðstöð, Aircondition og fleira og fleira. Litir: Rauðir, Bláir og Hvítir.

Nýr 2007
MAN 35.480 8x6HBB EURO 4
480 hestafla með D26 mótor. Hydro framdrif, Kojuhús, velbúin. Sérstaklega hentugur sem kranabíll. Einnig hægt að fá hann með palli.
Bílexport ehf.
www.bilexport.dk • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas s. 0049 1752711783
eða Eðvald s.896 6456

REYNSLUAKSTUR



Renault Mégane er góður akstursbíll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lipur og léttur Mégane

***Nýjasta fimm dyra útgáfa Renault Mégane kom á markaðinn síðasta haust. Bíllinn er einstaklega lipur og veggripið er stórgott. Líkt og Renault er von og vísa er bíllinn afar öruggur, en hann hlaut fimm stjörnur í árekstrarprófum EuroNCAP. Bíllinn ætti að falla vel í kramið hjá fáguðum karlmönnum og móderniskum konum.***



Pláss aftur í er af skornum skammti.



Liprari bíl í sama flokki og Mégane er vart hægt að hugsa sér.

Nýjasta útgáfan er svokölluð „make over" útgáfa, eða andlitslyftingar útgáfa sem þýðir að bíllinn hefur fyrst og fremst fengið betra útlit. Meðal annars eru nú speglar og hurðarhúnar eru samlitir bílnum og í hann hefur verið sett leðurstýri sem er með þeim liprari sem ég hef snert fram til þessa.

Í fimm dyra Renault Mégane eru margir skemmtilegir fídusar. Einn þeirra er sá að ekki þarf að notast við lykil til að koma honum í gang heldur er hann ræstur með einum einföldum takka sem á stendur start/stop og til að takkinn virki stingur maður dyraopnaranum í þar til gerða rauf.

Þessi Renault er, líkt og aðrir Renault-bílar, útbúinn litlu handfangi við stýrið, en með því má meðal annars hækka og lækka í hljómflutningstækjum og kanna hluti eins og ekinn kílómetrafjölda, hversu margir kílómetrar eru í að tankurinn klárist og hversu miklu bíllinn er að eyða akkúrat þá stundina. Þetta er ótvíræður kostur.

Að aka bílnum er svo saga út af fyrir sig. Liprari bíl í þessum verðflokki er vart hægt að finna en veggrip er sérlega gott og er hann bæði snöggur upp og niður. Stýrið er sérlega létt, hugsanlega svo létt að mörgum gæti þótt það skorta meira viðnám, en fyrir þá sem kunna að fara með léttleikann er þetta kærkomið. Ef Renault Mégane væri dýr myndi ég helst líkja honum við ársgamlan síamskött sem hefur öðlast gott vald á hreyfingum sínum en er um leið liprari og léttari en færasti dansari.

Rými bílsins er ágætt. Það var gott að koma í hann bílstól og dóttir mín hafði gott útsýni, en fótarými fyrir langlappa er ekki mikið í aftursætinu. Skottið er heldur ekki stórt, en upp á móti því vegur að hægt er að leggja niður sætin og stækka skottið um leið.

Ef ég þyrfti að kaupa mér bíl á morgun væri ekki ólíklegt að ég fetaði í fótspor forfeðranna og fjárfesti í Renault, eða Runó eins og dóttir mín tveggja ára kallar þennan uppáhaldsbíl sinn.

Það að hann sé franskur er út af fyrir sig kostur, en fyrir utan það er þetta bæði öruggur, smart og skemmtilegur bíll, sem fágaðir karlmenn og flestar módernískar konur kunna vel að meta.

*mgh@frettabladid.is*



Afturendi Renault Mégane er eitt sterkasta einkenni hans.

**Renault Mégane Hatch**

**Vél:** 1,6 lítra bensín
115 hö / 152 Nm
**Þyngd:** 1.175 kg
**Meðaleyðsla:** 6,9 l/100 km
**Verð prufubíls:** 2.190.000 kr
**Verð frá:** 2.090.000 kr

**Kostir:**
Góðir akstурseiginleikar
Sérstakt og fallegt útlit
Einstaklega lipur og léttur
**Gallar:**
Vantar upp á rými að aftan
Fyrirferðarmikil handbremsa milli framsæta

**Aðrir sem vert er að skoða:**
Ford Focus
Volkswagen Golf
Opel Astra

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Stórmarkaður í stofnuni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



Nýir tímar kalla á nýjar áherslur. Ford sparar orku í framleiðsluferlinu og leggur aukna áherslu á umhverfisvernd og sparneytni. Myndin er af nýjum Ford Edge vetnisbíl, en bensínútgáfa sama bíls verður frumsýnd næstu helgi.

# Ford fær EPA orkustjörnuna

***Ford hefur hlotið orkustjörnu Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna, EPA, fyrir að minnka orkunotkun um fimm prósent á síðasta ári.***

Síðan árið 2000 hefur Ford dregið orkunotkun fyrirtækisins saman um 25 prósent. Á síðasta ári nam samdrátturinn fimm prósentum og fyrir það hlaut fyrirtækið orkustjörnu EPA, annað árið í röð.

Orkusparnaðurinn þýðir sparnað upp á um 1,8 milljarða í krónum. Sparnaðinum var náð fram með einföldum aðgerðum eins og að skipta út hefðbundnum ljósaperum fyrir langlífar og orkusparandi perur á öllum skrifstofum, dreifingarmiðstöðvum, og framleiðslustöðvum Ford. Einnig var farið út í flóknari aðgerðir eins og að einfalda og betrumbæta sprautunarferil nýrra bíla og endurnýta málningargufur til rafmagnsframleiðslu. *- tg*











## Mazda CX-9 frumsýndur hjá X4

MAZDA CX-9 ER NÝR SJÖ MANNA JEPPLINGUR Í LÚXUSFLOKKI.

Bílaframleiðendur keppast nú við að koma nýjum týpum og kynslóðum á markað. Mazda byrjar árið með CX-9, sjö manna jeppling sem ætlaður er í lúxusslaginn. CX-9 er fáanlegur bæði fram- og fjórhjóladrifinn, með 3,5 lítra sex ventla vél sem skilar 263 hestöflum. Bíllinn kemur í þremur útfærslum, sport, touring og grand touring, og kostar frá 4.990.000 krónum.
Frumsýning á CX-9 fer fram hjá X4 á Malarhöfða 2 í dag.

## Stig er mennskur eftir allt saman!

SUMIR SEGJA AÐ HANN HAFI KOMIÐ UPP UM BERGKVIKU Í SURTSEYJARGOSINU OG AÐ HANN BORÐI EINUNGIS BLÁGRÝTI.

Stig er þögull maður sem lætur verkin tala. Margir halda því fam að hann sé ekki af holdi og blóði heldur sé aðeins skel utan um hreina orku sem nýtt er í það ökutæki sem hann keyrir hverju sinni. Nú hefur hollensk sjónvarpskona afsannað þessa kenningu í sjónvarpsviðtali.
Stig sagði reyndar ekki mikið, bara nokkrar setningar, en það sannar að hann er mennskur og að hugsanlega hafi hann tilfinningar.
Hægt er að sjá viðtalið í heild sinni á slóðinni http://jalopnik.com/cars/news/breaking-the-stig-speaks-on-dutch-tv-243826.php






**Gyllt**
ætlar engan endi að taka á teikniborðinu hjá hátískuhúsunum. Gylltir fylgihlutir streyma fram í dagsljósið í vor og ná hámarki í sumar.
















Í sparilegri peysu með nettu útprjóni á boðungi og perlusaumi neðst.



Hér koma sýningardömurnar hver af annarri og hreyfa sig í takt við tónlistina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ekta skemmtikraftur í buxum og toppi, teinóttri skyrtu og bláum jakka.

# Slegist um að fá að sýna

***Fatnaður fyrir konur á öllum aldri, förðun, tónlist og dansspor einkenndu tískusýningu í Félags- og þjónustumiðstöðinni á Vesturgötu 7.***

Verslunin Dalakofinn í Hafnarfirði kynnti fatnað á tískusýningu sem drifin var upp í húsnæði Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar á Vesturgötu 7 síðasta föstudag. Sýningardömurnar eru fastagestir í félagsmiðstöðinni og svifu þar um sali íklæddar hinum fínustu fötum, farðaðar samkvæmt nýjustu tísku og með danssporin á hreinu. Að sögn Halldóru Guðmundsdóttur, forstöðukonu félagsstarfsins, er enginn hörgull á tískusýningarfólki á Vesturgötunni. „Það er slegist um að fá að sýna," segir hún og er ánægð með sitt lið, sem hún segir eldhresst og skemmtilegt. „Lífið er ekki búið þótt fólk verði sextíu og sjö," segir hún og tekur líka fram að allir séu velkomnir á Vesturgötuna, á hvaða aldri sem er. *- gun*



Í léttu pilsi með drapplitum rósum, hvítum bol með kvartermum, V-hálsmáli og smá rykkingu í annarri hliðinni. Jakkinn er í stíl.



Flott fyrir sumarið í léttri ljósri dragt og bleikum bol. Takið líka eftir lágum stígvélunum.

# Jafn heillandi og fyrir fjörutíu árum

***Vanessa Redgrave valin táknmynd fegurðar af style.com.***

Vanessa Redgrave hefur verið valin fegurðargyðja mánaðarins af forsvarsmönnum style.com, í tilefni af endurkomu leikkonunnar á Broadway. Um þessar mundir leikur hún í einleiknum The Year of Magical Thinking, sem byggir á æviágripi rithöfundarins Joan Didion.



Redgrave ásamt listakonunni Joan Didion, sem er yfir sig ánægð með frammstöðu leikkonunnar í The Year of Magical Thinking. Þar er sagt frá erfiðri reynslu Didion við fráfall eiginmanns hennar og dóttur.

Aðstandendur veftímaritsins spara ekki stóryrðin til að lýsa fegurð leikkonunnar. Þeir segja meðal annars að þótt kastaníubrúnt hár Redgrave hafi gránað í tímans rás, þá heilli há kinnbeinin, hvöss, blá augun og gáfulegt yfirbragðið áhorfendur, með sama hætti og fyrir 40 árum. Þá vakti Redgrave fyrst heimsathygli fyrir leik sinn í kvikmyndinni Blow Up (1966).

Síðan þá hefur Redgrave unnið hvern leiksigurinn á fætur öðrum og státar meðal annars af Tony verðlaunagrip, tveimur Emmy verðlaunum, jafn mörgum Golden Globe verðlaunum og Óskarsstyttu, fyrir bestan leik kvenna í aukahlutverki fyrir kvikmyndina Julia (1977) þar sem hún lék á móti Jane Fonda.

Nú bætist rithöfundurinn Joan Didion í skrautlegt persónusafn Redgrave og því viðeigandi að mati forsvarsmanna style.com að heiðra stórleikkonuna fyrir starf hennar í þágu listagyðjunnar. *- rve*



Vanessa Redgrave eins og hún kom áhorfendum fyrir sjónir í kvikmyndinni Blow Up (1966).




Kristín Eva Sveinsdóttir, eigandi Hype, var lögreglukona í níu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vorlitirnir frá Guerlain

***Mjúkir, fíngerðir og náttúrulegir litir.***

Vorlínan frá Guerlain er hönnuð af Olivier Echaudemaison, en hann er einn virtasti förðunarmeistari okkar tíma. Hugmynd Oliviers að næstu vorlínu dregur hann úr útgangspunktinum „Pure Chic“ sem mætti útleggast sem „Klassagella“ á okkar ástkæra ylhýra þó sannarlega sé erfitt að þýða þennan franska frasa.

Þetta vorið er nýtt gloss í aðalhlutverki hjá Guerlain, en það kallast KissKissGloss og kemur með nýjum bursta sem auðveldar að setja það á. Gljáinn endist betur en í honum er sérstök formúla sem gerir það að verkum að það er ekki aðeins glossið sjálft sem hefur gljáa heldur liturinn í því líka.

*- mhg*



Mildir og náttúrulegir litir í fallegum, elegant umbúðum ásamt KissKiss-Glossinu sem hefur sérlega endingargóðan gljáa.

# Grísk tískuvara frá Aþenu

***Kristín Eva Sveinsdóttir var lögreglukona í níu ár. Nú hefur hún söðlað um og opnað tískuvöruverslunina Hype.***

Hype er grískt tískumerki fyrir konur. Hingað til hefur það ekki verið fáanlegt hérlendis en nú hefur verið opnuð verslun í Reykjavík sem býður upp á þetta aþenska merki. „Ég datt inn í Hype búð í Grikklandi fyrir nokkrum árum fyrir tilviljun og féll þá fyrir merkinu,“ segir Kristín Eva Sveinsdóttir, sem rekur Hype-verslunina hérlendis ásamt Kjartani Jóhannssyni. „Ég var búin að vera lögreglukona í níu ár og mig langaði að breyta til og leit á þetta sem fullkomið tækifæri.“

Hype-verslunin er til húsa á Laugavegi 83. „Fötin frá Hype eru mjög fjölbreytt, allt frá kjólum og gallabuxum til skarts og skófatnaðar. Fötin eru fyrir flest tækifæri, hvort sem um fína viðburði er að ræða eða hversdaginn,“ segir Kristín Eva. „Hype-línan er svolítið sérstök og móttökurnar hafa verið mjög góðar.“

Það eru mikil viðbrigði að fara úr lögreglunni í verslunarrekstur en sú breyting leggst vel í Kristínu Evu. „Ja, það mætti segja að ég sé svo sem ennþá lögga, nema í þetta skipti er ég tískulögga,“ segir Kristín Eva og hlær.

*tryggvi@frettabladid.is*



Fötin frá Hype eru sérstök fyrir margt leyti og ekki laust við að grískra áhrifa gæti í hönnuninni.



Í Hype má finna föt við flest tækifæri.






# Janice Dickinson skaut sig í fótinn

***Janice Dickinson meinaður aðgangur að tískuvikum.***

Janice Dickinson hefur verið meinaður aðgangur að öllum tískutengdum viðburðum á vegum stórfyrirtækisins IMG, þar á meðal tískuvikunni í New York, Miami og Los Angeles, eftir að hafa valdið fjaðrafoki á tískusýningu Ed Hardy.

Hörður Áskelsson stendur í ströngu og æfir fyrir tvenna tónleika; annars vegar verkið Paulus sem flutt verður í Háskólabíói næstkomandi fimmtudag og hins vegar Hallgrímspassíu sem flutt verður í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Byggðu eldhús við sjávarsíðuna

Hörður Áskelsson og Inga Rós Ingólfsdóttir breyttu draumahúsinu sínu í enn betri draum.

Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju og söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, býr ásamt eiginkonu sinni, Ingu Rós Ingólfsdóttur sellóleikara, í gömlu húsi í Vesturbænum. Húsið var byggt árið 1947 en komst í þeirra eigu árið 1990. Þau hafa tekið ástfóstri við húsið þar sem þau hafa alið manninn í meir en fimmtán ár. Eftir að hafa búið í fjölda ára með börnum sínum í húsinu og eftir margar stórar veislur sem áttu uppruna sinn í litla eldhúsinu, ákváðu þau loks að aðlaga húsið að sínum þörfum og byggja stærra eldhús.

„Þegar húsið var byggt þá var ekki gert ráð fyrir því að margir væru að vasast í eldhúsinu og átti það í raun bara að vera vinnustaður fyrir einn sem hefur væntanlega verið húsmóðirin. Svo bar hún matinn í heimilisfólkið yfir ganginn. Eldhúsið var því afskaplega lítið og hafði okkur lengi langað að stækka það svo það myndi betur þjóna okkar þörfum. Við erum gefin fyrir góðan mat og höldum oft veislur og því var tímabært að eignast eldhús sem stæði undir nafni.“

Hörður og Inga Rós ákváðu því að byggja við húsið og fengu Andrés Narfa Andrésson, arkitekt og kórsöngvara, til að sjá um herlegheitin. Gamla eldhúsinu var breytt í forstofu og gestasalerni en byggt var við húsið út frá borðstofunni og eldhúsinu komið þar fyrir. Til að færa sig enn nær náttúrunni ákváðu þau að láta gler leika stórt hlutverk í nýju viðbyggingunni. Við hönnunina var í senn haft að leiðarljósi að varðveita gamla húsið en hleypa jafnframt mikilli birtu inn. Eldhúsinnréttingin er HTH innrétting frá Bræðrunum Ormsson. Líkt og oft vill verða með framkvæmdir af þessum toga drógust þær aðeins á langinn en í heildina tók þetta um níu mánuði og var því á við eina meðgöngu. En það var vel þess virði því úr varð hið fínasta eldhús og fékk gamla húsið við sjóinn kærkomna andlitslyftingu.



Antíkhúsgögn prýða stofuna og flygillinn á sinn heiðurssess í húsi organistans.

Þegar við tókum hús á Herði var í nógu að snúast hjá honum. Þessa dagana er hann í óðaönn að æfa fyrir tvenna tónleika. Fimmtudaginn 29. mars mun hann stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands og Mótettukór Hallgrímskirkju í flutningi á Paulus eftir Mendelssohn. Þetta eru ákveðin tímamót þar sem þetta er í fyrsta skipti sem Hörður stjórnar í Háskólabíói þó svo að hann hafi stjórnað sinfóníunni oft áður. Tónleikarnir hefjast kl. 19.30 og fást miðar í miðasölu Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Á föstudaginn langa mun Hörður síðan stjórna Hallgrímspassíu eftir Sigurð Sævarsson en hana flytja Caput-hópurinn og Schola Cantorum í Hallgrímskirkju.

Nálgast má miða í Hallgrímskirkju.

- hs




NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!
Við hjálpum þér að:
Efla sjálfstraustið
Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiptum
Bæta tjáningarhæfnina
Efla leiðtogahæfileikana
Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
Bæta þig í tímastjórnun
NÆSTA NÁMSKEIÐ Í REYKJAVÍK
Hefst 16. apríl
Kynningarfundur:
Fimmtudaginn 29. mars kl. 20:00-21:15, Ármúla 11, 3. hæð (við hliðina á Broadway). Allir velkomnir.
NÁMSKEIÐ FYRIR 14-17 ÁRA HEFST Í APRÍL
Kynntu þér málið á naestakynslod.is
EINSTAKT TÆKIFÆRI! NÁMSKEIÐ Á AKUREYRI
Hefst 17. apríl
Kynningarfundur:
Miðvikudaginn 28. mars kl. 20:00-21:15, Gamla Lundi við Eiðsvöll. Allir velkomnir.
www.dalecarnegie.is
Sæunn Sylvía Magnúsdóttir, skrifstofustjóri.
Á námskeiðinu lærði ég samskiptatækni sem nýtist mér á hverjum einasta degi. Ég lærði að setja mér markmið, að setja eldmóð í verkefni mín og koma hlutunum hraðar í verk. Ég er skipulagðari, hugrakkari og sjálfstraustið er mun meira. Ég er öruggari og hnitmiðaðri í tjáningu.
Eftir námskeiðið er ég óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir og ég er meðvitaðri um hvernig ég get haft jákvæð áhrif á fólkið í kringum mig. Síðast en ekki síst lærði ég að byggja á styrkleikum mínum sem gerir mig sterkari í leik og starfi.
DALE CARNEGIE © ÞJÁLFUN
Sími 555 7080







# Handgerðir bollar







● Félagar úr Leirlistarfélagi Íslands verða með sýningu á handgerðum bollum í Kringlunni hjá kaffihúsinu Kaffitári frá 24. mars til 30. apríl. Tilgangur sýningarinnar er að vekja eftirtekt á fjölbreytileika og sköpunargleði á þessum nytjahlut. 26 félagar úr Leirlistarfélaginu sýna verk sín en hér má sjá bolla fimm þeirra.




**1. Kaffibaunir** prýða þessa bolla eftir Ingu Elínu sem hefur hlotið viðurkenningar fyrir verk sín í Noregi, Danmörku og á Íslandi. 1997 var hún útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar og frá 2001 hefur hún hannað verðlaunagrip Íslensku tónlistarverðlaunanna. Tónlistarmaðurinn Elton John keypti meðal annars tvö glerlistarverk eftir Ingu Elínu.

**2. Hvítir bollar** með rauðu mynstri eftir Ragnheiði Ingunni Ágústsdóttur. „Bollana mína vinn ég út frá munstrum og teikningum sem ég hef teiknað í gegnum tíðina og jafnvel notað við gerð annarra verka. Formin eru því einföld og í raun rammi teikningarinnar.“

**3. Doppóttur bolli** á svörtum grunni eftir Áslaugu Höskuldsdótur. „Í vinnu minni í leirnum er ég ánægðust þegar samspil forms, áferðar og litar mynda heild og öðlast sitt eigið líf í því verki sem ég vinn hverju sinni.“

**4. Fallegir bollar** eftir Kristbjörgu Guðmundsdóttur. „Í verkum mínum legg ég mikið upp úr góðu handbragði og fallegum formum. Bolli þarf að passa í stærð og lögun fyrir þann drykk sem úr honum skal drekka. Hann þarf að fara vel í hendi, brún hans þarf að vera góð viðkomu og hankinn að vera þægilegur. Glerungur bollans þarf að vera mjúkur og þola vel hitabreytingar og uppþvottavél. Síðast en ekki síst þarf bollinn að vera fallegur bæði í lit og formi.“

**5. Hvítir bollar** sem minna helst á broddgelti eða risaeðlur eftir Erlu Huld Sigurðardóttur, fomann Leirlistarfélags Íslands. „Það sem heillar mig mest er að þróa ný form og glerunga og upplifa nýja liti og finna út samspilið á milli litanna og formsins. Mesti spenningurinn er að opna ofninn og sjá hvað kemur út úr honum.“








Á TRAUSTUM GRUNNI

BYGGJUM VIÐ TIL FRAMTÍÐAR!

KS verktakar hf hafa yfir 20 ára reynslu í byggingariðnaði og með tímanum skapað sér sess sem traustur og áreiðanlegur verktaki. KS verktakar hf hafa t.d. byggt grunnskóla, leikskóla, gistiheimili, stúdentagarða, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og íbúðarhúsnæði í ýmsum stærðum og gerðum.

Nokkrar íbúðir óseldar!!!

www.ksverktakar.is



KS VERKTAKAR HF

ÁSAKÓR, 203 KÓPAVOGI Í SÖLU HJÁ **KJÖREIGN**

Að Ásakór 10 - 14 í Kópavogi eru KS verktakar hf að reisa fjölbýlishús á þremur hæðum auk bílageymslu og bílskúra á jarðhæð. Staðsetning hússins er sérlega góð, stendur rétt við enda golfvallarins í Garðabæ. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá fasteignasölunni **Kjöreign** , Ármúla 21 sími: 533 4040.

# 3



# SÉRFRÆÐINGAR

Sérfræðingar frá Montana,



Erik Jørgensen og Carl Hansen verða í verslun okkar í dag laugardag kl. 10-16 og veita fag-



legar ráðleggingar um val á húsgögnum. Verið velkomin.

Montana  Erik Jørgensen®  Carl Hansen & Søn

Epal hf. / Skeifan 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

# MEST

## býður upp á þjónustu fagaðila sem leiðbeina þér



hreinlætistæki




málning



verkfæri



gólfefni



timbur



hellur




múrvörur




## Opið í dag frá kl. 9-13.

### Verslun fyrir bygginga- og framkvæmdaaðila

Komdu við í verslun MEST í Norðlingaholti.



MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

mest

– allt til bygginga





RE/MAX BÆR


Ágústa Friðfinnsdóttir lögg. fasteignasali


Kristín Gunnarsdóttir sölufulltrúi Gsm 848 8718


Benedikt Sverrisson sölufulltrúi Gsm 861 2743

## Háaleiti 3d

Keflavík
Opið hús SUNNUDAG KL.15:30-16:00

**Verð: 15,9**
Stærð: 95,9 m2
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 13,9
Bílskúr: nei

Falleg íbúð í fjórbýli við Háaleiti í Keflavík. Íbúðin er á efri hæð með sérinngangi, stutt frá íþróttahöllinni, vatnaveröld og skóla. Íbúðin er nýlega máluð, nýlegar flísar og eikarparket á gólfum. Eldhús er með góðum tækjum. Skemmtileg horneyja þar sem stálháfur er yfir og áfast borð. Opið er á milli stofu og eldhúss, útgengt á suðaustur svalir. Gluggar eru stórir og gerir íbúðina mjög bjarta. Þak hússins var tekið í gegn fyrir tveimur árum. Þetta er nett íbúð sem leynir á sér.


Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali


Skúli Örn Sigurðsson
Sölufulltrúi
897 0798
skuli@remax.is

RE/MAX Lind

## Salthúsið — Kjörið tækifæri!






Mjög áhugaverður kostur fyrir duglega einstaklinga eða hjón/pör til að fara út í rekstur í glæsilegu og nýlegu bjálkahúsi í Grindvík og nýta sér stríðan straum ferðamanna þar í kring.

Reksturinn ásamt húsinu og öllu innandyra fæst nú í einum hlut.
Hágæða eldhús, bíll, tölvukerfi, hljóðkeri, myndvarpi, leirtau, húsgögn og margt margt fleira.
Mikið hefur verið lagt til í húsið, markaðssetningu, innandyramuni, eldhúsið o.fl.

Góð viðskiptasambönd og stór viðskiptamannalisti.

Salthúsið er heillandi veitingahús með fyrirtaks aðstöðu fyrir veislur, ráðstefnur, fundi, erfidrykkjur, útskriftir, fermingar, námskeið, böll, brúðkaup o.fl.

Salhúsið mannar auðveldlega um 200 manns í sæti (100 á hvorri hæð). Góðir möguleikar vegna nálægðarinnar við Bláa Lónið þar sem tugi þúsundir manna heimsækja árlega.

**Eigandi er tilbúinn að skoða ýmis skipti**

Nánari upplýsingar um það sem fylgir, reksturinn og annað varðandi Salthúsið tekur Skúli í síma:
**897 0798**
eða á skuli@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX LIND • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500 • Fax: 520 9509

# Vélamann vantar!

Vélamann vantar á 180 tonna bát sem gerður er út á rækju.

**Upplýsingar í s. 893 3077.**

# Vallarstjóri!

Laghentur vallarstjóri óskast til starfa á tímabilinu 1. maí til 30 september. Verkefni: Umsjón með útisvæði félagsins, undirbúningur kappleikja og tilfallandi viðgerðir. Einnig vantar okkur helgarstarfsfólk í húsvörslu. Nánari upplýsingar veitir Örn Steinsen í síma 8983148 og netfang steinsen@kr.is

**allt atvinna**
Alla sunnudaga

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
Sími: 535 6000 - www.felag.is

**Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina verður haldinn laugardaginn 31. mars 2007 í Akogeshúsinu Sóltúni 3 kl. 10:00**

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Laga- og reglugerðarbreytingar.
3. Tillögur um fulltrúa á ársfund ASÍ, Sameinaða lífeyrissjóðsins og á 5. þing Samiðnar
4. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins að fundi loknum.
Stjórnin

Evrópa unga fólksins

## Ungmennaáætlun Evrópusambandsins

Annar umsóknarfrestur um styrki vegna nýrrar ungmennaáætlunar Evrópusambandsins, **Evrópu unga fólksins** „Youth in Action" er **1. apríl 2007.**

Umsóknum þarf að skila á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Evrópu unga fólksins, EUF á Laugavegi 170, 2. hæð. Á sama stað er hægt að skoða handbók verkefnisins. Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 551 9300 eða á euf@euf.is

**www.euf.is**

855–INDIGO

TILKYNNINGAR



# Styrkir til námsmanna

## Styrkir á háskólastigi

Stjórn Íbúðalánasjóðs veitir námsmönnum styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála. Styrkirnir nema alls 2.5 milljónum kr. árlega í þrjú ár og verða veittir í lok maí. Styrkirnir eru nú veittir í annað sinn.

Val á umsóknum grundvallast á því að rannsóknirnar tengist starfssemi Íbúðalánasjóðs. Sjóðurinn fær afrit af þeim verkefnum sem veittir verða styrkir.

**Styrkir á háskólastigi eru tvenns konar:**

- Meistararannsóknir og rannsóknir hærra menntunarstigs um 1.500.000 kr.
- BS rannsóknir og stærri verkefni í BS námi um 1.000.000 kr.

Fjöldi og eðli umsókna getur haft áhrif á skiptingu styrkjanna.

Nemendur í háskólanámi hér á landi, sem tengist húsnæðismálum, eiga kost á styrkjunum s.s. nemendur í:

- Viðskiptafræði
- Viðskiptalögfræði
- Hagfræði
- Verkfræði
- Byggingartæknifræði
- Arkitektúr

## Styrkir í meistaranámi iðngreina

Stjórn Íbúðalánasjóðs veitir útskriftarnemum sem stundað hafa meistaranám í byggingariðngreinum styrki að upphæð 500.000 kr. fyrir góðan námsárangur. Styrkirnir eru nú veittir í annað sinn.

Hægt er að stunda meistaranám í fimm byggingariðngreinum í þremur skólum á landinu:

- Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi
- Iðnskólanum í Reykjavík
- Verkmenntaskólanum á Akureyri

Iðngreinarnar eru:

- Húsasmíði
- Pípulagnir
- Málaraiðn
- Múrverk
- Veggfóðrun

Styrkirnir verða ekki auglýstir, heldur veittir samkvæmt ábendingu skólanna.

Nánari upplýsingar veitir Helga Arngrímsdóttir þróunarsviði Íbúðalánasjóðs, Borgartúni 21 í síma 569 6900.

**Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2007**

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, fax: 569 680 0

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

# FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur P. Sigurðsson hrl.
löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfest.is - fjarfest@fjarfest.is



**Miklabraut 62 - 3ja herb. íbúð með aukaherbergi**

Til sölu falleg, sólrík og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2.hæð ásamt góðu aukaherbergi í kjallara, tilvalið til útleigu. Nýlegt gler, dren og skolp. Frábær staðsetning við Klambratún. Stutt er í alla þjónustu, skóla, verslanir og sundlaug. **Verð 22,9 millj.**

***Hrefna sýnir íbúðina á milli 15-16 í dag***

Frum



# FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

**SELVOGSGATA 4 - EINBÝLI HFJ.**
**OPIÐ HÚS í dag laugardag frá kl. 14 - 16**





Vorum að fá í einkasölu glæsilegt og mikið endurnýjað 6 herbergja 145 fm eldra einbýlishús ásamt 25 fm geymslu eða samtals 170 fm á frábærum stað í Hafnarfirði með útsýni yfir höfnina og miðbæinn. Nýlegar hvítar háglans innréttingar í eldhúsi og baðherbergjum ásamt nýl. innr. í þvottahúsi. Nýleg gólfefni þ.e. náttúrusteinn og parket. Sjón er sögu ríkari.

***Stefán og Linda taka á móti gestum milli kl. 14 og 16 í dag laugardag.***

Frum






# Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldi íbúðarhúsnæðis, styttingar byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði. Sá sem óskar eftir láni eða styrk skal skila inn umsókn til Íbúðalánasjóðs á sérstöku eyðublaði, um verkefni það er vinna skal. Umsóknina skal leggja fyrir stjórn sjóðsins til ákvörðunar með greinargerð og tillögu um afgreiðslu. Fjárhæð láns eða styrks og lánstíma, skal ákveða hverju sinni af stjórn Íbúðalánasjóðs með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn. Ef um lán er að ræða skulu þau tryggð með fullnægjandi veði í fasteign að mati Íbúðalánasjóðs samkvæmt almennum reglum Íbúðalánasjóðs um veðrými.

**Rafræn umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is**

Nánari upplýsingar veitir Helga Arngrímsdóttir þróunarsviði Íbúðalánasjóðs, Borgartúni 21 í síma 569 6900.

**Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2007**

**www.ils.is**
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, fax: 569 680 0

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður



FASTEIGNASALAN
# GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI
570 4800

Hákon Svavarsson löggiltur fasteignasali, Sveinbjörn Halldórsson sölustjóri, Grétar Kjartansson, Ellert Bragi Sigþórsson, Kristinn G. Kristjánsson
Katrín Gísladóttir, Gísli R. Guðfinnsson og Árni Stefánsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810**

# Fasteignasalan Gimli og Ásvík ehf.
## halda sýningu á vönduðu timbur einbýlishúsi frá Boro Hus í Svíþjóð.
### Sýningin verður í Öndverðarnesi (landi Múrarafélags Reykjavíkur) laugardaginn 24. og sunnudaginn 25. mars frá kl 14-17 báða dagana.





**Dalsland 203**
203 fm einbýlishús á einni hæð.
Húsið skiptist í fimm svefnherbergi, tvær stofur og tvö baðherbergi
***Verð m/uppsetningu 25,8 millj.***

Marbodal
Vandaðar innréttingar






**NARKE 123**
179 fm einbýlishús á einni hæð m/innbyggðum bílskúr.
Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu og tvö baðherb.
***Verð m/uppsetningu 20.3 millj.***

**Leiðarlýsing:**
Ekið ca 2,2 km austur fyrir Þrastalund og beygt til hægri niður afleggjarann að golfvellinum, vegvísar leiða áhugasama skoðendur að húsinu.

Til sýnis er fullbúið einbýlishús með fallegum innréttingum og vönduðum heimilistækjum.
Húsið er 179 fm á einni hæð m/ innbyggðum bílskúr.
Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús, tvö baðherbergi, þvottaherbergi og innbyggðan bílskúr.
Boro húsin eru afh. fullbúin með gólfefnum parket fylgir með, allar innréttingar uppsettar. Innan og utan eru húsin ómáluð.
Hægt er að fá húsin ósamsett eða samsett, eftir því hvort hentar.
BORO HUS býður einnig upp á margar stæðir og gerðir af sumarhúsum.

SIEMENS

SVEDBERGS

**Húsið sem er til sýnis er eitt af mörgum útfærslum af húsum frá BORO HUS.**
**Komið og sjáið glæsilegt fullbúið hús. Upplýsingar um aðrar útfærslur af húsum á staðnum.**
**Gestum sem koma á sýninguna er boðið í kaffi á veitingarstofunni Þrastarlundi eftir skoðun.**

*Umboðsaðili er Ásvík ehf. • Grundarhvarfi 3 • Kópavogi*

Frum

## Tjaldhólar 26 Selfossi.
## Opið hús í dag 24. mars milli kl 16:00 og 17:00





Snyrtilegt vel skipulagt 161,4 m2 viðhaldsfrítt endaraðhús klætt með duropal klæðningu. Eignin skiptist í 3 stór parketlögð herbergi með fataskápum. Eldhús með hvítri höldulausri HTH innréttingu og vönduðum tækjum. Stofan er björt og parketlögð með útgengi útí garð. Baðherbergið er með góðri innréttingu, flísalagt með sturtu og baðkari. Innaf baðherbergi er gengt um rennihurð inní snyrtilegt þvottahús. Bílskúrinn er rúmgóður fullfrágenginn og flísalagður. Hiti er í öllum gólfum, gólfefni eru eik og flísar, halogen lýsing er í flestum rýmum. Góð lán á 4,15 % vöxtum geta fylgt. Verð 27,7 millj.

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 38
Sími 482 4800
www.arborgir.is

*Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. - löggiltur fasteignasali*

---

# MIÐBORG
**Sími 533 4800**

Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is
Björn Þorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

## Flétturimi 23 - Opið hús




112,7 fm glæsileg og mjög mikið endurnýjuð 5 herbergja íbúð á annarri hæð auk stæðis í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í hol, stofu með suður svölum, glæsilegt eldhús (tvöfaldur amerískur ísskápur fylgir) með borðkrók, þvottahús, fjögur góð svefnherbergi og baðherbergi. Eign sem vert er að skoða. **V. 28,5 m.**

**Opið hús í dag milli kl. 14.00 og 16.00 (Ásta Marta á bjöllu)**

---

## Furuberg 3 Hafnafirði.
## Opið hús í dag 24. mars milli kl 14:00 og 15:00





Stæðilegt vel staðsett 186,5 m2 einbýlishús í Setberginu. Eignin telur; forstofu, þvottahús, gang 3 herbergi, baðherbergi, sjónvarpshol, stofa, borðstofa,gesta-wc búr og eldhús, auk frístandandi bílskúrs. Góð innrétting með nýrri granítborðplötu er í rúmgóðu eldhúsi. Baðherbergi er með baðkari og sturtu. Gólfefni eru góð, flísar á votrýmum og parket á öðru. Stofan er rúmgóð, upptekið loft er í stofu og borðstofu. Möguleiki er að útbúa 4 svefnherbergið. Bílskúr er fullbúinn. Bílaplan og stétt eru hellulögð og garður er gróinn og snyrtilegur. Staðsetning hússins er mjög góð, innst í botnlanga í grónu hverfi. Verð 55 millj.

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 38
Sími 482 4800
www.arborgir.is

*Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. - löggiltur fasteignasali*

---

## Sóltún 13 Selfossi.
## Opið hús í dag 24. mars milli kl 15:00 og 16:00





Gott endaraðhús í Fosslandi á Selfossi. Eignin telur: anddyri, hol, 4 svefnh., stofu, eldhús, baðh., þvottahús. Stofan er björt með útgengi útá verönd. Góð innrétting er í eldhúsi og góður borðkrókur. Baðherbergið er með baðkari, sturtu og góðri innréttingu. Gólfefni eru flísar og parket. Innangengt er í bílskúr úr þvottahúsi. Bílskúrinn er fullbúinn og flísalagður. Frágangur er allur vandaður og innra skipulag þess er gott. Garður er gróinn og afgirtur með skjólgirðingum. Verð 24,8 millj.

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 38
Sími 482 4800
www.arborgir.is

*Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. - löggiltur fasteignasali*

---

# HÚSIÐ FASTEIGNASALA
*- heilshugar um þinn hag -*

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vilhjálmur Bjarnason** | **lögg. fast.sali** | **Vilborg G. Hansen** | **sölumaður** |
| **Helgi H. Jónsson** | **lögg. fast.sali** | **Heimir H. Eðvarðsson** | **sölumaður** |
| **Guðný Guðmundsdóttir** | **sölumaður** | **Vignir Daðason** | **sölumaður** |
| **Gunnar Magnússon** | **sölumaður** | **Yngvi Laxdal** | **sölumaður** |
| **Hrafnhildur Helgadóttir** | **sölumaður** | **Rannveig Sveinsdóttir** | **móttaka** |
| **Kolbeinn Sigurðsson** | **sölumaður** | **Erla R. Guðmundsdóttir** | **bókari** |
| **Kristinn Erlendsson** | **sölumaður** | **Ómar Haraldsson** | **tölvuumsjón/frágangur** |
| **Ólafur H. Haraldsson** | **sölumaður** | **Ingvaldur Mar Ingvaldsson** | **framkv.stjóri** |
| **Ólafur M. Sævarsson** | **sölumaður** | | |

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**

## Þingholtsbraut 33, 200 Kópavogur
## Opið hús laugard. 24. mars.
## kl. 14:00-14:30



**Verð 38.400.000**

Efri sérhæð í klæddu þríbýlishúsi sem er 161,4 fm og er með glæsilegu útsýni og aukaherbergi í kjallara ásamt 26,1 fm bílskúr á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs. Stór stofa og arinstofa með nýju parketi, arinn í stofu, mikið útsýni úr stofu og borðstofu. Á svefnherbergisganginum eru fjögur svefnherbergi með parketi og tvö af þeim með fataskápum. Baðherbergi með sturtu, baði og skáp, flísalagt í hólf og gólf, gluggi. Eldhús með eldri innrétting sem er nýlega tekin í gegn með flísum milli skápa, t.f. uppþvottavél, þvottavél og þurrkara, góð borðaðstaða við glugga. Stutt er í gönguleiðir meðfram ströndinni og í sundlaugina, skóla ásamt verslun og þjónustu í Hamraborg.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

## Hamrahlíð 9, 105 Reykjavík
## Opið hús laugard. 24. mars.
## kl. 15:00-15:30



**Verð 19.400.000**

Falleg og vel endurnýjuð 3ja herb. 79,4 fm íbúð á jarðhæð í þríbýli í vinsælu hverfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og góðir skápar eru í hjónaherbergi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, hvít innrétting og baðkar með sturtu. Eldhús er með ljósri innréttingu, flísalögn á milli efri og neðri skápa, lagt fyrir uppþvottavél og góð tæki. Nýjar hurðir sem eru hvítar. Allt hús og þak málað að utan 2004 og lögð stétt með snjóbræðslu.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

## Sléttahraun 26, 220 Hafnarfjörður
## Opið hús laugard. 24. mars.
## kl. 16:00-16:30



**Verð 17.900.000**

Góð 3ja herb. 88,5 fm íbúð á fyrstu hæð. Tvö svefnherbergi með parket á gólfum og góðir skápar í hjónaherbergi. Stofa er með parket á gólfum, og útgengt á suður svalir frá stofu. Baðherbergi er flísalagt, innrétting, baðkar með sturtu og flísar eru í kringum baðkar. Eldhús er með fallegri innréttingu, flísar á gólfum, lagt fyrir uppþvottavél, nýleg góð eldavélatæki, flísar á milli skápa og góður borðkrókur. Inn af eldhúsi er þvottaherbergi.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

**Húsið fasteignasala hefur verið starfandi síðan 1992.**
Við sérhæfum okkur í sölu á íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og í eignum erlendis.
Hjá húsinu starfar 15 manna samhentur hópur með mikla reynslu sem vinnur af kappi við að þjónusta þig.

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# Opið hús laugardag og sunnudag á milli kl. 13 og 15

# Hólavað 1-11 – Reykjavík

## Glæsileg raðhús á frábærum stað í Norðlingaholti





Frum

Glæsileg 2ja hæða 146,7 raðhús sem byggð er úr staðsteyptri steinsteypu, með innbyggðum bílskúr. Húsin eru uppsteypt nú þegar og tilbúin til afhendingar fullbúin að utan. Að innan eru afhendast húsin með hita í gólfum og pússuðum úthring. Húsin standa við Hólavað 1 - 11 í Norðlingaholti og miðast heildarskipulagsáætlun svæðis við raðhús með einhalla þaki og góða tengingu við útivistarsvæði í nágrenni. Byggðin lækkar til suðurs sem gerir staðsetninguna mjög heillandi fyrir fjölskyldufólk og aðra tengda náttúru og útivist. Sjá teikningar og nánari skilalýsingu á skrifstofu okkar.

**Verð 32,9 millj. miðjuhús**
**Verð 33,9 millj. endahús**

- ✔ **FULLBÚIN AÐ UTAN**
- ✔ **PÚSSAÐIR ÚTVEGGIR AÐ INNAN**
- ✔ **HITI Í GÓLFUM**
- ✔ **SUÐURLÓÐ**
- ✔ **FRÁBÆRT ÚTIVISTARSVÆÐI**
- ✔ **TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI**
- ✔ **TILBÚIN TIL AFHENDINGAR**

Efri hæð



Neðri hæð



**SKEIFAN**
**FASTEIGNAMIÐLUN**
Suðurlandsbraut 46 · www.skeifan.is
**Sími 568 5556 • Fax 568 5515**

*EYSTEINN SIGURÐSSON, lögg. fasteignasali*

RE/MAX Bær

# ERTU Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

## Leitar þú að góðri þjónustu?
## Reyndir sölufulltrúar, hátt þjónustustig



**KRISTÍN BIRNA**
Framkvæmdastjóri
**kristin@remax.is**



**ÁGÚSTA**
Lögg. fasteigna-, fyrirtækja-, og skipasali.



**ARNAR INGI**
Sölufulltrúi
**Sími 692 8899**
**arnar@remax.is**



**GUÐBERGUR**
Sölufulltrúi
**Sími 893 6001**
**beggi@remax.is**



**BENEDIKT**
Sölufulltrúi
**Sími 861 2743**
**benni@remax.is**



**BRYNJÓLFUR**
Sölufulltrúi
**Sími 820 8080**
**binni@remax.is**



**HRAFNHILDUR**
Sölufulltrúi
**Sími 869 8150**
**hrafnhildur@remax.is**



**KRISTÍN**
Sölufulltrúi
**Sími 848 8718**
**stina@remax.is**



**KRISTJÁN**
Sölufulltrúi
**Sími 699 6949**
**kristjan@remax.is**



**MAGNÚS NINNI**
Sölufulltrúi
**Sími 694 9999**
**maggi@remax.is**



**SNORRI**
Sölufulltrúi
**Sími 864 8090**
**ss@remax.is**



**SÆUNN**
Sölufulltrúi
**Sími 864 3338**
**saeunn@remax.is**



**VILHJÁLMUR**
Sölufulltrúi
**Sími 848 1200**
**villi@remax.is**

# VOR Í PARÍS!

NÖFN ALLRA SEM SKRÁ EIGN SÍNA Í SÖLU HJÁ **RE/MAX BÆ**
FYRIR PÁSKA FARA Í POTT SEM DREGIÐ VERÐUR ÚR
FERÐ FYRIR TVO TIL PARÍSAR Í VOR!



# RE/MAX BÆR



## Ný og glæsileg fasteignasala að Malarhöfða 2

## Sími 512 3400 • baer@remax.is

**www.remax.is • Allar REMAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign**

# BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

## *Kynntist Matthíasi vel*

„Ég er með eina hnausþykka bók á náttborðinu sem ég er að enda við,“ segir Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur. „Það er ævisaga Matthíasar eftir Þórunni Valdimarsdóttur. Ég hef gersamlega týnt mér í þeirri góðu bók, finnst hún einkar skemmtileg og afar vel skrifuð. Það er eins og Þórunn sé að skrifa um aldavin. Hún breytir Matthíasi í manneskju með bæði kostum og göllum og eftir lesturinn finnst mér ég hafa kynnst honum vel.

Þetta með betri ævisögum sem ég hef lesið og les ég þær þó margar því ég hef yndi af sögum um áhrifafólk sem hefur skilið mikið eftir sig. Bókin um hana Ólafíu Jóhannsdóttur eftir Sigríði Dúnu er næst á listanum hjá mér.“



Bjarni undirbýr annasamt sumar í fornleifarannsóknum en á kvöldin gefur hann sér tíma til að glugga í ævisögur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## VISSIR ÞÚ ...

... að Bretinn Ed China bjó til stærstu vélknúnu innkaupakerru sögunnar í tilefni af heimsmetadegi Guinness, 9. nóvember 2000? Hún er 3 m löng, 3,5 m á hæð og 1,8 m breið. Gripurinn var til sýnis í Asdaversluninni í Watford á Englandi.

... að 1,8 milljónir manns tóku þátt í hinni árlegu Mix Brasil-hátíð 29. maí 2005 þar sem fjölbreytileika mannlífsins er fagnað í Sao Paulo, Brasilíu.

... að mesta mannfall af völdum umferðarslyss varð þegar olíuflutningabíll sprakk í Salang-göngunum í Afganistan 3. nóvember 1982? Þá biðu 176 manns bana.

... að Reach for a Dream-stofnunin bakaði lengstu tertu sem sögur fara af, þegar hann gerði 2.663,1 m langa tertu í Jóhannesarborg, S-Afríku, 7. júlí 2005.

... að Dawn of the Dead (2004) er tekjuhæsta uppvakningamynd sögunnar? Kostnaður við gerð myndarinnar nam 2.005 milljónum króna en tekjur af henni voru 4.211 milljónir króna.

... að ef miðað er við flatarmál þá myndast fleiri skýstrokkar í Bretlandi en nokkru öðru landi? Í meðalári verður þar eins skýstrokks vart á hverjum 7.397 km2.

...að Ruth Handler hét konan sem bjó til Barbie-dúkkuna?

... að í 23 manna hópi eru um helmingslíkur á að tveir þeirra eigi afmæli sama dag?

... að hægt er að skera köku í átta hluta með þremur hreyfingum?

... að um helmingur fólks í heiminum hefur aldrei notað síma?

... að leikkonan America Ferrera, sem leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Ugly Betty, byrjaði að leika á sviði átta ára gömul?

... að til er kvikmynd sem heitir The One Second film og er aðeins 1 sekúndu löng? Sjálf titilsenan er þó 89 mínútur og 59 sekúndur þar sem næstum 7.000 manns framleiða myndina.

... að fólk getur haldið í sér andanum í eina mínútu að meðaltali? Heimsmetið er sjö og hálf mínúta.

... að tungan er eini vöðvi líkamans sem er aðeins fastur í annan endann?

... að neglurnar á fingrunum vaxa fjórum sinnum hraðar en táneglurnar?

... að hiksti varir að meðaltali í fimm mínútur?

... að 13 prósent mannkyns eru örvhent?

... að ekki er hægt að finna bragð að mat nema hann blandist munnvatni?




BJÓÐUM VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 6 MÁNUÐI
GILDIR UM ALLAR VÖRUR

AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM.

TEKK COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

**Kynning og sýning á Nordica Hotel í dag**

# Austurland tækifæranna

## Blómstrandi atvinnulíf og öflugt samfélag

**AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA**

ATVINNA | BÚSETA | VIÐSKIPTI

## Kynning og sýning á Nordica Hotel í dag kl. 12:00 – 16:00

Á þriðja tug fyrirtækja, samtaka og stofnana kynna hin margvíslegu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi, atvinnutækifæri, búsetutækifæri og viðskiptatækifæri.

- Fyrirtæki af svæðinu kynna starfsmöguleika hjá sér og þjónustu sem þau veita.
- Húsnæðismál, eignir og lóðir til sölu.
- Þjónusta sveitarfélaga.
- Menningar- og frístundastarf.
- Ferðaþjónusta.
- Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnetið, Menningarráðið og Markaðstofa Austurlands kynna starfsemi sína.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, og Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, verða á staðnum og ræða við gesti.

## Grípið tækifærið!

Kynnið ykkur kraftinn og uppbygginguna sem hafa einkennt Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað á síðustu misserum og sláist í hópinn með okkur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/AUS 36168 03/07

ÞRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS

FLJÓTDALSHÉRAÐ

VINNUMÁLA STOFNUN

FJARÐABYGGÐ

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

Heiðar og Halli, Botnleðjupabbar, leikskólakennarar, FH-ingar og Pollapönkarar: „Maður kaupir helst ekki tónlist handa krökkunum sínum sem manni finnst hrútleiðinleg.”



# Pabbar spila Pollapönk

**Hin villtu ár Botnleðjustrákanna Heiðars Arnar Kristjánssonar og Haraldar Freys Gíslasonar eru að baki. Fimm plötur liggja eftir hljómsveitina og hún er gulltryggð í íslenskri rokksögu sem eitt kraftmesta tríó hennar. Í dag eru þeir pabbar og útlærðir leikskólakennarar. Enn lifir þó í gömlum glæðum og Botnleðja starfar ennþá, hittist einu sinni í viku og stingur í samband.**




Tilgangurinn er náttúrlega að gera nýja plötu,“ segir Heiðar, „en við erum skammt á veg komnir og platan kemur örugglega ekki út á þessu ári.“

„Nú vinnum við þetta líka öðruvísi,“ segir Halli. „Erum búnir að koma okkur upp okkar eigin hljóðveri. Við mættum með tómt borð. Við erum að leita að einhverju sem við höfum ekki gert áður. Við höfum reyndar alltaf haft áhuga á að gera það sem fólk býst ekki við af okkur, þó það hafi kannski ekki alltaf tekist.“

### Víkingarisi og fullur kall

Botnleðja vann Músiktilraunir árið 1995 og komst með hraði á kortið. Eins og gengur hefur margt breyst síðan hljómsveitin steig sín fyrstu spor.

„Þegar við vorum að byrja var hvílík spenna í kringum alla tónleika, stress og hamagangur. Það tók alltaf eitthvað við af öðru. Skömmu eftir Músiktilraunir kom þessi Blur-túr og viðhélt spennunni. Manni þótti meikið spennandi,“ segir Heiðar.

„Við höfum gert margar heiðarlegar meikreisur og okkur langaði alltaf að meikaða,“ segir Halli. „Margt var alveg frábært, eins og þegar við spiluðum á stóru sviði fyrir framan fimm þúsund manns á All Tomorrow's Parties-festivalinu á Englandi.“

Strákarnir eru allir með sólóverkefni í gangi. Halli er Fulli kallinn og Heiðar er The Viking Giant Show. Raggi bassaleikari er líka að búa til tónlist einn. Bæði Heiðar og Halli ætla að gefa út plötur í ár.

„Ég er kominn með fjögurra manna band í kringum The Viking Giant Show,“ segir Heiðar. „Áherslurnar eru breyttar. Það er meiri kántrí- og þjóðlagafílingur í þessu núna. Ég get rokkað með Botnleðju og langaði bara til að þetta yrði allt öðruvísi.“

„Ég er tilbúinn með fyrstu plötu Fulla kallsins,“ segir Halli, „og nú ætla ég að sjá hvort einhver vilji gefa þetta út. Ef það gengur ekki verð ég bara að gefa plötuna sjálfur út. Í tuttugu eintökum fyrir vini og vandamenn ef því er að skipta. Þetta er ekki gert í neinum öðrum tilgangi en þeim að skapa músik. Engin gróðasjónamið og enginn sérstakur þorsti til að fara að spila á tónleikum.“

### Í leikskólanum

Heiðar og Halli eru leikskólakennarar í Grafarvogi og Hafnarfirði. Voru það samantekin ráð að fara út í þetta frekar óvenjulega fag fyrir rokkara?

„Nei, við ákváðum það í sitthvoru lagi,“ segir Heiðar. „Við höfðum verið að vinna við þetta meðfram tónlistinni áður en við fórum í námið.“

Afhverju byrjuð þið að vinna á leikskóla?

„Leikskólinn var nú bara hinu megin við götuna heima hjá mér og þá vantaði alltaf fólk. Mig vantaði pening og ég kíkti yfir og sá að þarna voru peningarnir,“ segir Heiðar og flissar.

„Ég ílengdist nú í þessu einfaldlega vegna þess að mér gekk vel í þessu starfi,“ segir Halli. „Mér fannst þetta skemmtilegt og mér leiddist ekki neitt. Ég sá alveg fram á að hafa gaman af þessu áfram og fór í námið til að hækka örlítið í launum.“

Finnst ykkur samfélagið meta verk ykkar af verðleikum?

„Æi, mér er skítsama um það,“ segir Halli. „Ef fólk er ekki til í að borga fyrir það mikilvægasta þá verður bara að hafa það. Skítt með það þó fólk sé til í að borga fólki sem geymir peningana þess milljónir á mánuði. Það er einhver misfella þarna en ég nenni bara ekki að svekkja mig á því. Ég vissi alveg að hverju ég gekk þegar ég fór í námið. Vissi alveg að ég yrði áfram á lélegum launum. En auðvitað vonar maður það besta. Launin geta auðvitað bara farið upp á við.“

### Skemmtilegt að vera pabbi

Hér sitjum við – tveir rokkarar á fertugsaldri og einn miðaldra – og tölum um kjör leikskólakennara. Ekki mikið rokk í því, eða hvað? Til að bæta gráu ofan á svart spyr ég þá næst út í feðrahlutverkið. Breyttist sýn þeirra á leikskólakennsluna eftir að þeir urðu sjálfir pabbar?

„Nei, ég myndi ekki segja það,“ segir Halli, „En við græddum gríðarlega á því í uppeldishlutverkinu að hafa þessa reynslu. Við þekktum alla taktana.“

Hvaða ráðleggingar hafið þið, fagmennirnir, fyrir unga feður?

„Bara að taka fullan þátt í uppeldinu,“ segir Heiðar.

„Mér finnst við dálítið vera á villugötum,“ segir Halli. „Mér finnst stundum að foreldrar séu alltof linir.“

Viltu þá að gamla góða rassskellingin sé endurvakin?

„Nei, ég er ekki að tala um það, heldur til dæmis að fólk á ekki að rökræða við fjögurra ára barn. Það hefur engan þroska til að taka þátt í rökræðum. Stundum átt þú bara að geta sagt hvernig hlutirnir eru. Þú átt að setja reglurnar.“

„Það er bara skemmtilegt að vera pabbi og ala upp börn,“ segir Heiðar og ber ljúfa fjölskyldulífið saman við sukk æskuáranna. „Flestir átta sig nú á því að sukkið er ekki alveg málið til lengdar, en það er auðvitað ekkert að því að hella sig fullan annað slagið. Það er bara hressandi. Er það ekki, Halli?“

„Pass,“ segir Halli.

### Hressandi Pollapönk

Barnaplatan Pollapönk er útskriftarverkefni Heiðars og Halla úr leikskólakennaraskólanum. Fengu þeir tíu?

„Nei, reyndar ekki tíu,“ segir Heiðar, „en við fengum fyrstu einkunn. Við gerðum skýrslu með og svona, en við vissum nú svo sem að við værum ekkert að fá tíu enda var þetta í fyrsta skipti sem eitthvað svona er gert.“

„Við erum mjög stoltir af þessari plötu,“ segir Halli, „Ég held okkur hafi tekist ágætlega til.“

„Platan er mjög hressandi!“ segir Heiðar. „Það gustar af henni.“

Á hvað hlustuðuð þið sem krakkar?

„Ég lá í Dýrunum í Hálsaskógi og plötunni Algjör sveppur,“ segir Heiðar.

„Ég stalst nú aðallega í plöturnar hjá stóra bróður og hlustaði á Supertramp, Huey Lewis and the News og eitthvað þannig. Ég á engar minningar um að hlusta á barnatónlist,“ segir Halli.

Voruð þið búnir að gera hávísindalega prófun á tónlistinni í leikskólunum?

„Nei, við vissum bara að þetta þurfti að vera skemmtilegt og foreldrunum þarf líka að finnast þetta skemmtilegt því þeir kaupa plöturnar. Maður kaupir helst ekki tónlist handa krökkunum sínum sem manni finnst hrútleiðinleg,“ segir Heiðar.

„Ég myndi ekki kaupa Perlur með Birgittu Haukdal fyrir barnið mitt,” segir Halli en skiptir strax um skoðun: „Jú annars, ég myndi örugglega kaupa hana ef barnið vildi. Maður stjórnar því ekkert hvaða stefnu börnin manns taka í tónlist, þó maður reyni kannski að leiðbeina þeim. Krakkarnir manns fara örugglega sínar eigin leiðir

> ” Ef fólk er ekki til í að borga fyrir það mikilvægasta þá verður bara að hafa það. Skítt með það þó fólk sé til í að borga fólki sem geymir peningana þess milljónir á mánuði. Það er einhver misfella þarna en ég nenni bara ekki að svekkja mig á því.

## Heiðar og Halli … fylla í eyðurnar

**Ef ég gæti bara skoðað eina heimasíðu á dag færi ég á**… fhingar.net (Heiðar) / fotbolti.net (Halli)

**Ég eyddi síðast meira en hundrað þúsund kalli**… í Land Rover Discovery árgerð ’97 (Heiðar) / í London (Halli)

**Síðasta platan sem ég sótti var**… Neon Bible með Arcade Fire (Heiðar) / Writer’s Block með Peter, Björn og John (Halli)

**Ég er með tattú á**… upphandleggjunum. Annað er tveggja vikna gamalt, nafnið á syni mínum Myrkva (Heiðar) / ég er ekki með tattú (Halli), nei, enda ertu aumingi (Heiðar)

**Ef ég ætti tímavél stillti ég hana á**… 1970 og færi á Led Zeppelin í Höllinni (Heiðar) / stopp (Halli)

**Besta barnabók sem ég hef lesið er**… Moldvarpan sem vildi vita hver skeit á hausinn á henni (Heiðar) / Einar Áskell (Halli)

**Ef kaffi yrði bannað**… færi ég til Júlla í Draumnum og keypti það þar (Heiðar) / drykki ég eitthvað annað (Halli)

**Þegar ég dey**… þá er partíið búið (Heiðar) / þá er allt svart (Halli)



# Fljótsdalshérað
# – hvergi annars staðar



fljotsdalsherad.is



- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning

**Egilsstaðir**
**Fellabær**
**Eiðar**
**Hallormsstaður**
**Brúarás**

Ef þú ert að leita að stað þar sem stórbrotin náttúra er innan seilingar, þar sem veðursældin er margrómuð, þar sem kraftur er í menningarlífinu og uppgangur í atvinnulífinu, þar sem menntunarmöguleikar eru fjölbreyttir, samgöngur og þjónusta eins og best gerist ... þá finnur þú þig á Fljótsdalshéraði – hvergi annars staðar.







## Austurland tækifæranna

Fulltrúar Fljótsdalshéraðs verða til viðtals á kynningunni Austurland tækifæranna á Nordica Hótel í dag frá kl. 12–16.



Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

# Óskabörn þjóðarinnar

Til eru þeir sem njóta allt að því óumdeildrar lýðhylli umfram aðra sökum hæfileika sinna, atgervis og yfirbragðs. Fréttablaðið bankaði í barómetið, stakk sleiktum vísifingri upp í vindinn og réðst í hávísindalega könnun á hvaða Íslendingum Íslendingar unna öðrum fremur.



**Eiður Smári Guðjohnsen**
Landsins sómi, sverð og skjöldur. Fátt festir óskabörn betur í sessi en landkynning, ekki síst á vettvangi vinsælustu íþróttar heims. Ferill Eiðs er draumur hvers manns; hann hefur sjálfstraust sem hæfir starfinu en kemur vel fyrir og virðist bæði heilsteyptur og jarðtengdur. Á sér breyskar hliðar sem hafa komið honum í sviðsljósið en hann hefur tæklað þær vel og uppskorið bæði fyrirgefningu áhangenda sinna og sennilega enn meiri aðdáun fyrir vikið.



**Eva María Jónsdóttir**
Tilgerðarlaus sjarmi er aðall margra óskabarna og af honum hefur Eva María nóg. Er í senn móðurleg og þokkafull og hefur einstakt lag á að fá viðmælendur sína til að opna sig, enda hýrnaði um hólma og sker þegar fréttist að Eva María myndi birtast aftur á skjánum í vetur eftir nokkurt hlé.



**Mugison**
Stimplaði sig rækilega inn sem óskabarn með plötunni Mugimama: Is this monkey music? sem keyrði næstum allt um koll þegar hún kom út. Eftirsóttur jaðarrokkari með alþýðurætur og býr meira að segja út á landi – séríslenskur heimsborgari sem spilar á Bolungarvík eitt kvöldið og í Berlín það næsta. Þrátt fyrir velgengnina er Mugison hinn hógværasti og almennilegri maður í viðkynningu er vandfundinn.



**Sigurbjörn Einarsson biskup**
Frómleikinn uppmálaður; sagan af trúlausa kommúnistanum sem turnaðist til kristni vekur jafnvel hugrenningatengsl við sjálfan Pál postula. Er fulltrúi þeirra tíma þegar sátt ríkti um þjóðkirkjuna og áhrif hennar voru meiri, enda staldra menn við og leggja við eyru þegar hann sér ástæðu til að kveðja sér hljóðs.



**Diddú**
Líknar fólki með söng sínum og yndislega glaðværri lund. Er jafnvel fastur hluti af jólahaldinu í hugum margra Íslendinga enda hefur hún lýst sjálfri sér sem „algjörri jóladúllu“.



**Björgólfur Guðmundsson**
Eini auðmaðurinn í hópi óskabarna. Hlaut uppreisn æru eftir hið umdeilda „Hafskipsmál“ og hefur komist til meiri metorða en nokkurn hefði órað fyrir. Er þekktur sem velunnari listanna og lýsir jafnan yfir þakklæti fyrir að fá að borga skatta. Hefur „afalegt“ yfirbragð, í orðsins besta skilningi, og þrátt fyrir auðæfin vílar Björgólfur sér ekki við að skipta sjálfur um rúður í Landsbankanum þegar á þarf að halda.



**Dorrit Moussaieff**
Eini nýbúinn á listanum enda hafa fáir, ef nokkur, unnið hug og hjarta þjóðarinnar jafn rækilega og Dorrit. Lífsgleðin og kátínan stirnir af henni en lætur líka skína í alvarlegri og dýpri hliðar sem og ríka réttlætiskennd.



**Björk**
Persóna af stjarnfræðilegri stærð í íslensku samhengi, nánast ríki í ríkinu. Kom Íslandi óviljandi á kortið sem svalasta landi í heimi. Enn þann dag í dag er Björk það eina sem fjölmargir útlendingar vita um Ísland. Í augum landa hennar er listin orðið hér um bil aukaatriði, við skiljum ekki öll hvað hún er að gera en vitum að það hlýtur að vera frábært.



**Ingvar Sigurðsson**
Skákaði kanónum á borð við Gísla Halldórson, Gunnar Eyjólfsson og Kristbjörgu Kjeld í skoðanakönnun Fréttablaðsins um ástsælasta leikara Íslands fyrr og síðar. Frábær listamaður sem „gerir hlutverkið að sínu“, eins og ósjaldan segir í leikdómum. Ingvar kemur fyrir sjónir sem rólyndur og reglusamur fjölskyldumaður og nýtur ef til vill meiri lýðhylli fyrir vikið en umdeildari kollegar hans.



**Vigdís Finnbogadóttir**
Táknmynd forsetaembættisins fyrir daga „séðogheyrt-væðingarinnar“ og nýtur mikillar virðingar sem slík. Tekur hlutverk sitt líka alvarlega og hefur í heiðri gildi sem miða að einingu þjóðarinnar.



**Ólafur Elíasson**
Þjóðnýttur í þágu landkynningar. Íslendingar hafa slegið eign sinni á þennan mikilsmetna listamann, sem getur ekki velt við málningarfötu fyrir slysni núorðið án þess að vekja þjóðarathygli á Íslandi.



**Emilíana Torrini**
Krúsídúlla krúsídúllanna. Hæfileikarík tónlistarkona og náttúrudýrkandi, nánast löðrandi í ómótstæðilegum yndisþokka sem bræðir jafnvel kaldlyndustu hjörtu.



**Megas**
Áður manna umdeildastur en nú eitt dáðasta skáld landsins, þjóðskáld jafnvel. Síðasta vígið féll líklega þegar Björn Bjarnason afhenti honum verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu. Áhrif texta Megasar eru ómæld, útúrsnúningar á sögulegum atburðum og örlögum mikilmenna, til dæmis téðs Jónasar, hafa jafnvel tekið sér bólfestu í söguskoðun landsmanna.



**Arnaldur Indriðason**
Langvinsælasti rithöfundur landsins og einn örfárra úr þeirri stétt sem hafa komist í sæmilegar álnir með skriftum. Hæverskur og tranar sér ekki fram; þá sjaldan hann gefur kost á viðtölum liggur honum þó iðulega eitthvað á hjarta og er ætíð bljúgur í garð lesenda sinna.



**Jón Ólafsson**
Kallaður Jón „góði“, sem segir sína sögu; sennilega eini núlifandi Íslendingurinn uppnefndur sem dýrlingur væri. Gaf meðaljónum von þegar hann storkaði öllum hefðbundnum viðmiðum og var kjörinn kynþokkafyllsti maður landsins af hlustendum Rásar 2.

## ÞEIR VORU ÓSKABÖRN:



**Andri Snær Magnason**
Var um skeið draumatengdasonur allra; hnyttinn, geðþekkur og barmafullur af hugsjónum, sem allir vilja eiga eitthvað í. Ýfði hins vegar fleiri fjaðrir en óskabörnum er hollt með deiluritinu Draumalandinu. Gæti þó skotist aftur upp á óskabarnalistann áður en langt um líður.



**Ómar Ragnarsson**
Hugsanlega dáðasti fjölmiðlamaður Íslands fyrr og síðar. Fátt gengur hins vegar af óskabörnum dauðum hraðar en pólitík og Ómar hefur nú tekið slag sem sumir fella sig illa við.



**Kristján Jóhannsson**
Var skærasta stjarna Íslendinga á erlendri grund um árabil. Fall hans var hins vegar jafn hátt og stjarnan reis; Kristján hefur ekki borið sitt barr hér heima eftir umdeilda góðgerðartónleika fyrir tveimur árum og enn umdeildari framkomu í frægum Kastljósþætti stuttu síðar. ■

# 7% VSK

## Nú gerum við enn betur og lækkum virðisaukaskatt á húsgögnum úr 24.5% í 7%



ÞÚ SPARAR 95.864kr

MEÐ 7% VSK 174.036kr
Tilboðsverð 202.500,-
Listaverð 269.900,-

Hægindasófi
- fæst með 2 eða 4 hallandi stólum
- fáanlegur með leður eða tau áklæði

**Leður hægindasófi** 2322 (með 4 hallandi stólum)



ÞÚ SPARAR 49.659kr

MEÐ 7% VSK 90.241kr
Tilboðsverð 105.000,-
Listaverð 139.900,-

**Leðursófi** m/tungu 2213T



Gott verð 3.990kr

**Púðar**

### 40% AFSLÁTTUR AF GRAND DUPEN

| Rúmstærð | Listaverð | Tilboðsverð | 7% VSK | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|---|
| 90X200 | 68.900kr | ~~41.340kr~~ | 35.529kr | **33.370kr** |
| 150X200 | 98.280kr | ~~58.900kr~~ | 50.654kr | **47.626kr** |
| 180X200 | 119.880kr | ~~71.900kr~~ | 61.834kr | **58.046kr** |




AFSLÁTTUR 40%

**Grand Dupen**





### VERÐDÆMI

| | verð áður | verð með 7% VSK |
|---|---|---|
| Borðstofuborð | ~~59.990kr~~ | 51.480kr |
| Borðstofustólar | ~~14.900kr~~ | 12.806kr |
| Sófaborð | ~~29.900kr~~ | 25.697kr |
| Rúm 180x180 | ~~71.900kr~~ | 61.794kr |

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 30. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*


Við opnum ævintýraverslun í dag!
ENNEMM / SÍA / NM26818


Ævintýraverslunin Útilegumaðurinn hefur opnað að Fosshálsi 5-7.
Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins,
fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira.
Opnunarhátíð að Fosshálsi í dag, allir velkomnir!
Útilegu maðurinn

# Fæðing þriðju dótturinnar á næsta leiti



**Hinum megin við hafið er leikkonan Steinunn Ólína í óðaönn að undirbúa fæðingu þriðju dótturinnar en í Los Angeles búa þau hjón, Stefán Karl og hún, og upplifa ameríska drauminn, sem er hinn frábærasti að mati Steinunnar.**



## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**NAFN:** Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.

**FÆÐINGARÁR:** Ég er fædd árið 1969, sama ár og Neil M. Armstrong steig fyrst fæti á tunglið.

**HELSTA AFREK:** Að máta pabba minn í skák þegar ég var átta ára.

**Hvernig er dæmigerður dagur í lífi þínu í Ameríku?** Það er enginn dagur eins.
**Hvernig er Ísland og þjóðin úr fjarska?** Framandi.
**Hvers saknarðu mest?** Pabba.
**Þínir helstu ósiðir?** Að vekja Stefán Karl á næturnar þegar ég get ekki sofið.
**Hvað finnst þér það ofmetnasta í íslensku samfélagi?** Peningar.
**Hvaða kæki ertu með?** Nagaði lengi neglur en er hætt því fyrir löngu.
**Hverju myndirðu breyta í íslensku þjóðfélagi fengirðu töfrasprotann?** Flestu.
**Með hvers konar fólki vinnurðu best með?** Fólki sem er skemmtilegt og skapandi.
**Hvaða eiginleikar í fari annarra stuða þig?** Leti, lygar, frestunarárátta, tilgerð.
**Hvernig tæklarðu eigin börn í óþekktarkasti?** Með ákveðni eða lagni eftir því hvað hentar hverju sinni.
**Hvaða þremur núlifandi þekktum einstaklingum myndirðu vilja bjóða í matarboð og af hverju?** Hrafnhildi Hagalín, Eddu Heiðrúnu og Margréti Örnólfsdóttur vinkonum mínum. Þær eru einfaldlega svo skemmtilegar.
**Yfir hverju hefurðu mestar áhyggjur í augnablikinu?** Fæðingu þriðju dóttur minnar sem er væntanleg á hverri stundu.
**Við hvern hefurðu átt þínar heimspekilegustu samræður?** Dætur mínar.
**Hvaða skáld og bækur veita þér innblástur?** Allt sem ég les veitir mér innblástur.
**Hvað kemur í veg fyrir jafnrétti?** Mannfyrirlitning.
**Í hvers konar umhverfi líður þér best?** Á víðavangi.
**Hefurðu séð draug og varstu hrædd?** Nei, ég hef aldrei séð draug.
**Þín eftirlætis heilaleikfimi?** Lestur.
**Hvað leiðist þér mest í fari kynsystra þinna?** Þegar þær treysta ekki á eigin verðleika.
**Er Hollywood draumur í dós eða glansímyndin holdi klædd?** Hollywood er full af öfgum. Annaðhvort fílar maður Los Angeles eða ekki. Ég tilheyri fyrri hópnum.
**Glanni glæpur eða Íþróttaálfurinn?** Ertu að grínast? Glanni auðvitað. Ég hef aldrei verið fyrir smælki.

> Hollywood er full af öfgum. Annaðhvort fílar maður Los Angeles eða ekki. Ég tilheyri fyrri hópnum.

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Bling** Komið aftur í nýju formi, réttara sagt hjá MiuMiu. Hálsfestar, skór og föt … en notist bara eitt í einu.

**HÆJJJ** Með áherslu á joðið. Þetta er nýja afbrigðið af „hæ", mikið notað af ungu kvenfólki. Nú erum við farin að nálgast norskuna.



**Trentemöller** Plata þessa danska skífuþeytis er svo gífurlega svöl að hún er til sölu í Colette í París.

**Polaroid myndavélar** Mun svalari en þetta eilífa digital digital …



### Á niðurleið

**Coke Zero** Eftir svona auglýsingaherferð ertu bara að lýsa því yfir að þú sért fáviti ef þú kaupir drykkinn.




ur maður að finna upp á nýjum fegrunarleiðum. Ég lita yfir gráu hárin, ég hvíti í mér tennurnar og stunda Pilates. Ég hnykla aldrei brýrnar! En úff, ég nota aldrei Botox. Fólk verður skrýtið í framan. Ég fer hins vegar oft í andlitsnudd.“

Roitfeld er dálítill rokkari í sér og segir blákalt: „Ég er fallegri og skemmtilegri eftir eitt glas af vodka,“ og viðurkennir að hún taki eina róandi daglega til að mæta hinu krefjandi starfi sínu. „Fólk er svo erfitt í þessum bransa. Þetta er eins og að ganga á eggjaskurn. Maður heyr stríð á hverjum degi.“ Roitfeld útskýrir að einfaldleiki sé lykillinn að fallegum stíl. „Tíska snýst samt ekki um reglur. Ég brýt alltaf reglurnar og mér er sama hvað fólki finnst. Og ég þoli ekki fólk sem er yfirdrifið og gengur með merkin utan á sér. Það eru ekki peningar sem færa þér smekkinn.“ Roitfeld er gift og á tvö uppkomin börn, en dóttir hennar Bee Schaffer er gullfalleg og situr fyrir í ilmvatnsauglýsingum Tom Ford. Tískuráð hennar fyrir „venjulegar konur“ eru þessi: „Keyptu bara klassískar flíkur og eyddu frekar peningum í nýja skó fyrir hverja árstíð. Burberry-rykfrakki er alltaf fallegur, og prufaðu að breyta um belti eða nota til dæmis slæðu í staðinn. Notaðu bara einn skartgrip í einu. Einfalt er best.“ - amb












# Spila á Isle of Wight

Rokkhundarnir í The Rolling Stones verða að öllum líkindum aðalnúmerið á tónlistarhátíðinni Isle of Wight í Bretlandi 8. til 10. júní. Þetta verður í fyrsta sinn í 31 ár sem Stone spilar á tónleikahátíð í heimalandi sínu, eða síðan þeir spiluðu á Knebworth-hátíðinni árið 1976. Á meðal fleiri þekktra nafna á Isle of Wight verða Snow Partol, Muse, Amy Winehouse, Kasabian, Ash og The Fratellis.



**THE ROLLING STONES** Rokksveitin heimsfræga spilar að öllum líkindum á Isle of Wight í sumar.




# Burton heiðraður

Leikstjórinn Tim Burton fær heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum sem hefst 29. ágúst. Burton, sem hefur leikstýrt myndum á borð við Batman, Edward Scissorhands og Charlie and the Chocolate Factory, verður 49 ára fjórum dögum áður en athöfnin fer fram.



**TIM BURTON** Bandaríski leikstjórinn fær heiðursverðlaun í Feneyjum í ágúst.

Auk þess hafa skipuleggjendur hátíðarinnar tilkynnt að 5. september verði tileinkaður Tim Burton og verður brugðið á leik af því tilefni. Burton er vel kunnugur í Feneyjum því árið 1994 var frumsýnd í borginni brúðumynd hans The Nightmare Before Christmas, auk þess sem önnur brúðumynd hans, Corpse Bride, var frumsýnd þar árið 2005.







# Ættjarðaróður í hugrembustíl


BAGGALÚTUR

Grallararnir í Baggalúti hafa gefið út lagið Ísland, ég elska þig (gullnir steypast fossar). Laginu er ætlað að enduspegla gengdarlausa ást og umhyggju fyrir landi, tungu og þjóð.

„Það snýst allt um umhverfið núna þannig að við ákváðum að telja í þetta. Við áttum þetta lag til og vissum ekki alveg hvað við áttum að gera við svona vemmilegheit þannig að við ákváðum að blása upp ættjarðaróð í svona gamaldags hugrembustíl,“ segir Baggalúturinn Bragi Skúlason, sem samdi lagið ásamt Guðmundi Kristni Jónssyni.

Þrátt fyrir ættjarðaróðinn segir Bragi þá Baggalútsmenn ekki endilega vera umhverfisverndarsinna. „Við erum allir mjög hlynntir umhverfi. Hvort við erum umhverfisverndarsinnar er annað mál, það er mjög misjafnt. Við erum allt frá fasistum upp í örgustu kommúnista, þannig að þetta er smá málamiðlun.“ **- fb**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hollywood-parið **Brad Pitt** og **Angelina Jolie** hefur gefið tæpar sjö milljónir króna til að aðstoða við byggingu læknamiðstöðvar í Duk-sýslu í Súdan. Stöðin verður opnuð í vor og mun hún þjóna rúmlega 150 þúsund manns.



Orðrómur er uppi um að leikarinn **Leonardo DiCaprio** ætli að kvænast kærustu sinni, ísraelsku fyrirsætunni **Bar Rafaeli**, síðar á þessu ári. DiCaprio er sagður hafa beðið hana um að kvænast sér er þau voru stödd í Ísrael á dögunum og sagði hún umsvifalaust já.









## > Á tveimur höggum undir pari

Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, er í 39. sæti eftir annan hring á opna Madeira-mótinu í golfi og það dugði honum til þess að komast í gegnum niðurskurðinn á fjórða mótinu í röð á Evrópumótaröðinni. Birgir Leifur lék á tveimur höggum undir pari í gær og er því á pari samtals. Hann náði meðal annars fimm fuglum á holunum átján í gær og lék tíu holur á pari.



**sport**

sport@frettabladid.is

**BJARNI FRITZSON**: HEFUR FARIÐ MIKINN Í FRANSKA BOLTANUM Í VETUR OG ER KOMINN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ

# *Hef áhuga á að reyna mig utan Frakklands*

Breiðhyltingurinn Bjarni Fritzson hefur staðið sig gríðarlega vel með félagi sínu Créteil í franska handboltanum í vetur. Þrátt fyrir slælegt gengi liðsins, sem situr í áttunda sæti deildarinnar, hefur Bjarni ekkert gefið eftir en hann er markahæsti leikmaður liðsins og tíundi markahæsti leikmaður deildarinnar ásamt franska landsliðsmanninum Michael Guigou.

„Það er búið að ganga mjög vel hjá mér á þessu tímabili. Ég hef traust þjálfarans og spila allan tímann,“ sagði Bjarni sem leikur eingöngu í horninu en hann var farinn að spila nokkuð í stöðu skyttu hjá ÍR áður en hann hélt utan. Hann hefur skorað rúmlega fimm mörk í leik.

„Ég tel mig hafa bætt mig mikið sem hornamaður hér úti en ég var farinn að leika svo mikið fyrir utan heima að ég náði lítið að bæta mig í horninu. Það segir sig líka sjálft að þegar maður getur einbeitt sér að boltanum á fullu og er til í að leggja eitthvað á sig getur maður klárlega bætt sig,“ sagði Bjarni sem var valinn í landsliðið í gær eftir langa fjarveru. Hann ætti að fá tækifæri á æfingamótinu í París þar sem Alexander og Einar Örn eru ekki í hópnum að þessu sinni.



Bjarni er að klára tveggja ára samning við franska liðið. Hann býst ekkert endilega við að vera áfram hjá Créteil sem er staðsett í París.

„Ég er búinn að vera í samningaviðræðum síðan í desember. Þeir hafa boðið mér ágætan samning en ég er samt ekki alveg sáttur. Ég er heldur ekkert alveg bullandi hamingjusamur hérna og því er ég til í að skoða aðra hluti. Umboðsmaðurinn minn er með nokkur járn i eldinum en ég vil ekkert tala um hvað það er núna,“ sagði Bjarni og bætti við að hann myndi sakna félaga síns Ragnars Óskarssonar sem er að flytja frá París en þeir eru góðir félagar.

„Ég væri alveg til í að spila utan Frakklands. Þýskaland, Spánn og Danmörk eru lönd sem heilla en ekki Sviss,“ sagði Bjarni léttur.

## Hæsta framlag í leikjum liðanna

**Njarðvík-Grindavík 76-73/98-94**

| | |
|---|---|
| 1. Brenton Birmingham, Njarðv. | 26,0 |
| 2. Igor Beljanski*, Njarðvík | 20,0 |
| 3. Calvin Clemmons,*,Grindav. | 19,0 |
| 4. Páll Kristinsson, Grindavík | 18,0 |
| 5. Þorleifur Ólafsson, Grindavík | 15,5 |
| 6. Jonathan Griffin,*Grindavík | 15,0 |
| 6. Jeb Ivey, Njarðvík | 15,0 |
| 8. Steven Thomas,*Grindavík | 14,0 |
| 9. Egill Jónasson, Njarðvík | 12,0 |
| 10. Jóhann Á. Ólafsson, Njarðvík | 11,5 |

*** Aðeins 1 leikur**

**KR-Snæfell 83-79/74-71**

| | |
|---|---|
| 1. Hlynur Bæringsson, Snæfell | 24,0 |
| 1. Edmund Azemi,* KR | 24,0 |
| 3. Fannar Ólafsson, KR | 18,0 |
| 4. Magni Hafsteinsson, Snæfell | 17,5 |
| 5. Pálmi Freyr Sigurgeirsson, KR | 16,0 |
| 6. Jeremiah Sola, KR | 14,0 |
| 7. Sigurður Þorvaldsson, Snæfell | 12,5 |
| 8. Tyson Patterson, KR | 11,5 |
| 9. Jón Ólafur Jónsson, Snæfell | 8,5 |
| 10. Brynjar Þór Björnsson, KR | 7,5 |

*** Aðeins 1 leikur**

# Njarðvík og Snæfell í úrslit

**Undanúrslitaeinvígi Njarðvíkur og Grindavíkur hefst í kvöld og einvígi KR og Snæfells á morgun. Þjálfararnir sem sátu eftir í 8 liða úrslitum spá um úrslitin.**

**KÖRFUBOLTI** Undanúrslitaeinvígi Iceland Express-deildar karla í körfubolta eru að fara af stað. Njarðvík tekur á móti Grindavík í Ljónagryfjunni í kvöld klukkan 18.00 og KR-ingar fá Snæfell í heimsókn í DHL-höllina annað kvöld klukkan 19.15.

Þrátt fyrir að Njarðvík og KR hafi haft betur í innbyrðisleikjunum í vetur var munurinn lítill og úrslit allra leikjanna réðust ekki fyrr en í lokasóknunum. Það munaði sem dæmi aðeins samtals tíu stigum í þessum fjórum leikjum þegar framlengdur leikur Grindavíkur og Njarðvíkur er látinn standa á núllinu. KR vann með 4 stigum heima og 3 stigum í Hólminum og Njarðvík vann með 3 stigum á heimavelli og svo með 4 stigum í framlengingu í Grindavík.

Njarðvíkingar og Grindvíkingar hafa ekki mæst í úrslitakeppninni síðan árið 1997 en lið KR og Snæfells eru hins vegar að mætast þriðja árið í röð. Grindavík vann alla þrjá leikina fyrir tíu árum. Snæfell og KR hafa skipst á að slá hvort annað út í oddaleikjum síðustu tvö ár þar sem heimaliðið hefur haft betur, KR vann 67-64 í fyrra og Snæfelli 116-105 árið á undan. Pálmi Freyr Sigurgeirsson, núverandi leikmaður KR, var í sigurliði bæði árin.

Þrír af fjórum deildarleikjum Njarðvíkur og Grindavík síðustu tvö tímabil hafa farið í framlengingu sem ætti að boða æsispennu fram á síðustu sekúndu. Grindavík vann báða leikina í fyrra eftir framlengingu en Njarðvík vann leiki þessa tímabils þar af þann síðari eftir framlengingu eftir að Grindavík hafði meðal annars komist 7 stigum yfir í 4. leikhluta.

Njarðvíkingurinn Jóhann Árni Ólafsson var betri en enginn í lokakafla leikjanna en hann skoraði 3 af síðustu 5 stigum Njarðvíkur í þeim fyrri og 14 af 20 stigum í framlengingunni í seinni leiknum.

Brenton Birmingham hjá Njarðvík var með 21 stig í leik og 50% þriggja stiga skotnýtingu (16/8) í leikjum liðanna og var sá leikmaður sem var með hæsta framlagið.

KR vann báða leikina gegn Snæfelli með góðum lokaspretti. Snæfell var fjórum stigum yfir í DHL-höllinni, 74-78, þegar fjórar mínútur voru eftir en KR skoraði 9 af síðustu 10 stigum leiksins og vann 83-79. Snæfell var síðan níu stigum yfir, 64-55, fyrir lokaleikhlutann í seinni leiknum í Hólminum en KR vann fjórða leikhlutann 19-7 og þar með leikinn með þremur stigum, 71-74.

Hlynur Bæringsson hjá Snæfelli var með 16 stig og 15,5 fráköst að meðaltali í þessum leikjum og var sá leikmaður sem var með hæsta framlagið.

Fréttablaðið fékk þjálfarana fjóra sem duttu út úr átta liða úrslitunum til þess að spá hvernig einvígin fara. Allir spá þeir Njarðvík sigri og allir nema Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, spá Snæfelli sigri.

Sigurður og bróðir hans Valur spá því að einvígi KR og Snæfells fari í oddaleik, Valur hefur trú á Snæfelli en Sigurður á KR. Pétur Ingvarsson er sá eini sem spáir 3-0 en hann hefur mikla trú á Njarðvík og býst við að Íslandsmeistararnir komi með 20 sigurleiki í röð inn í lokaúrslitin.

ooj@frettabladid.is



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Egill Jónasson ver hér skot frá Páli Kristinssyni í leik liðanna í vetur. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

### HVERNIG FARA EINVÍGIN?

| | |
|---|---|
| **Valur Ingimundarson, Skallagrími** | |
| Njarðvík-Grindavík | 3-1 |
| KR-Snæfell | 2-3 |
| **Sigurður Ingimundarson, Keflavík** | |
| Njarðvík-Grindavík | 3-1 |
| KR-Snæfell | 3-2 |
| **Jón Arnar Ingvarsson, ÍR** | |
| Njarðvík-Grindavík | 3-1 |
| KR-Snæfell | 1-3 |
| **Pétur Ingvarsson, Hamar/Selfoss** | |
| Njarðvík-Grindavík | 3-0 |
| KR-Snæfell | 1-3 |

Ármann Smári Björnsson í hópinn í stað Gunnars Heiðars Þorvaldssonar:

# Enn eitt áfallið fyrir landsliðið

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson neyddist til að draga sig úr íslenska landsliðshópnum í gær vegna meiðsla. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari valdi Ármann Smára Björnsson í hans stað.

Ármann Smári var einn besti leikmaður Landsbankadeildarinnar síðastliðið sumar en hann var seldur frá FH til Brann í Noregi í ágústmánuði. Hann getur bæði spilað sem varnar- og sóknarmaður.

Gunnar Heiðar hefur átt við þrálát meiðsli að stríða en virtist loksins vera búinn að ná sér á strik. Hann hefur verið í byrjunarliði Hannover 96 í þýsku úrvalsdeildinni síðustu tvo leiki en meiðsli í nára tóku sig upp eftir síðasta leik.

„Þetta er auðvitað skelfilegt og alls ekki nógu gott,“ sagði Eyjólfur við Fréttablaðið í gær. „Við verðum þó að taka þessu eins og menn og við fáum víst enn að byrja með ellefu leikmenn inn á vellinum. Við munum byggja okkar lið á þeim mönnum sem verða til taks og aðalmálið er enn að við séum þéttir fyrir, spilum agaðan varnarleik og reynum svo að sækja hratt á þá.“

Hann segist ekki útiloka að nota Ármann Smára sem sóknarmann í leiknum gegn Spánverjum. „Ég veit að spænska vörnin getur átt í vandræðum með stóra menn þannig að ég á þann kost að setja hann í sóknina.“

Fyrr í vikunni forfölluðust þeir Hermann Hreiðarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson auk þess sem Heiðar Helguson gaf ekki kost á sér í hópinn. Þar hafa stór skörð verið höggvin í íslenska landsliðshópinn og með fullri virðingu fyrir öðrum leikmönnum verða þau vandfyllt. - esá



**HLEGIÐ DÁTT** Eyjólfi Sverrissyni er lítið skemmt vegna forfalla Gunnars Heiðars. Hér gantast þeir á æfingu landsliðsins í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EKKERT - www.nothing.is

ÍSLANDSHREYFINGIN – LIFANDI LAND

boðar til opinna spjallfunda með Skagamönnum og Borgnesingum laugardaginn 24.mars 2007

AKRANES

Kl. 12:15 **Súpufundur** í Skrúðgarðinum - veitingahúsi /upplýsingamiðstöð, Akranesi ásamt Ómari Ragnarssyni, Margréti Sverrisdóttur, Jakobi Frímanni, Ósk Vilhjálmsdóttur o.fl.

Helstu stefnumál kynnt ásamt því að hlusta eftir áherslum Skagamanna fyrir komandi kosningar. Nýir baráttusöngvar hreyfingarinnar kynntir og fluttir.

BORGARNES

Kl. 15:15 **Kaffi - og kleinufundur** að Landnámssetrinu, Borgarnesi ásamt Ómari Ragnarssyni, Margréti Sverrisdóttur, Ósk Vilhjálmsdóttur, Jakobi Frímanni o.fl.

Gerð grein fyrir áherslum hreyfingarinnar og hlustað eftir áherslum Borgnesinga fyrir komandi kosningar. Nýir baráttusöngvar hreyfingarinnar kynntir og fluttir.

Við bjóðum alla hjartanlega velkomna meðan húsrúm leyfir. Við erum ný hreyfing sem leitar nýrra krafta. Skráið ykkur á póstlista okkar islandshreyfingin@simnet.is eða með sms og/eða hringingu í 694 2100.t

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land




SONY

KDL40S2000

Editor’s Choice
-What Home Cinema

80.000,-
Verðlækkun

239.950,-
verð áður 319.950-

# HELGARTILBOÐ
## SONY CENTER

SONY

DCRDVD304
1 Megapixlar
12x aðdráttur um linsu
Carl Zeiss linsa
Tekur beint á DVD
Hægt að spila svo í DVD spilara

10.000,-
Verðlækkun

69.950,-
verð áður 79.950-




160.000,-
Verðlækkun

339.950,-
verð áður 499.950-





SONY

TAVL1 - ESPRIT
Smart tæki með
yfirburða hljóm,
heimabíóið er innbyggt.




10.000,-
Verðlækkun

49.950,-
verð áður 59.950-

SONY

DCRHC46
1 Megapixlar
12x aðdráttur um linsu
Carl Zeiss linsa
Tengistöð fylgir
MemoryStick Duo kortarauf

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669



**LUIS ARAGONES** Starf hans er talið vera að veði í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Spánverjar án Puyol:

# Þarf að hugga móður sína

**FÓTBOLTI** Spánverjar leika gríðarlega mikilvægan leik gegn Dönum í dag og þeir verða án Carles Puyol, leikmans Barcelona.

„Hann bað um frí þar sem amma hans féll frá og móðir hans á um verulega sárt að binda,“ sagði Luis Aragonés landsliðsþjálfari. Sergio Ramos, leikmaður Real Madrid, er einnig frá.

Þetta er annað áfallið sem Puyol verður fyrir á stuttum tíma en fyrr í vetur varð hann að yfirgefa félaga sína í Barcelona á keppnisferðalagi þar sem faðir hans lést í vinnuslysi. Hann mun hins vegar fara til landsliðsfélaga sinna á morgun og verður til í slaginn gegn Íslendingum á miðvikudag.

„Það er til ýmislegt sem er jafnvel mikilvægara en fótbolti og ég hef skilning á því,“ segir Aragonés sem viðurkennir að þetta muni vissulega veikja spænska liðið en starf hans er talið vera að veði í leiknum.

„Það kemst ekkert annað að í mínum huga en að vinna; við erum búnir að tapa þeim leikjum sem við megum tapa. Ég veit ekki hvað stjórnin gerir ef allt fer á versta veg. Ég hugsa aðeins um að sigra.“ - jse

Körfuknattleiksþjálfarinn Valur Ingimundarson íhugar að taka sér frí frá þjálfun:

# Langar að prófa að vera í fríi frá körfubolta í einn vetur

**KÖRFUBOLTI** Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, liggur undir feldi þessa dagana og íhugar framtíð sína. Valur, sem orðinn er 45 ára, hefur verið í körfubolta alla sína hundstíð og þar af hefur hann verið þjálfari í meistaraflokki í 21 ár samfleytt.

„Ég hef verið að velta því fyrir mér í vetur að hvíla mig að minnsta kosti í eitt tímabil. Ég held að það hafi allir gott af því að taka smá frí,“ sagði Valur, sem er búinn að þjálfa Skallagrímsliðið síðustu fimm ár og náð frábærum árangri. Lengst fór Skallagrímur á síðustu leiktíð er hann komst í úrslit Íslandsmótsins þar sem lærisveinar Vals máttu lúta í lægra haldi fyrir Njarðvík.

„Það má segja að þetta sé uppsöfnuð þreyta í bland við áhuga á að prófa hvernig lífið sé fyrir utan körfuboltann. Ég hef aldrei gert það. Þetta hefur ekkert með liðið að gera enda er ég mjög ánægður hér í Borgarnesi,“ sagði Valur en Skallagrímsmenn vilja ólmir halda Vala áfram við stjórnvölinn.

„Ég byrjaði 17 ára í meistaraflokki og hef verið í körfubolta allar götur síðan. Ég byrjaði að þjálfa meistaraflokk 24 ára og hef verið að þjálfa stanslaust síðan,“ sagði Valur en ástæðan hefur ekkert að gera með fjölskylduna sem hefur ávallt stutt við bakið á honum og krakkarnir þess vilja í raun að hann haldi áfram að þjálfa.

„Ég veit að það er til meira í lífinu en körfubolti þótt körfuboltinn hafi vissulega gefið mér mikið. Það væri gaman að fylgjast með úr fjarlægð til tilbreytingar. Ég myndi samt mæta á alla leiki og fylgjast með úr stúkunni. Þar er ég líka rólegri en á hliðarlínunni. Við sjáum hvað setur en ég mun ákveða mig á næstu vikum. Ég er ekki alveg tilbúinn að gefa ákveðið svar strax,“ sagði Valur Ingimundarson. - hbg



**VALUR INGIMUNDARSON** Hættir hugsanlega með Skallagrímsliðið eftir fimm farsæl ár með liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alfreð velur landsliðið:

# Fimm breytingar frá HM

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hefur valið landsliðshópinn sem tekur þátt í gríðarsterku æfingamóti í París um páskana.

Þar verða andstæðingarnir Evrópumeistarar Frakka, silfurliðið frá HM, Pólland og svo Túnis. Leikið er 6., 7., og 8. apríl og allir leikirnir verða í beinni útsendingu á Rúv.

Fimm breytingar eru á hópnum síðan á HM en markverðirnir Birkir Ívar Guðmundsson og Róland Valur Eradze eru fjarri góðu gamni að þessu sinni. Slíkt hið sama á við um þá Sigfús Sigurðsson og Alexander Petersson sem eru meiddir. Einar Örn Jónsson er ekki valinn í hópinn að þessu sinni.

Björgvin Páll Gústavsson kemur á ný í hópinn. Bjarni Fritzson, Valdimar Þórsson og Andri Stefan fá sjaldséð tækifæri Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson er eini nýliðinn í hópnum

. - hbg

**HÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Hreiðar Guðmundsson | Akureyri |
| Björgvin Páll Gústavsson | Fram |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Vignir Svavarsson | Skjern |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Bjarni Fritzson | Créteil |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Lemgo |
| Arnór Atlason | FCK |
| Markús Michaelsson | Valur |
| Guðjón V. Sigurðsson | Gummersb. |
| Snorri Steinn Guðjónsson | Minden |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real |
| Ragnar Óskarsson | Ivry |
| Sverre Jakobsson | Gummersbach |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Valdimar Þórsson | HK |
| Jóhann Gunnar Einarsson | Fram |
| Andri Stefan | Haukar |






# Sölusýning

**Opið hús laugardag og sunnudag frá klukkan 10.00 til 17.00**

**Tjarnabakka 12 Reykjanesbæ**

Sýnum um helgina fullbúnar íbúðir í Reykjanesbæ. Íbúðirnar eru 60-120 $m^2$ og eru seldar með öllum rafmagnstækjum. Opið hús kl. 10 til 17 laugardag og sunnudag.

Íbúðirnar eru í Dalshverfi I og II og allar upplýsingar á sölusýningu i Tjarnarbakka 12.

Nánari upplýsingar á **www.nesbyggd.is** og hjá fasteignasölum í Reykjanesbæ

Nesbyggð ehf. Hefur fengið sérstaka viðurkenningu frá Reykjanesbæ, sem verktaki fyrir góðan frágang bygginga og lóða.

Íbúðir í boði:

| | Samtals íbúðir | Seldar | Óseldar | Afhending |
|---|---|---|---|---|
| Tjarnabakki 10 | 10 | 9 | 1 | 1. maí '07 |
| Tjarnabakki 12 | 10 | 9 | 1 | Strax |
| Tjarnabakki 14 | 10 | 10 | 0 | |
| Engjadalur 2 | 16 | 13 | 3 | 1. maí '07 |
| Engjadalur 4 | 20 | 16 | 4 | 1. sept. '07 |
| Beykidalur 2 | 12 | 5 | 7 | 1. feb. '08 |
| Beykidalur 4 | 12 | 0 | 12 | 1. apr. '08 |

Nesbyggð

Nesbyggð ehf | Stapahraun 5 | 260 Reykjanesbær
Sími 421 2700 | Fax: 421 2765
**www.nesbyggd.is**



LAGER SALA
síðasta helgin
TÓNLIST
TÖLVULEIKIR
DVD MYNDIR
OG DVD TÓNLIST
20% auka afsláttur
DVD MYNDIR
TÓNLIST
399 kr.
499 kr.
1.199 kr.
1.499 kr.
3xCD
959 kr.
1.199 kr.
DVD
799 kr.
999 kr.
679 kr.
849 kr.
VERÐ FRÁ 99KR
OPIÐ 11-19
S·K·Í·F·A·N
LAGERSALA SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

## > Russell Crowe



Russell er fæddur á Nýja-Sjálandi og uppalinn í Ástralíu. Foreldrar hans störfuðu sem þjónar í kvikmyndaveri svo Russell kynntist kvikmyndalífinu ungur. Leikarinn á ættir að rekja til Maóra en einnig til Bretlands og Noregs. Þegar Russell var átta ára fékk hann að segja eina línu í sjónvarpi. 23 ára var hann ráðinn í hina frægu sápu Nágranna og sjö árum síðar öðlaðist hann frægð í Bandaríkjunum eftir leik í myndinni The Sum of Us. Russell er kvæntur leikkonunni Danielle Spencer og eiga þau saman tvö börn. Russell leikur í Master and Commander á Stöð 2 kl. 23.30.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR VELTIR FYRIR SÉR STÖÐU ÚTVARPS

# *Andri Freyr er vin í eyðimörkinni*

Virkilega hressandi er að heyra í Andra Frey Viðarssyni í útvarpinu á nýjan leik. Útvarpsþátturinn Capone er kominn aftur í loftið eftir þriggja mánaða hlé á nýrri útvarpsstöð sem heitir Reykjavík FM 101,5. Andri var með borgarstjóranн í Reykjavík í viðtali í gærmorgun. Vilhjálmur sagðist hafa gaman af því að taka lagið með Ragga Bjarna, hefði gaman af Bítlunum og Rolling Stones en My Way með Sinatra væri kannski málið. Hinn öflugi útvarpsmaður Andri, sem kallar ekki allt ömmu sína, var farinn að gapa upp í Villa svo mjög að þegar borgarstjórinn fór út á ystu mörk og nefndi Barry Manilow til sögunnar sem einn þeirra stóru jánkaði gegnheill rokkarinn því eins og Manilow væri bara býsna góður fyrir sinn hatt. Gamli góði Villi sýndi þarna af hverju hann sigraði síðustu borgarstjórnarkosningar. Sýndi þokka sem fór lítið fyrir á tímabili eftir að hann sýndi á sér ógeðfellda hlið forsjárhyggju bæði í klámráðstefnu- og spilakassamálum í Mjódd.

„Second banana" í Capone er Búi Bentsen. Búi þyrfti að stúdera betur meistara á borð við Halla, Júlíus Brjánsson, Baldur, Randver og Sigurjón Kjartansson – menn sem kunna að byggja upp brandara og láta svo öðrum eftir „pönsið". Alltof mikill rembingur er í Bentsen en hugsanlega kemur það með tímanum. En þrátt fyrir Búa er Andri Freyr slíkur yfirburðamaður, slíkur orginall í útvarpi, að það kemur nánast ekki að sök.

Útvarp er ótrúlega skemmtilegur miðill. En því miður vannýttur á Íslandi svo að átakanlegt er. Capone er eini útvarpsþátturinn sem fram hefur komið undanfarin ár þar sem merkja má einhverja nýsköpun. Svo virðist sem markaðs- og auglýsingamenn í jakkafötum séu hreinlega búnir að breyta útvarpi almennt í mellukassa þar sem allt er falt. Andleg eyðimörk blasir við. Eru þar fáar sem engar undantekningar.



Hin ógeðfellda auglýsingadeild á Ríkisútvarpinu veður inn í stúdíóið og skipar útvarpsmönnum að gefa pitsur, blöðrur og boli ef því er að skipta. Á viðsjárverðum tímum sem slíkum er gott að eiga mann eins og Andra.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.50** Hack SKJÁREINN



▶ **19.15** How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ **21.30** American Dad SIRKUS



▶ **20.20** Spaugstofan SJÓNVARPIÐ



▶ **14.00** The Terminal STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**08.06 Litla prinsessan** (6:30)
**08.17 Halli og risaeðlufatan** (2:26)
**08.29 Snillingarnir** (28:28)
**08.53 Trillurnar** (23:26)
**09.19 Hundaþúfan** (6:6)
**09.29 Leyniþátturinn** (2:26)
**09.42 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar** (52:53)
**10.30 Stundin okkar**
**10.55 Kastljós**
**11.30 Gettu betur** (5:7)
**12.35 Gettu betur** (6:7)
**13.40 Alpasyrpa**
**14.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða Hauka og Stjörnunnar.
**15.45 Íþróttakvöld**
**16.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Hauka og Akureyrar í DHL-deild karla.
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Vesturálman** (7:22)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
▶**20.20 Spaugstofan**
**20.50 Söngur lævirkjans**(The Song of the Lark) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001.
**22.40 Nafli alheimsins** (The Center of the World) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.05 Með sínu nefi** (The Emperor's Club) e.
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Matchstick Men 08.00 The Terminal 10.05 White Chicks 12.00 Dear Frankie** ▶**14.00 The Terminal 16.05 White Chicks 18.00 Dear Frankie 20.00 Matchstick Men**
**22.00 Mississippi Burning** Spennumynd tilnefnd til 8 Óskarsverðlauna árið 1989. Aðalhlutverk. Gene Hackman, Willem Dafoe. Stranglega bönnuð börnum.
**00.05 Den of Lions 02.00 Extreme Ops 04.00 Mississippi Burning**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch**
**07.10 Myrkfælnu draugarnir** (e)
**07.35 Barney**
**08.00 Gordon the Garden Gnome**
**08.10 Engie Benjy**
**08.20 Grallararnir**
**09.00 Justice League Unlimited**
**09.25 Kalli kanína og félagar**
**09.45 Tracey McBean**
**09.55 A.T.O.M.**
**10.20 Cloak and Dagger**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Bold and the Beautiful**
**14.30 X-Factor**
**15.50 X-Factor - úrslit símakosninga**
**16.25 The New Adventures of Old Chr**
**17.00 Sjálfstætt fólk**
**17.45 60 mínútur**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Lottó**
**19.10 Ísland í dag og veður**
▶**19.15 How I Met Your Mother**
Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum.
**19.35 Joey**
**19.55 Stelpurnar**
**20.20 Cheaper By The Dozen 2**
Sprenghlægileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með þeim Steve Martin og Eugene Levy í aðalhlutverkum.
**21.55 Everyday People**
Dramatísk mynd sem gerist á einum örlagaríkum degi í lífi nokkurra manneskna sem hafa miklar áhyggjur af því að vinnustað þeirra verður brátt lokað. Aðalhlutverk. Steve Axelrod, Bridget Barkan, Ron Butler. Leikstjóri. Jim McKay.
**23.30 Master and Commander. The Far Side of the World**
Ævintýraleg stórmynd sem sópaði til sín verðlaunum, m.a. tvennum Óskarsverðlaunum. Aðalhlutverk. Russell Crowe, Paul Bettany, James D´Arcy.
**01.45 What a Girl Wants**
**03.25 The Giraffe (Meschugge)**
**05.10 How I Met Your Mother**
**05.30 Joey**
**05.50 Fréttir**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.35 Trading Spouses** (e)
**17.20 KF Nörd**
Mikið hefur verið lagt á Nördana í undanförnum þáttum og þegar þannig ber undir þurfa menn að fá hvíld til þess að hlaða rafhlöðurnar. Hvíldin er Nördunum væntanlega kærkomin en til þess að hrista upp í félagsandanum í leiðinni var brugðið á það ráð að fara með þá til Vestmannaeyja.
**18.00 Britney and Kevin. Chaotic**
**18.30 Fréttir**
**19.10 Dr. Vegas** (e)
**20.00 American Inventor**
▶**21.30 American Dad**
Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.
**22.00 Gene Simmons. Family Jewels**
**23.30 Smith** (e)
Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og engin venjulegur þjófur. Flottir þættir um flotta glæpamenn. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch.
**00.20 Supernatural**
Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**01.10 Chappelle´s Show** (e)
**01.40 Tuesday Night Book Club - NÝTT** (e)
**02.30 Twenty Four - 2** (e)
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.20 Vörutorg**
**11.20 Rachael Ray** (e)
**12.50 Rachael Ray** (e)
**15.05 Top Gear** (e)
**16.00 Psych** (e)
**16.50 What I Like About You** (e)
**17.15 What I Like About You** (e)
**17.40 Fyrstu skrefin** (e)
**18.10 Survivor. Fiji** (e)
**19.10 Game tíví** (e)
**19.40 Everybody Hates Chris** (e)
**20.10 What I Like About You** (21.22)
**20.35 What I Like About You - Lokaþáttur**
Gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Þegar pabbi þeirra tekur starfstilboði frá Japan flytur unglingsstúlkan Holly inn til eldri systur sinnar, Valerie. Holly er mikill fjörkálfur sem á það til að koma sér í vandræði og setur því allt á annan endann í lífi hinnar ráðsettu eldri systur sinnar.
**21.00 High School Reunion** (3.6)
Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.
▶**21.50 Hack - NÝTT**
Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.
**22.35 Frítt í Bíó**
**00.05 Dexter** (e)
**00.55 The Silvia Night Show** (e)
**01.25 Fyndnasti Maður Íslands 2007** (e)
**02.25 Vörutorg**
**03.25 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

## SKJÁR SPORT

**14.00 Upphitun** (e)
**14.30 Þrumuskot** (e)
**15.30 Ítölsku mörkin** (e)
**16.30 Man. Utd - Bolton** (frá 17. mars)
**18.30 Sir Bobby Robson Golf Classic** (e) Upptaka frá golfmóti sem fram fór í Portúgal sl. sumar.
**20.30 Blackburn-West Ham**(frá17.mars)
**22.30 Fiorentina - Roma** (frá 18. mars)
**00.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

**Cheaper by the Dozen**



Sprenghlægileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með þeim Steve Martin og Eugene Levy í aðalhlutverkum. Tólf barna faðirinn Tom Baker á enn í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á barnafjöldanum. Nú er fjölskyldan í sumarfríi og lendir þar í heiftarlegri samkeppni við átta barna fjölskyldu sem veldur þeim miklum vandræðum.

### ▸ VIÐ MÆLUM MEÐ

**MATCHSTICK MEN**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20**

Glæpa-gamanmynd um Roy og félaga hans sem eru svikahrappar af verstu gerð. Þeir selja grandalausu fólki vörur fyrir okurverð og koma kaupunum iðulega í gegn með innistæðulausum loforðum. Roy hefur ágætt upp úr krafsinu en merkingarlaust líf hans er ekki eftirsóknarvert. Allt breytist samt þegar unglingsdóttir hans kemur skyndilega fram á sjónarsviðið. Aðalhlutverk leika Nicolas Cage, Sam Rockwell og Alison Lohman.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Hlustir
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Íslensk þjóðmenning - Uppruni Íslendinga
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**08.50 PGA Tour 2007 - Highlights**
**09.45 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**10.10 Pro bull riding**
**11.05 World Supercross GP 2006-2007**
**12.00 NBA deildin** (San Antonio-Detroit)
**14.00 Þegar Lineker hitti Maradona** (e) Glæný heimildamynd um knattspyrnugoðið Diego Armando Maradona sem hefur lifað ansi skrautlegu lífi.
**14.50 Steven Gerrard. Sagan til þessa** Þáttur um enska knattspyrnumanninn Steven Gerrard sem gerður var í aðdraganda HM í Þýskalandi.
**15.50 Vináttulandsleikur** (Írland - Wales) Bein útsending
**17.50 Coca Cola mörkin**
**18.20 vináttulandsleikur** (Ísrael - England) Bein útsending
**20.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.50 EM 2008** (Spánn - Danmörk) Bein útsending frá stórleik Spánverja og Dana í undankeppni EM í knattspyrnu en þessar þjóðir leika einmitt með okkur Íslendingum í riðli.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.30** Gurli Gris **6.35** Noddy **6.50** Disney Sjov **7.50** Frikvarter **8.15** Kære Sebastian **8.45** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **9.05** Troldspejlet **9.35** Lovens vogtere **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Ungdomsprogram **10.30** Viften **11.00** TV Avisen **11.10** Poul Martinsen kavalkade **12.05** Forestillinger **13.05** Dejans rejse - i krigens spor **13.40** Boogie Listen **14.40** Dig og mig **15.10** Hiv stikket ud med Master Fatman **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea **17.00** Når elefanten hikker **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.30** Danni **19.00** Håndbold Champ. League Krim - Slagelse **20.45** En mand, en kvinde, et barn **22.20** Danselærerens genkomst **23.45** Den 11. time **0.15** Boogie Listen

### NRK 1

**6.30** Pysjpopbaluba **6.31** Fiffi og blomsterbarna **6.40** Bosse **6.50** Harry med bøtta full av dinosaurer **7.00** Mikkes klubbhus **7.45** Jubalong **8.30** Kårni og Børni **9.00** NRKs sportslørdag **9.05** V-cup hopp **10.00** Sport i dag **10.30** V-cup hopp **11.15** V-cup langrenn **12.20** V-cup langrenn **14.00** V-cup hopp **15.30** V-cup langrenn **16.30** Sport i dag **17.00** Jubalong **17.30** Familien **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Hvilket liv! **19.25** Topp 10 **20.30** Med hjartet på rette staden **21.15** Løvebakken **21.40** Veterinær på safari **22.10** Kveldsnytt **22.30** Oppvåkningen

### SVT 1

**7.00** Bolibompa hälsar på **7.01** Meckar-Micke **7.15** Dagens visa **7.20** Zoé Kézako **7.35** I Mumindalen **8.00** Karamelli **8.30** Sagoträdet **8.45** Klister **9.00** Rea **9.25** Amigo **9.50** Mitt i naturen **10.20** Plus **14.00** Ordförande Persson **15.00** Ordförande Persson **16.00** Så ska det låta **17.00** Disneydags **18.00** Skokartongens hemlighet **18.25** Radiohjälpen: Världens barn **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Stina! **20.00** Brottskod: Försvunnen **20.45** The Robinsons **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Berlin Alexanderplatz **3.00** Sändningar från SVT24


100% FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet **Lacetti** Station
á aðeins **26.980,-** á mán.*

100% fjármögnun ✓
Engin útborgun ✓
Í erlendri mynt, vextir 4,27% ✓
3 ára ábyrgð ✓




Aukabúnaður á mynd: Álfelgur

Chevrolet **Lacetti**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.899.000,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)

**Engin útborgun…**
…og þú ert kominn á **nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

**Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **26.980 kr.** á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum. **Vertu því klár,** komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

## PERSÓNAN



*Pálmi Gestsson*

**Aldur:** 49.
**Starf:** Leikari.
**Fjölskylda:** Kvæntur Sigurlaugu Halldórsdóttur, eiga fimm börn í allt.
**Foreldrar:** Gestur Pálmason, byggingameistari í Bolungarvík, og Sigurborg Sigurgeirsdóttir húsmóðir.
**Búseta:** Hverafold í Grafarvogi.
**Stjörnumerki:** Vog.

Pálmi Gestsson og félagar hans í Spaugstofunni sýna þrjúhundruðasta þátt sinn í kvöld.

# Verslingar ósáttir við Davíð Þór

„Að ég hafi gert mistök skal ég ekki viðurkenna en hins vegar má færa rök fyrir því að spurningin sjálf hafi ekki verið óaðfinnanleg,“ segir Davíð Þór Jónsson, dómari og höfundur spurninga í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Umdeilt atvik átti sér stað á fimmtudagskvöldið þegar menntaskólastórveldin og erkifjendurnir Verslunarskóli Íslands og MR áttust við í Loftkastalanum.

Vísbendingaspurning um þýskan kastala var borin upp á ögurstundu, staðan var 22-21 MR í vil og þrjú stig í boði. Leikinn var Brandenburgarkonsertinn eftir Bach og Versló réðst á bjölluna og svaraði: „Branden.“ Davíð gaf ekki rétt fyrir svarið og MR gekk á lagið, nýtti sér rangt svar Verslunarskólans og gaf upp rétt svar; Brandenburg. Náði öruggri forystu sem skólinn hélt til loka leiks.

„Það var ekki hægt að sjá svar Versló fyrir en svarið stendur: Brandenburg, Brandenburgarvirki eða Brandenburgarkastali,“ segir Davíð sem gerði sér vissulega grein fyrir því að þetta væri blóðugt. „En ef ég yrði spurður hvað Skt. Pétursborg hét á árum kommúnista myndi ég ekki svara Lenín þrátt fyrir að grad þýði borg,“ segir Davíð.

Pétur Magnús Birgisson, formaður Málfundafélagsins í Verslunarskólanum, segir nemendur skólans vera ósátta með þessa niðurstöðu og þykir á sig hallað. „Við höfum tekið þetta bæði við sögu- og þýskukennara sem eru sammála um að gefa hefði átt rétt fyrir „Branden“,“ segir Pétur. „Við hefðum getað komist þarna yfir en misstum þrjú stig og neyddumst til að taka áhættu sem er aldrei gott í svona mikilli spennu,“ bætir hann við. „Maður er aldrei sáttur með ósigur og nemendur skólans hafa mikið verið að ræða þetta á göngunum hérna.“



**DAVÍÐ ÞÓR** Segir að Branden sé ekki rétt svar en viðurkennir að þetta sé vissulega blóðugt fyrir Versló.



**PÉTUR MAGNÚS** Gerir athugasemdir við úrskurð Davíðs og telur að Branden hafi verið rétt svar hjá sínu liði.



**LÁRÉTT**
**2** óskiptu **6** samtök **8** sægur **9** knæpa **11** skóli **12** kál **14** gægja **16** tímaeining **17** frostskemmd **18** rými **20** á fæti **21** málmur.
**LÓÐRÉTT**
**1** strit **3** 950 **4** loftauga **5** sarg **7** mergð **10** fiskur **13** umfram **15** feikn **16** tímabils **19** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** öllu, **6** aa, **8** mor, **9** krá, **11** fg, **12** salat, **14** glugg, **16** ár, **17** kal, **18** rúm, **20** tá, **21** sink.
**LÓÐRÉTT: 1** baks, **3** lm, **4** loftgat, **5** urg, **7** aragrúi, **10** áll, **13** auk, **15** glás, **16** árs, **19** mn.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. 183 milljónir króna
2. Gummersbach
3. Guðbrandur Sigurðsson

## ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON: VINSÆLDIR SAILESH HALDA ÁFRAM

# Íslensk fullnæging fer víða

Breska sjónvarpsframleiðslufyrirtækið Oktober hefur falast eftir upptökum af dáleiðslumeistaranum Sailesh í essinu sínu. Ætlunin er að gera heimildarmynd um vinsælustu atriðin á netinu undanfarin fimmtán ár en atriðið sem um ræðir er með íslenskri stúlku sem fær fullnægingu á Broadway eftir að hafa verið dáleidd af Sailesh.

Upptakan hefur farið sem eldur í sinu um netið og er eitt mest niðurhalaða myndbrotið á vefsíðunni vinsælu YouTube.com. Þá er fullnægða stúlkan í efsta sæti yfir netklippur hjá vefsíðu karlatímaritsins FHM og skýtur þar meðal annars fáklæddri glanspíunni Paris Hilton og fimmtíu bestu mörkunum í knattspyrnu ref fyrir rass.

Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Bravo, segir að að hann sé nú þegar búinn að setja sig í samband við Oktober en fyrirtækið hans, Event.is, flutti Sailesh inn á sínum tíma. „Við viljum líka forvitnast hvort hægt sé að gera meira úr þessu,“ bætir hann við.

Ísleifur segir að þetta komi honum kannski ekki ýkja mikið á óvart því fyrir um ári síðan hafi vefsíða Event farið á hlið eftir að myndbandið komst á netið. „Við fengum yfir hundrað þúsund heimsóknir og tölvupósta frá fólki hvaðanæva að úr heiminum sem vildu fá hann til sín,“ segir Ísleifur en Bravo hefur nú tekið að sér umboðsmennsku fyrir dávaldinn um allan heim. Og hyggst fara með hann út um allan heim. „Netið er náttúrlega svo magnað fyrirbæri að það sem maður hélt að væri búið að lognast út af kemur bara aftur og aftur upp,“ útskýrir Ísleifur.

Ísleifur vildi hins vegar ekki gefa upp nafn stúlkunnar sem sést á myndinni og vildi ekki afhenda Fréttablaðinu ljósmynd í prentgæðum. „Við erum ekki að afhenda íslenskum fjölmiðlum ljósmyndir af þessum sýningum og ef fólk vill sjá þetta í góðum gæðum verður það bara að kaupa diskinn,“ segir Ísleifur.

*freyrgigja@frettabladid.is*




**ÍSLENSK FULLNÆGING** Myndbrotið er það vinsælasta að mati karlatímaritsins FHM og nú ætlar breskt sjónvarpsframleiðslufyrirtæki að nýta sér það.



**ÍSLEIFUR** Hefur sett sig í samband við Oktober en Bravo hefur tekið að sér umboðsmennsku fyrir Sailesh á heimsvísu.



**SAILESH** Sívinsæll á Íslandi og víða um heim.

# Tilnefndur til danskra gullkorna

„Ég er hógvær maður en auðvitað vonast maður alltaf til að vinna,“ segir auglýsingaleikstjórinn Þórhallur Sævarsson en hann er tilnefndur til dönsku auglýsingaverðlaunanna Guldkorn fyrir Peugeot-auglýsinguna „Cube“. Þórhallur, sem er á mála hjá íslenska kvikmyndafyrirtækinu Pegasus, var staddur í New York þegar Fréttablaðið náði tali af honum og var að búa sig undir brottför til Kaupmannahafnar þar sem verðlaunaafhendingin fer fram. „Þetta er að verða að stærri og stærri viðburði þar sem allir helstu forkólfar úr auglýsingabransanum mæta ásamt kúnnunum,“ segir Þórhallur og viðurkennir að þetta sé ágætis innspýting fyrir feril hans. Danir hafa löngum verið þekktir fyrir mikla hugmyndaauðgi í auglýsingum og er því um töluverðan heiður að ræða fyrir íslenska leikstjórann sem alla jafna gengur undir nafninu Thor enda ganga Dönum ákaflega illa að bera íslenska nafnið fram.

Auglýsing Þórhalls hefur vakið mikla athygli og var meðal annars tilnefnd sem besta bílaauglýsingin á alþjóðlegri auglýsingahátíð. Það vekur óneitanlega athygli að sér-auglýsing hafi verið gerð fyrir Norðurlönd en Þórhallur segir einfalda skýringu á því. „Þeim í Skandinavíu fannst frönsku auglýsingarnar ekki ná til sinna viðskiptavina nægilega vel þannig að þeir ákváðu bara að gera sína eigin,“ útskýrir Þórhallur sem hefur verið á þönum á nýliðnu ári. „Það hefur verið mikið að gera hjá mér í upphafi árs og ég er rétt núna að taka mér smá frí,“ segir Þórhallur en næsta auglýsing sem hann leikstýrir verður fyrir farsímafyrirtækið T-Mobile.

- fgg



**ÞÓRHALLUR** Bjóst ekkert sérstaklega við því að vinna til verðlauna en vonaði það besta.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og fram hefur komið heldur **Einar Bárðarson,** umboðsmaður Íslands, upp á afmæli sitt í kvöld með miklum látum. Stjörnuger mætir til að heiðra afmælisbarnið og ljóst að flestir ef ekki allir munu vilja hafa Einar, þennan umsvifamikla mann í skemmtanalífinu, góðan. Því allir þeir sem fram koma gera það ókeypis.

Og það gerir einnig veislustjórinn, einhver vinsælasti og dýrasti veislustjóri landsins, nefnilega **Logi Bergmann Eiðsson.** Einar er svo sjálfum sér líkur, hefur afþakkað allar afmælisgjafir og bendir á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna ef menn vilja láta eitthvað af hendi rakna en því félagi hefur Einar reynst haukur mikill í horni og staðið fyrir margvíslegum styrktartónleikum til stuðnings starfinu.



**Sigríður Dögg Auðunsdóttir** og Krónikufólk klórar sér nú í kollinum. Tímaritið Krónikan hefur frá upphafi boðið upp á vandaðar fréttaúttektir en kannski á málum sem eru hæfilega sexí: Um sjónræningjaveiðar og hvernig japanska jenið hefur áhrif á það hvað fólk þarf að borga af húsnæðislánum sínum. Nú liggja fyrir sölutölur síðasta tölublaðs en þar er fjallað um vændishús á Íslandi og sjá! Sú Króníka er sú söluhæsta frá upphafi.



Frétt Fréttablaðsins um hina ágætu launahækkun **Páls Magnússonar** útvarpsstjóra, sem fór úr því að vera í kringum 700 þúsund upp í að vera vel yfir milljónina, lagðist misvel í mannskapinn við Efstaleiti. Í fyrstunni var fréttin ljósrituð og límd á veggi víðs vegar um útvarpshúsið. En svo áttuðu menn sig á fordæminu sem í þessu felst. Og bíða menn þess nú með óþreyju að 1. apríl, þegar hlutafélagavæðing RÚV tekur formlega gildi, renni upp og gera fastlega ráð fyrir kaupahækkun sem nemur á bilinu 80 til 100 prósent. Eins og Páll. - jbg



vísir
www.visir.is

10% vaxtaauki!



spron
www.spron.is


Mætir Borat í Smáralindina í dag?
DVD viðburður ársins!
BORAT
2.299
Come to Kazakhstan
Allir sem mæta í sundbol svipuðum og Borat var í í myndinni í BT Smáralind í dag milli kl. 11 og 12 fá DVD diskinn frítt ásamt plakati og tónlistinni úr myndinni!*
BT
*ATH: Á meðan birgðir endast.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR**

## *Straumsvík*

Nú skilst mér að fjölskylduboðin suður í Hafnarfirði logi í rökræðum á milli stuðningsmanna stækkunar í Straumsvík og þeirra sem eru alfarið á móti. Sjálfur er ég á móti þessari stækkun af alls kyns ástæðum og þar sem ég er jafnframt í framboði í kjördæminu hef ég fengið minn skerf af heitum umræðum í heimahúsum, sem sjálfsagt eiga eftir að færast í vöxt á næstu dögum, því eftir viku verður kosið.

**SAMA** hvað mönnum kann að finnast um stækkunina – en mér sýnist að bæjarfélagið skiptist í tvær nokkurn veginn jafnstórar fylkingar í afstöðu sinni með tilheyrandi áhrifum á fjölskylduboð – þá markar þetta hitamál í Hafnarfirði stórkostleg tímamót sem mér finnast ansi hreint merkileg og full ástæða er til að halda á lofti: Hér er verið að hrinda hugsjóninni um beint íbúalýðræði í framkvæmd. Hvorki meira né minna.

**MARGIR** tala um svoleiðis lýðræði á hátíðarstundum, en hér er semsagt hugsjónin orðin að veruleika. Hafnarfjörður er eina sveitarfélagið á Íslandi sem hefur það inni í samþykktum sínum að íbúar skuli ganga til atkvæðagreiðslu um öll stærri mál sem varða bæjarfélagið. Núna kom slíkt mál inn á borð bæjarstjórnar. Það varðar tillögu að nýju deiliskipulagi, sem felur í sér stækkað álver í Straumsvík. Það er risastórt mál. Í samræmi við samþykktina er því farið með málið í atkvæðagreiðslu.

**VIÐ** Íslendingar eigum að gera meira af þessu. Í þessu tiltekna máli – stækkun álversins – hafa alls kyns ákvarðanir verið teknar af landsstjórninni, á ýmsum stjórnsýslustigum, um leyfi og samninga sem allar eru liðir í því að heimila stækkun. Það er hins vegar ekki fyrr en málið kemur til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að fólkið fær rödd. Þá er það loksins spurt álits. Ekki man ég eftir því til samanburðar að allar hinar ákvarðanirnar hafi fengið mikla umræðu, þó svo að mikilvægi þeirra hafi ekki verið síðra.

**LÝÐRÆÐI** er auðvitað vandmeðfarið. Stundum vilja ýmis grundvallaratriði skolast til í umræðunni, sérstaklega þegar hiti er kominn í hana. Til dæmis halda sumir að atkvæðagreiðsla af þessu tagi sé komin til vegna þess að yfirvaldið viti ekki sjálft hvað það eigi að gera. Það er mikill og stór misskilningur. Yfirvaldið spyr íbúana út af ákveðinni lýðræðishugsjón, en ekki vegna þess að það viti ekki sjálft hvað það vill. Yfirvaldið segir: „Í svona málum viljum við að valdið sé hjá fólkinu.“ Þessi fagra hugsjón var orðuð ágætlega hér í eina tíð á ensku: Power to the people.

**Í HAFNARFIRÐI** er kosið um skipulagstillögu. Ef íbúar segja nei, verður – blessunarlega að mínu mati – engin stækkun. Ef þeir segja já, er stór áfangi tekinn í átt að stækkun. Aðrar ákvarðanir á þá eftir að taka, eins og um virkjun í Þjórsá og fleira. Ef til þess kemur vona ég að þær fái jafnlýðræðislega meðferð og þessi í Hafnarfirði, því málsmeðferðin þar er bæði söguleg og til fyrirmyndar.


